Myndu setja Ólaf Ragnar í jóga

STEINN ÁRMANN OG SOLLA Á GRÆNUM KOSTI SETJAST Á RÖKSTÓLA








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. janúar 2008 — 4. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## LAUGARDAGUR

### Dæmir hunda-idol



Unnur Birna Vilhjálmsdóttir er einn dómara í hundahæfileikakeppni sem fram fer í dag.

FÓLK 50

### Hlegið án ástæðu á nýju ári

Fyrsti hláturjógatími ársins.

TÍMAMÓT 26

### Tap gegn Pólverjum



Íslenska handboltalandsliðið tapaði fyrsta leik æfingamótsins í Danmörku í gær.

ÍÞRÓTTIR 46

### hús&heimili



Íslenskur viður er vel nothæfur í húsgagnasmíði að sögn Gulleiks Lövskar húsgagnahönnuðar.

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG

### VEÐRIÐ Í DAG




**ÞURRT SUÐVESTAN TIL** Í dag verður yfirleitt norðaustlæg átt, 5-15 m/s hvassast með ströndum nyrðra og eystra og á Vestfjörðum. Rigning eða slydda en þurrt og skýjað með köflum suðvestan til. Hiti 0-7 stig, mildast við suðausturströndina.

VEÐUR 4

# Fótbrutu mann á salerni Apóteksins

**Sömu menn og börðu landsliðsmanninn Hannes Þ. Sigurðsson illa á Hverfisbarnum skömmu fyrir jól fótbrutu mann inni á salerni á Apótekinu viku seinna. Þekktur ofbeldismaður er grunaður um að hafa haft sig mest í frammi.**

**LÖGREGLUMÁL** Sömu menn og réðust á Hannes Þ. Sigurðsson, landsliðsmann í knattspyrnu, aðfaranótt 22. desember á efri hæð Hverfisbarsins fótbrutu mann inni á salerni veitingahússins Apóteksins aðfaranótt 30. desember.

Fórnarlamb árásarinnar, sem er karlmaður á 29. aldursári, var í tvo daga á sjúkrahúsi eftir árásina en hann þurfti að gangast undir skurðaðgerð vegna alvarlegra áverka á ökkla. Liðbönd slitnuðu auk þess sem hann margbrotnaði. Hann hlaut einnig áverka í andliti og á líkama.

Báðar árásirnar hafa verið kærðar til lögreglu og hefur hún nú málin til rannsóknar. Árásin á Hannes náðist á eftirlitsmyndavél.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er Davíð Smári Helenarson, sem hefur ítrekað komið við sögu lögreglu vegna ofbeldisbrota, grunaður um að hafa haft sig mest í frammi í báðum árásunum. Hann hefur verið kærður til lögreglu fyrir báðar árásirnar.

Hinn 30. ágúst í fyrra kom hann fram í sjónvarpsviðtölum bæði í Kastljósþætti RÚV og Íslandi í dag á Stöð 2, eftir árás hans á dómara í leik Dynamo Gym 80 og Vatnaliljanna í utandeildinni í knattspyrnu. Í viðtali við Helga Seljan, fréttamann RÚV, sagði hann meðal annars: „Ég verð greinilega að gera eitthvað í mínum málum, það er alveg augljóst […] Þetta er bara endapunktur.“ Áður hafði hann tekið fram sérstaklega að hann vildi biðja dómarann „afsökunar, alveg bara endalaust“. Dómarinn, Valur Steingrímsson, rifbeinsbrotnaði.

Lögreglan staðfestir að skýrslutökur hafi farið fram vegna árásanna beggja en verst frekari frétta. Málin eru litin alvarlegum augum enda um tilefnislausar árásir að ræða.

Árásin á Apótekinu átti sér stað um fjögurleytið að nóttu. Fórnarlambinu var haldið inni á salerninu og ýtt ítrekað inn aftur, að því er vitni hafa greint frá, þegar það reyndi að fara út. Gestur á staðnum kom manninum til hjálpar og kallaði til dyravörð.

- mh / sjá síðu 4



**VEL BÚNIR INNI SEM ÚTI** Vegfarendur um Austurstræti geta oft verið vitni að asa og afslöppun í sömu andránni líkt og þessi mynd ber með sér. Þó betur viðraði í gær en undanfarna daga voru afslappaðir sem og hraðskreiðir vegfarendur vel búnir enda tekur því varla að venja sig af höfuðfatnaði, hönskum og þykkri yfirhöfn því kuldaboli er í kortum Veðurstofu Íslands og er gert ráð fyrir að hann bíti með 7 stiga frosti næstkomandi miðvikudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Langtímaskuldir bankanna:

## 600 milljarðar gjaldfalla í ár

**VIÐSKIPTI** „Bankinn þarf að fjármagna sig jöfnum höndum á alþjóðlegum skuldabréfamarkaði og með áframhaldandi aukningu innlána,“ segir Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans. Bankamenn segjast almennt geta komist af í heilt ár eða lengur án þess að sækja sér fé annað. Alls þurfa þeir að inna af hendi sem nemur um 600 milljörðum króna, vegna langtímaskuldbindinga sem gjaldfalla á árinu.

- ikh / sjá síðu 12

Sérsveitin kölluð út:

## Dró upp hníf á Bubbatónleikum

**LÖGREGLUMÁL Þar var handtekið í gærkvöldi eftir að maðurinn ógnaði starfsmönnum í Laugardalshöll með hnífi og keyrði síðar utan í tvo bíla. Lögreglan naut aðstoðar sérsveitar ríkislögreglustjóra við handtökuna, sem var við Meðalholt.**

**Manninum var gert að yfirgefa tónleika Bubba Morthens þar sem hann var í annarlegu ástandi. Hann trylltist og sparkaði í rúðu svo hann skarst á fæti, ógnaði þá starfsmönnum og yfirgaf tónleikana á bíl með lagskonu sinni. Maðurinn var færður á slysavarðstofu til aðhlynningar. Málið er í rannsókn**

- shá

Götuhópur fíkniefnalögreglu:

## Tók 77 e-töflur og söluágóða

**LÖGREGLUMÁL** Götuhópur fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu tók í gær 77 e-töflur, tíu grömm af kókaíni og fjármuni sem grunur leikur á að séu ágóði af fíkniefnasölu.

Það var um miðjan dag í gær að götuhópurinn fór í húsleit í austurborginni, að fengnum úrskurði. Einn karlmaður var handtekinn á staðnum og færður til yfirheyrslu hjá lögreglunni.

- jss / sjá síðu 8

Fjölveiðiskipið Þorsteinn ÞH-360 fann loðnu fyrir norðan land í gær:

# Loðna fundin við Kolbeinsey

**SJÁVARÚTVEGUR** „Þetta er ágætis síli en ekki stærsta gerð, eins og er yfirleitt í byrjun,“ segir Finnbogi Böðvarsson, skipstjóri á Þorsteini ÞH-360, sem fann fyrstu loðnu vetrarins fimmtíu mílum norður af Hraunhafnartanga í gærdag. Skítabræla er á miðunum og of snemmt að meta hversu mikið af loðnu er á ferðinni. Það er þó góðs viti að sögn Finnboga að Börkur NK-122 var nýkominn á svæðið og búinn að kasta á loðnutorfu þrjátíu mílum austar.

Finnbogi segist hafa dregið flottrollið í stuttan tíma og fengið um hundrað tonn. „Það var ágætt enda ekki gott að fá meira en það í þessu leiðinda veðri.“ Hann segir að veðurspáin lofi góðu fyrir helgina. „En þessi slatti sem við fengum dugir í vinnsluna í bili.“

Tvö önnur loðnuskip, Aðalsteinn Jónsson SU 11 og Ingunn AK-150, eru væntanleg á miðin. Hafrannsóknaskipið Árni Friðriksson leggur af stað til mælinga og leitar eftir helgi. Fyrir réttu ári lögðu bæði skip Hafrannsóknastofnunar úr höfn í það sem var kallað „örvæntingarfulla leit“ að loðnunni.



**LOÐNA** Fyrsta loðna vetrarins er fundin.

Sjávarútvegsráðuneytið gaf út bráðabirgðaloðnukvóta í október upp á 205 þúsund tonn og þar af koma rúmlega 120 þúsund tonn í hlut íslenskra loðnuskipa. Heildarveiði íslenskra skipa var 308 þúsund tonn árið 2007.

- shá







## SPURNING DAGSINS



*Hildur, á ekki að einhenda sér í að breyta þessu?*

„Jú, það er einsýnt."

Hildur Ingadóttir, formaður Félags íslenskra snyrtifræðinga, segir rætt um að félagsmenn ættu frekar að tilheyra heilbrigðisgeiranum en Samtökum iðnaðarins. Einhent kona berst nú við Tryggingastofnun ríkisins um að fá greiddar bætur vegna handsnyrtingar. Stofnunin hefur ekki samning við handsnyrta og getur því ekki endurgreitt kostnaðinn.

Piltarnir tveir sem handteknir voru fyrir veggjakrot á Laugavegi:

# Hafa játað sök og kærur berast

**LÖGREGLUMÁL** Piltarnir tveir sem handteknir voru fyrir veggjakrot á Laugaveginum í vikunni hafa játað á sig sök. Að sögn Óskars Þórs Sigurðssonar, lögreglufulltrúa rannsóknardeildar lögreglunnar, hafa nokkrar kærur borist frá þeim húseigendum sem urðu fyrir tjóni.

Hann segir ennfremur að í gær hafi verið borin út bréf til húseigenda til að gera þeim grein fyrir rétti sínum. „Ég á von á því að það berist inn fleiri kærur, þeir hafa um tíu til fjórtán daga til að leggja þær fram," segir Óskar Þór. Hann segir að húsin sem málað var á hafi verið milli sjötíu og áttatíu.

Tilkynnt var um þrjá pilta um nóttina þegar drengirnir voru handteknir en lögreglan fann aðeins tvo. Piltarnir hafa ekki viljað segja til þess þriðja en Óskar Þór útilokar ekki að hann komi í leitirnar.

Dómur fyrir að valda tjóni á eigum annarra getur verið allt að sex ára fangelsi en Óskar Þór telur það þó ekki eiga við í máli piltanna.

MLC fangamerkið, sem sést hefur víða á Laugaveginum, er að sögn Óskars Þórs merki annars piltanna. Algengt er að hópar komi sér upp merki og keppist svo um að koma því sem víðast.



**VEGGJAKROT** Hér er Torfi Yngvason verslunareigandi við eitt fangamerkið sem annar piltanna sem handteknir voru í vikunni hafa játað að eiga sök á. Torfi sagði að húseigandi myndi leggja fram kæru. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Skipti gera tilboð í Slóveníu:

## Bjóða í slóvenska landsímann

**VIÐSKIPTI** Skipti, móðurfélag Landsímans, er í hópi þriggja sem fá að gera tilboð í tæplega helmingshlut í slóvenska fjarskiptafélaginu Telekom Slovenije. Alls verða þrír fjórðu hlutafjár seldir, en slóvenska ríkið heldur fjórðungshlut.

Fyrirtækin þrjú eiga að skila slóvensku einkavæðingarnefndinni nýjum tilboðum fyrir 15. þessa mánaðar og verður þá tilkynnt hver fær að kaupa. Til stóð að Skipti færu á hlutabréfamarkað hér á landi fyrir áramótin en því var frestað vegna tilboðsins í slóvenska símann. - ikh

Hugsanlegar forsetakosningar:

## Kosta ríkissjóð 171,3 milljónir

**STJÓRNSÝSLA Komi til forsetakosninga í sumar er áætlað að þær kosti ríkissjóð 171,3 milljónir króna. Sú fjárhæð er veitt til kosninga í fjárlögum.**

**Kostnaður ríkissjóðs vegna forsetakosninganna 2004 nam 37 milljónum króna á núvirði. Síðan þá hefur sú breyting orðið að allur kostnaður við forsetakosningar fellur á ríkissjóð en áður greiddu sveitarfélög fyrir störf kjörstjórna auk þess að leggja til húsnæði undir kjörfundi.**

**Komi til kosninga fara þær, lögum samkvæmt, fram laugardaginn 28. júní. Framboðsfrestur rennur út fimm vikum fyrr.** - bþs

Höfuðborgarlögreglan:

## Lýst eftir stúlku

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsti í gærkvöld eftir Ástríði Rán Erlendsdóttur. Hún er 15 ára, með liðað rautt hár. Hún er um 160 sentímetrar á hæð og líklegast klædd svartri dúnúlpu.



ÁSTRÍÐUR RÁN ERLENDSDÓTTIR

Ástríður fór af heimili sínu í Hafnarfirði um klukkan tíu að kvöldi 2. janúar.

Þeir sem hafa einhverjar upplýsingar um ferðir hennar eða íverustað eru beðnir um að hafa samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í síma 444 1000. - jse

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Bjargað úr Reykjavíkurhöfn

Lögregla bjargaði tvítugri stúlku úr Reykjavíkurhöfn snemma í gærmorgun. Hún var flutt á slysadeild enda orðin mjög köld eftir um tíu mínútna veru í sjónum. Henni varð ekki meint af volkinu.

# Takmarkað hægt að velja inn á elliheimili

**Forstjóri Landspítalans segir fækkun hjúkrunarrýma á Grund kvíðvænlega. Ljóst sé að frekari teppa geti myndast verði ekki þrýst á önnur hjúkrunarheimili að taka við fleiri öldruðum af spítalanum. Ný reglugerð gæti bætt stöðuna.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Ég vonast til þess að breytingarnar geri kerfið skilvirkara," segir Magnús Pétursson, forstjóri Landspítalans, um breytingar á lögum um málefni aldraða sem tóku gildi um áramótin.

Heilbrigðisráðherra hefur sett reglugerð í samræmi við lagabreytinguna sem felur í sér að gerð vistunarmats vegna hjúkrunarrýma flyst frá þjónustuhópum aldraða til sérstakra vistunarmatsnefnda sem gegna því hlutverki eingöngu að meta þörf fólks fyrir vistun í hjúkrunarrými, óháð aldri. Stjórnir stofnana munu sem fyrr ákveða inntöku fólks í hjúkrunarrými en hafa til þess þrengri skorður en áður. Meðal annars verður vistunarmatshópum fækkað úr 40 í sex til sjö. Ítarlegri heilsufarsupplýsinga við matið verður krafist en áður hefur tíðkast og ábyrgð á því flyst frá heilbrigðisráðuneytinu yfir til Landlæknisembættisins. Þá munu vistunarmatsnefndir forgangsraða af biðlista stofnunarinnar og veita stjórnendum þar upplýsingar um þá þrjá einstaklinga sem mesta þörf hafa fyrir hjúkrunarrými hverju sinni. Stjórninni ber að taka til vistunar einhvern úr þessum þriggja manna hópi.



MAGNÚS PÉTURSSON



MATTHÍAS HALLDÓRSSON

Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir segist vonast til þess að breytt fyrirkomulag leiði til faglegri vinnubragða og komi í veg fyrir að stofnanir velji þá inn sem þykja þægilegastir eins og stundum hafi gerst. Á Íslandi séu fleiri stofnanarými fyrir aldraða en í nágrannalöndunum, hins vegar verði að sjá til þess að þeir sem þurfi á plássum að halda fái þau.

Fréttablaðið greindi frá því um miðjan síðasta mánuð að þær breytingar og endurbætur sem hefjast á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund í mars verða til þess að rýmum þar fækkar úr 220 í 120. Magnús hefur sagt að þótt breytingarnar séu af hinu góða fyrir íbúa, og forsvarsmenn Grundar hafi sýnt tillitssemi, blasi alvarleg staða við Landspítalanum. Ástæðan sé sú að um helmingur þeirra sem flust hafa inn á Grund á síðustu árum hafa komið frá Landspítalanum og er það mun hærra hlutfall en tíðkast á öðrum hjúkrunarheimilum. Verði ekki brugðist við stöðunni með einhverju móti innan skamms sé ljóst að enn meiri teppur munu myndast á deildum spítalans en fyrir eru.

Magnús hefur haft samband við heilbrigðisráðherra og beðið um að þrýst verði á önnur hjúkrunarheimili um að taka við fleira fólki sem útskrifast af Landspítalanum en vonast til að ný reglugerð bæti stöðuna.

karen@frettabladid.is



**NÝ REGLUGERÐ GÆTI BÆTT STÖÐUNA** Forstjóri Landspítalans vonast til þess að ný reglugerð heilbrigðisstofnana sem setur hjúkrunarheimilum þrengri skorður til að ákveða hverjir fái vist á hjúkrunarheimilum bæti stöðuna sem nú blasir við spítalanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**KAUPHÖLL ÍSLANDS** Úrvalsvísitalan lækkaði um tæp sex prósent á tveimur fyrstu viðskiptadögum hins nýja árs. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Versta ársbyrjun frá upphafi

**VIÐSKIPTI Úrvalsvísitalan lækkaði um 5,9 prósent fyrstu tvo viðskiptadaga ársins og er það versta byrjun íslenskrar hlutabréfavísitölu frá upphafi, að því er fram kemur í Vegvísi Landsbankans.**

**Bréf í Exista og Spron lækkuðu allra mest í gær, um rúmlega sex prósent. Atlantic Petroleum og Icelandic Group lækkuðu um 5,5 prósent og FL Group um rúmlega 4,7 prósent.**

**Bréf í Marel hækkuðu um hálft prósent, og var félagið hið eina sem hækkaði.** - jsk

Breskir lögreglumenn:

## Mættir á vettvang í Pakistan

**PAKISTAN, AP** Breskir réttarrannsóknarmenn á vegum lögregludeildarinnar Scotland Yard komu í gær til Pakistan að beiðni þarlendra stjórnvalda til þess að rannsaka morðið á Benazir Bhutto, leiðtoga stjórnarandstöðunnar.

Meðal landsmanna í Pakistan virðist lítil trú á því að bresku lögreglumennirnir geti leyst málið, þar sem sönnunargögn hafi verið eyðilögð og stjórnvöld vilji ekki að sannleikurinn komi fram.

Eftir morðið á Bhutto hinn 27. desember var þingkosningum, sem halda átti 8. janúar, frestað til 18. febrúar. - gb




Stjórnarandstaðan í Kenía vill að forsetakosningar fari fram aftur:

# Tutu biskup segist vongóður

**KENÍA, AP** Stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn í Kenía krefst þess að efnt verði til nýrra forsetakosninga til að taka af öll tvímæli um úrslit þeirra. Talsmaður stjórnarinnar sagði það koma til greina, ef dómstóll skipaði svo fyrir, en taldi reyndar ólíklegt að stjórnarskráin leyfði það.

Leiðtogi stjórnarandstöðunnar, Raila Odinga, sakar Mwai Kibaki forseta um að hafa falsað niðurstöður úr forsetakosningunum í síðustu viku til að tryggja sér völd áfram.

Desmond Tutu, erkibiskup í Suður-Afríku, er staddur í Kenía og hefur nú hitt bæði Kibaki forseta og Odinga að máli. Hann sagði hvorugan þeirra útiloka viðræður og þess vegna væri von um betri tíð.

Lögreglan í höfuðborginni Nairóbí beitti í gær, annan daginn í röð, táragasi og vatnsþrýstibyssum til að koma í veg fyrir útifund stuðningsmanna Odingas, sem fyrst átti að halda á fimmtudag en var þá frestað.

Hundruð manna, hugsanlega þúsundir, hafa látist í átökum síðustu daga og hátt í annað hundrað þúsund hafa hrakist að heiman vegna átakanna. Jafnt stuðningsmenn Odingas sem stuðningsmenn forsetans hafa farið með ofbeldi um fátækrahverfi höfuðborgarinnar, kveikt í húsum og drepið fólk. Átökin hafa snúist upp í átök milli ættflokka og eru þau einnig hörð víða um landið. - gb



**Í LÍKHÚSINU** Harka átakanna sést á því að líkin hrannast upp í líkhúsum landsins, þótt mörg liggi enn á víðavangi. NORDICPHOTOS/AFP

# ÚTSALA ÚTSALA ÚTSALA

# HÚSASMIÐJAN ÚTSALA



**25%** afsláttur **af öllum** flísum



**25%** afsláttur **af öllum** hreinlætis-og blöndunartækjum



**30%** afsláttur **af öllum** ljósum



**20-60%** afsláttur **af öllum** fatnaði




**25%** afsláttur **af Jotun** innimálningu



**40%** afsláttur **af öllum** búsáhöldum

**Verkfærasett**
**Bauker**, 4 stk
**Borvél**, 650W m. höggi
**Stingsög**, 650W, stillanlegur hraði og framkast
**Juðari**, 180W
**Vinnuborð**
5244908

**6.999**



**Gott** skipulag

**Verkfæratöskur**
**Keter**, 2 saman
12.5" og 19"
5024489



**1.499**
~~2.695~~

**Hurðarhúnn**
Ryðfrír

**1.999**




**Við berjum niður verðið!**

**HÚSASMIÐJAN**
...ekkert mál

## GENGIÐ 04.01.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 61,34 | 61,64 |
| Sterlingspund | 121,42 | 122,02 |
| Evra | 90,15 | 90,65 |
| Dönsk króna | 12,097 | 12,167 |
| Norsk króna | 11,44 | 11,508 |
| Sænsk króna | 9,625 | 9,681 |
| Japanskt jen | 0,56 | 0,5632 |
| SDR | 96,96 | 97,54 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

118,9995

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Maður sem talað hefur opinberlega um ofbeldishneigð sína kærður:

# Í fjölmiðlum vegna ofbeldis

**LÖGREGLUMÁL** Davíð Smári Helenarson, sem oft hefur verið nefndur Dabbi Grensás, hefur í nokkur skipti komist í kastljós fjölmiðla fyrir að beita fólk ofbeldi af tilefnislausu. Hann lamdi sjónvarpsmanninn Sverri Þór Sverrisson í miðbæ Reykjavíkur með þeim afleiðingum að Sverrir hlaut greinilega áverka í andliti. Davíð Smári baðst síðan afsökunar á því í viðtali við fjölmiðla.

Þá kom Davíð Smári fram opinberlega í Ríkissjónvarpinu og á Stöð 2 á sumarmánuðum í fyrra, eftir að hann hafði rifbeinsbrotið dómara í fótboltaleik. Viðurkenndi hann að hann þyrfti að taka sig á.

Hann var í slagtogi með öðrum manni, einnig á sumarmánuðum í fyrra, sem réðst að Eiði Smára Guðjohnsen, landsliðsfyrirliða í knattspyrnu, þegar hann var að koma úr þrítugsafmæli Sverris Þórs, og hrinti honum í jörðina. Davíð Smári neitaði alfarið að hafa átt þátt í árásinni þegar hann var spurður út í hana í sjónvarpsviðtölum.

Davíð Smári er grunaður um að hafa lamið Hannes Þ. Sigurðsson landsliðsmann í knattspyrnu ásamt öðrum manni og veitt honum mikla áverka í andliti auk þess, eins og fram kemur í Fréttablaðinu í dag, að hafa fótbrotið mann á salerni Apóteksins aðfaranótt 30. desember. Davíð Smári hefur verið kærður til lögreglu fyrir báðar árásirnar. - mh



**APÓTEKIÐ** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu rannsakar tvö mál þar sem Davíð Smári er grunaður um alvarlega líkamsárás. Önnur árásin átti sér stað á Apótekinu.

Ráðstefna UNIFEM á Íslandi:

# Stríðshrjáðar konur ræddar

**FÉLAGSMÁL** Fundaröð UNIFEM á Íslandi um stöðu kvenna í þróunarríkjum og á stríðshrjáðum svæðum hefst í dag í Miðstöð Sameinuðu þjóðanna á Laugavegi 42 klukkan eitt.

„Áætlað er að ein af hverjum þremur konum um allan heim hafi verið barðar, þvingaðar í kynlíf eða misnotaðar á einhvern hátt einhvern tíma á lífsleiðinni. Á alheimsvísu er talið að ofbeldi gegn konum dragi jafnmargar konur til dauða eins og krabbamein og sé mun algengari ástæða fyrir heilsubrest kvenna en umferðarslys og malaría til samans,“ segir í tilkynningu frá UNIFEM. - gar

Glæfrafjárfestingar í Noregi:

# Kröfu sveitarfélaga hafnað

**ÓSLÓ, AP Borgardómstóll Óslóar hafnaði í gær kröfu átta lítilla sveitarfélaga í Noregi um að frysta persónulegar eignir verðbréfamiðlaranna sem þau segja ábyrga fyrir því mikla tapi sem þau hafa orðið fyrir vegna fjárfestinga í bandarískum húsnæðislánum. Talsmenn sveitarfélaganna segja tapið nú komið í 687 milljónir norskra króna, andvirði 7,9 milljarða íslenskra.**

**Sveitarfélögin fóru í síðasta mánuði fram á að eignir tveggja verðbréfamiðlara yrðu frystar uns niðurstaða fengist í skaðabótamál sveitarfélaganna gegn þeim. Þau segja 85 prósent fjárfestinganna nú vera töpuð. - aa**

# Obama og Huckabee hrósa sigri í Iowa

**Í fyrstu forkosningunum fyrir forsetakosningarnar vestra, í hinu tiltölulega fámenna miðvesturríki Iowa, slógu demókratinn Barack Obama og repúblikaninn Mike Huckabee keppinautum sínum við. Næst er kosið í New Hampshire.**

**BANDARÍKIN, AP** Demókratinn Barack Obama og repúblikaninn Mike Huckabee héldu til New Hampshire í gær vongóðir um að sigrar þeirra í fyrstu forkosningum flokka sinna í Iowa gæfu þeim ný tromp í slagnum við innanflokkskeppinauta um útnefningu til forsetaframboðs í haust.

Við úrslit forkosninganna í Iowa vakti mesta athygli hve afgerandi sigur Obama var. Hann fékk nærri 38 prósent atkvæða, átta prósentum meira en sá frambjóðandi sem næstmest fylgi fékk. Sá reyndist vera John Edwards. Hillary Clinton varð að láta sér lynda þriðja sætið með 0,3 prósentum minna fylgi en Edwards. Sigur þingmannsins unga frá Illinois, sem vonast til að verða fyrsti þeldökki forseti Bandaríkjanna, þykir eftirtektarverður með tilliti til þess að aðeins um þrjú prósent íbúa Iowa eru dökk á hörund.

Eftir að úrslitin í Iowa urðu kunn fækkaði líka í hópi demókratakeppinautanna; þingmennirnir Joe Biden og Christopher Dodd ákváðu að draga sig í hlé.

Hjá repúblikönum var sigur Huckabees einnig afgerandi; fylgi hans reyndist 34 prósent en Mitt Romney, fyrrverandi ríkisstjóri Massachusetts, sem hafði lagt gríðarmikla áherslu á framboðsbaráttuna í Iowa, fékk aðeins 25 prósent. Aðrir frambjóðendur voru langt þar fyrir aftan; þeirra fremstur var Fred Thompson með 13 prósent. Rudy Giuliani, fyrrverandi borgarstjóri New York, sem lengi hefur mælst með mest fylgi meðal repúblikana á landsvísu, komst varla á blað.



**MEÐBYR** Barack Obama flytur stuðningsmönnum sínum þakkarávarp í Des Moines í Iowa í fyrrinótt. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hillary Clinton lét í ummælum sínum eftir úrslitin í Iowa engan bilbug á sér finna. „Við höfum alltaf sagt að kosningabarátta okkar beinist að öllu landinu,“ sagði hún. Í herbúðum hennar hugga menn sig einnig við að rifja upp að Bill Clinton, eiginmaður Hillary, fékk aðeins þrjú prósent atkvæða í forkosningunum í Iowa þegar hann keppti að framboðsútnefningu demókrata árið 1992. Og vann svo forsetakosningarnar sjálfar.

Meðal repúblikana þykir sigur Huckabees hafa minni þýðingu fyrir keppnina á landsvísu. Baptistaklerkurinn og fyrrverandi ríkisstjóri Arkansas þykir höfða til þröngs kjósendahóps á landsvísu, en sá hópur kristilegra kjósenda er hlutfallslega stór í Iowa. Margir efast um að hann sé fær um að afla sér eins mikils fylgis í mörgum öðrum ríkjum. Þannig er honum ekki spáð eins góðu gengi í New Hampshire. Hið opna fyrirkomulag forkosninganna þar veldur því reyndar að kosningarýnar treysta sér ekki til að veðja á hver muni hafa þar vinninginn. John McCain, sem ólíkt Huckabee er meðal frjálslyndustu frambjóðendanna í röðum repúblikana, er talinn eiga góða möguleika, og Mitt Romney hefur eytt miklu fé í að hámarka möguleika sína þar. audunn@frettabladid.is



MIKE HUCKABEE



**STARFSMENN FRAMKVÆMDASVIÐS** Íbúar setji jólatrén við lóðamörk.

Trén sótt heim til fólks:

# Jólatrén nýtt til moltugerðar

**REYKJAVÍK *Jólatré verða sótt af starfsmönnum framkvæmdasviðs Reykjavíkurborgar 7. til 11. janúar næstkomandi. Eru íbúar borgarinnar beðnir um að setja sín jólatré á áberandi stað við lóðamörk og tryggja að þau fjúki ekki og valdi þannig skemmdum.***

**Eftir 11. janúar þurfa íbúar sjálfir að koma jólatrjám á næstu gámastöð Sorpu en gömul jólatré eru nýtt til moltugerðar í samstarfi framkvæmdasviðs og Gámaþjónustunnar.**

**Þá eru íbúar einnig hvattir til að hreinsa upp flugeldarusl í nágrenni sínu. - ovd**

Metár hjá Flugfélagi Íslands:

# 200 þúsund til og frá Akureyri

**SAMGÖNGUR** Aukning í farþegafjölda Flugfélags Íslands var um fjórtán prósent milli áranna 2006 og 2007. Var heildarfjöldi farþega um 430 þúsund en af þeim voru farþegar í millilandaflugi til Færeyja og Grænlands um 22 þúsund.

Á leiðinni milli Reykjavíkur og Akureyrar fjölgaði farþegum um tólf prósent og um níu prósent til Ísafjarðar.

Tvö hundruð þúsund farþegar voru fluttir til og frá Akureyri, 134 þúsund til og frá Egilsstöðum og til og frá Ísafirði voru fluttir um 47 þúsund farþegar. - ovd

## UMHVERFISMÁL

### Kapphlaup í kolefnisjöfnun

Mosfellsbær segir það rangt sem kom fram í fréttablaði Skógræktarfélags Íslands að Garðabær hefði verið fyrst sveitarfélaga til þess að kolefnisjafna sig. „Í ljós hefur komið að svo var ekki. Mosfellsbær var því fyrst allra sveitarfélaga til að taka umhverfislega ábyrgð á þeirri koltvísýringsmengun sem samgöngutæki sveitarfélagsins valda og kolefnisjafna sig,“ segir á heimasíðu Mosfellsbæjar.

## ÁRÉTTING

Í frétt Fréttablaðsins á fimmtudag (á síðu 2) er eftirfarandi setningu að finna í inngangi og frétt blaðsins: „Samgönguráðherra segir Vaðlaheiðargöng vera framar í forgangsröðinni en Sundabraut og tvöföldun Suðurlandsvegar.“ Komið hefur í ljós að í þessari óbeinu tilvitnun skildi blaðamaður orð Kristjáns Möllers samgönguráðherra á annan veg en þau voru ætluð. Samgönguráðherra sagði Vaðlaheiðargöng, Sundabraut og tvöföldun Suðurlandsvegar forgangsmál en undirbúningur Vaðlaheiðarganga væri lengst á veg kominn.




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**EINNA BEST Í BORGINNI**

Veðurhorfur dagsins eru einna hagstæðastar fyrir höfuðborgina og suðvestanvert landið. Þar verður lengst af nokkuð hægur vindur, þurrt og jafnvel nokkuð bjart framan af degi en þykknar upp þegar líður á síðdegið. Annars staðar verður einhver úrkoma, einkum þó á austurhelmingi landsins. Á Vestfjörðum má búast við éljagangi en úrkoman færist í aukana þar síðdegis.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Norðaustan 5-8 m/s og bjart með köflum. Hiti um eða yfir frostmarki.




um hádegi »

| | | | | | |
| --- | --- | --- | --- | --- | --- |
| Kaupmannahöfn | 3°C skúrir | London | 2°C skúrir | Friedrichshafen | 4°C skúrir |
| Billund | 4°C skúrir | París | 9°C skúrir | Lúxemborg | 5°C rigning |
| Osló | -1°C snjóél | Amsterdam | 6°C skúrir | Alicante | 16°C hálfskýjað |
| Stokkhólmur | 1°C alskýjað | Frankfurt | 4°C rigning | Róm | 14°C skúrir |
| Gautaborg | 0°C snjóél | Berlín | 2°C alskýjað | Las Palmas | 21°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.




# ÚTSALAN ER HAFIN

## 15-70% AFSLÁTTUR

**Verslanir Smáralindar eru sneisafullar af spennandi útsöluvörum fyrir alla fjölskylduna. Nýttu tækifærið og gerðu góð kaup í Smáralind.**




Verslanir opnar mán-mið 11-19, **fim 11-21**,
fös 11-19, lau 11-18 og sun 13-18
smaralind.is / 528 8000

## KJÖRKASSINN



*Fékkst þú rauðvínsflöskur í jólagjöf frá bankanum þínum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 5,1% |
| NEI | 94,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú verið beitt(ur) ofbeldi á skemmtistað?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Ísraelsher gerði loft- og stórskotaliðsárásir á skotmörk á Gaza:

# Hart brugðist við sprengiflaug

**ÍSRAEL, AP** Ísraelskar herþotur og stórskotalið lét sprengjum rigna yfir skotmörk á Gazasvæðinu á fimmtudag, í kjölfar þess að langdrægri sprengiflaug var skotið þaðan inn í Ísrael. Minnst níu manns létu lífið, þar af þrír óbreyttir borgarar að því er sjúkrahússtarfsfólk á Gaza greindi frá.

Enginn meiddist er heimasmíðuð svonefnd Kartyusha-sprengiflaug lenti inni í ísraelska bænum Ashkelon, 17 km frá landamærum Gazasvæðisins. Að sögn talsmanna ísraelskra yfirvalda hafa slíkar flaugar sem palestínskir skæruliðar hafa lengi tíðkað að skjóta að Ísrael frá Gaza aldrei komist jafn langt yfir landamærin. Það segja þeir að sé merki um að skæruliðar á Gaza séu að ná meiri færni í að smíða slík skaðræðisvopn og að stöðugt streymi meiri vopnabúnaður þangað eftir smyglleiðum frá Egyptalandi, þótt Gazasvæðið sé nánast alveg einangrað frá umheiminum síðan Hamas-samtökin tóku þar öll völd í júnímánuði síðastliðnum.

„Palestínumenn réðust á þéttbýli í Ísrael og beittu skeytum af mikilli ísraelska borg ... og kölluðu þar með yfir sig harðari viðbrögð,“ sagði David Baker, talsmaður Ísraelsstjórnar, um hernaðaraðgerðirnar. **- aa**



**SPRENGIFLAUGAR** Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra sýndar sprungnar sprengiflaugar frá Gaza í ísraelska bænum Sderot í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

Umræða um stolnar bækur:

# Eigendur íhuga meiðyrðamál

**FJÖLMIÐLAR Eigendur fornbókabúðarinnar Bókin íhuga að höfða meiðyrðamál á hendur Hjörleifi Kvaran vegna ummæla sem hann lét falla í 24 stundum í gær. Þetta kom fram á fréttavefnum vísir.is í gær. Hjörleifur sakaði þá um að vera vitorðsmenn í þjófnaði á tugum fágætra bóka. Talið er að þjófnaðurinn hafi átt sér stað fyrir rúmu ári en bækurnar tilheyra dánarbúi Böðvars Kvaran.**

**Ari Gísli Bragason, einn af eigendum fornbókabúðarinnar, segir að hann hafi keypt bækurnar í góðri trú en þeim hafi svo verið skilað þegar vitað var að um þýfi væri að ræða. - jse**

Erill hjá slökkviliðinu:

# Kveikt í flugeldum innandyra

**SLÖKKVILIÐ Töluverður erill var hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins í gær og þá helst vegna skotglaðra ungmenna sem meðal annars kveiktu í flugeldum innandyra. Fram kemur á fréttavefnum vísir.is að á meðal viðfangsefna slökkviliðsins var að slökkva í gámi við Toyota í Kópavogi.**

**Önnur verkefni slökkviliðsins voru léttvægari, svo sem að kanna reyk og brunalykt við Vindás. Þegar betur var að gáð lá raketta við bíl sem hafði nýlega verið kveikt í. - jse**



**FRELSINU FEGINN** Charles Chapman, til hægri, faðmar dómarann John Creuzot í Dallas á fimmtudag. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Réttarmorð í Texas:

# Laus eftir nær 27 ár í fangelsi

**BANDARÍKIN, AP** Charles Chapman, sem á þeim nærri 27 árum sem hann sat í fangelsi í Dallas í Texas mætti þrisvar fyrir náðunarnefnd til að ítreka sakleysi sitt, var á fimmtudag látinn laus eftir að sannast hafði með DNA-prófi að hann væri saklaus af nauðgunarglæpnum sem hann var á sínum tíma dæmdur fyrir.

Chapman er fimmtándi fanginn sem síðan árið 2001 hefur sannast með DNA-prófi að sæti saklaus inni í Dallas-sýslu. Ekkert dómsumdæmi í Bandaríkjunum hefur orðið uppvíst að öðrum eins fjölda réttarmorða. **- aa**

# Snýst um rétt minn en ekki peningana

**Einhenta konan sem fær handsnyrtingu ekki greidda frá Tryggingastofnun hefur verið boðið endurgjaldslaust í Snyrtiakademíu Guðrúnar Möller. Aðalmálið er að fá rétt minn viðurkenndan, segir Jóhanna Dagmar Magnúsdóttir á Höfn.**

**FÓLK** „Aðalmálið hjá mér er að fá viðurkennt að ég eigi rétt á þessari aðstoð. Þetta snýst alls ekki um peninga,“ segir Jóhanna Dagmar Magnúsdóttir, einhent kona sem fær handsnyrtingu ekki endurgreidda hjá Tryggingastofnun.

Jóhanna, sem er 71 árs, missti vinstri handlegginn við öxl fyrri part árs 2005 þegar hún fékk illvíga streptókokkasýkingu eftir að hafa hruflað sig smávægilega á handarbaki. Eiginmann sinn missti hún í febrúar í fyrra og býr nú ein í lítilli íbúð á Höfn í Hornafirði.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær hefur úrskurðarnefnd almannatrygginga tekið undir með Tryggingastofnun sem telur sér óheimilt að endurgreiða Jóhönnu kostnað vegna handsnyrtingar.



**GUÐRÚN MÖLLER**

„Þetta finnst mér svo óendanlega óréttlátt því það er mjög mikilvægt fyrir mig að neglurnar séu styrktar reglulega svo ég ráði við ýmsa hluti sem annars væru ekki á mínu færi,“ segir Jóhanna sem vill taka fram að snyrtifræðingur sem hún fari til á Höfn veiti henni ávallt helmingsafslátt. „Það er nú kannski bara eðlilegt,“ útskýrir hún hlæjandi.

Guðrún Möller, eigandi Snyrtiakademíunnar í Kópavogi, setti sig í samband við Fréttablaðið til að bjóða Jóhönnu fría snyrtingu í skóla sínum. „Okkur finnst þetta ótækt og viljum hjálpa henni,“ segir Guðrún.

„Þetta er fallega boðið af Guðrúnu. Ætli ég skelli mér ekki til hennar í lok mánaðarins. Þá ætla ég suður til að vera hjá dóttur minni sem er að fara að eignast barn,“ segir Jóhanna.

Í byrjun desember hittust sex einhentar konur til að bera saman bækur sínar. Edda Júlía Helgadóttir, sem missti annan handlegginn við öxl aðeins sautján ára gömul, segir margt athyglisvert hafa komið þar fram, meðal annars varðandi skriffinnsku Tryggingastofnunar.

„Til dæmis skilaði ég á hverju ári vottorði um að ég væri einhent til að halda bótunum. Loks skrifaði læknirinn upp á að það væri mjög ólíklegt að höndin myndi vaxa aftur,“ segir Edda, sem aðspurð kveðst fara afar sjaldan í handsnyrtingu á stofu. „Fyrir nokkrum árum var ég látin borga fullt verð þótt ég bæði um að fá að borga hálft gjald. Það var dálítið spaugilegt.“

gar@frettabladid.is



**JÓHANNA DAGMAR MAGNÚSDÓTTIR** Tryggingastofnun getur ekki endurgreitt naglasnyrtingu fyrir Jóhönnu Dagmar Magnúsdóttur sem missti annan handlegginn eftir streptókokkasýkingu.



**Einhent kona borgi handsnyrtingu sjálf**

Kona sem fékk sár á handarbak í eldhúsinu og missti í kjölfarið handlegginn við öxl fær ekki greiðslur frá Tryggingastofnun til að láta snyrta höndina sem eftir er. Ekki er minnst á þess háttar þjónustu í reglugerðinni segir stofnunin.

ALMANNATRYGGINGAR Kona sem missti annan handlegginn við öxl fær ekki bætur frá Tryggingastofnun til að greiða fyrir handsnyrtingu á hinni hendinni.

Konan var að þrífa eldhúsbekk í mars 2005 þegar hún rak sig í og fékk opið sár á handarbak vinstri handar. „Í kjölfarið fékk hún alvarlega sýkingu sem leiddi til þess að hún missti vinstri handlegg við öxl,“ segir úrskurðarnefnd almannatrygginga sem tók fyrir kæru konunnar á hendur Tryggingastofnun.

„Af þessum sökum er henni að sjálfsögðu gjörsamlega ómögulegt að snyrta/viðhalda fingurnöglum hægri handar og þarf því nauðsynlega að fá þessa hjálp hjá handsnyrti á um það bil þriggja vikna fresti,“ sagði í læknisvottorði sem sent var Tryggingastofnun í maí 2005.

Tryggingastofnun synjaði ósk konunar. Með kæru konunnar til úrskurðarnefndarinnar fylgdi bréf frá snyrtifræðingi sem sagði hana nauðsynlega þurfa handsnyrtingu.

„Neglurnar á henni eru mjög þunnar og veikar eftir lyfjagjafir sem hún undirgekkst eftir að hún missti handlegg. Eftir að ég prufaði að setja á hana gel-neglur hefur hún getað hjálpað sér sjálf með margt sem áður var ógerlegt fyrir hana eins og að að skipta um batterí í heyrnartækjunum, læsa húsinu og annað sem okkur sem höfum tvær hendur þykja sjálfsagðir hlutir,“ sagði snyrtifræðingurinn.

Tryggingastofnun sagðist ekki vera með samning við handsnyrta og væri því ekki heimilt að endurgreiða kostnað. „Í reglugerðinni er ekki minnst á að þess háttar þjónustu sé heimilt að greiða úr slysatryggingum,“ sagði stofnunin.

Í niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar segir að ekki sé heimilt eða skylt að greiða allan kostnað sem til falli vegna slysa heldur einungis kostnað sem sérstaklega sé tilgreindur í lögunum.

„Ekki er dregið í efa það gagn sem kærandi hefur af því að fara í handsnyrtingu reglulega, hins vegar er ekki heimild í almannatryggingalögum til að taka þátt í slíkum kostnaði þar sem ekki er um að ræða lækningu og sjúkrahjálp,“ segir í úrskurðarnefnd um almannatryggingar.

Félag íslenskra snyrtifræðinga tilheyrir Samtökum iðnaðarins. Hildur Ingadóttir, formaður félagsins, segir umræðu hafa verið meðal snyrtifræðinga um að þeir ættu frekar að tilheyra heilbrigðisgeiranum, sérstaklega eftir því sem tækninni fleygði fram og búnaður þeirra væri þróaðri. „Við eigum ef til vill meiri samsvörun við lækna og hjúkrunarfræðinga heldur en iðngreinar,“ segir Hildur Ingadóttir.

gar@frettabladid.is

HANDSNYRTING Læknir segir einhenta konu nauðsynlega þurfa aðstoð við handsnyrtingu en Tryggingastofnun segir enga heimild til að greiða þann kostnað. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR JÖKULL

**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR**



**LÖGREGLA OG MÓTMÆLANDI** Frá leiðtogafundinum í Heiligendamm. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dómstóll í Þýskalandi:

# Lögregla beitti of mikilli hörku

**ÞÝSKALAND, AP** Dómstóll í Þýskalandi hefur kveðið upp þann úrskurð að lögregluyfirvöld hafi beitt lögum um hryðjuverkavarnir af of mikilli hörku í aðdraganda leiðtogafundar G8-ríkjanna í Heiligendamm síðastliðið sumar.

Samkvæmt dómnum var of langt gengið að gera húsleit á heimilum og skrifstofum andstæðinga alþjóðavæðingar sem grunur lék á að hygðust fara til mótmæla til að trufla fundinn. Dómararnir segja engin þeirra samtaka, sem stóðu að mótmælunum, geta talist hryðjuverkasamtök. **- gb**

**BÚLGARÍA**

### Miklar vetrarhörkur

Fjórir Búlgarar hafa orðið úti í frosthörkum og fannfergi síðustu daga. Hundruð manna voru teppt í fjallaþorpum og á fjallvegum vegna ófærðar.

**NORÐUR-KÓREA**

### Segist uppfylla kröfur

Stjórnvöld í Norður-Kóreu segjast hafa sent Bandaríkjunum í nóvember upplýsingar um kjarnorkuáætlanir sínar og vonist til þess að samkomulag við Bandaríkin og fleiri ríki um aðstoð komist fljótt til framkvæmda.




– opið til kl. 22.00 öll kvöld

BÓKABÚÐ MÁLS & MENNINGAR LAUGAVEGI 18


Rangar merkingar á Grímsplokkfiski frá Vestmannaeyjum:

# Pökkunardagur eftir þrjá daga

**NEYTENDAMÁL** Helgu Sigrúnu Sveinsdóttur brá nokkuð í brún þegar henni var bent á það fyrir utan Bónus á Skemmuvegi að samkvæmt dagsetningarstimpli yrði plokkfisknum sem hún hafði nýkeypt ekki pakkað fyrr en á mánudag.

„Ég athuga alltaf dagsetningu á síðasta neysludegi en ég tók ekki eftir þessu. En nú þegar ég sé þetta þá veit ég ekki hvað er að þetta því ekki er pökkunardaguriinn réttur, það er alveg öruggt,“ sagði hún. „Það er samt mjög sorglegt því þetta er besti plokkfiskurinn,“ bætti hún við.

Grímur Þór Gíslason, framkvæmdastjóri fyrirtækisins Grímur kokkur, sem framleiðir plokkfiskinn, segir að um mannleg mistök hafi verið að ræða. „Það er handstillt merkimiðabyssa hjá okkur og það hefur verið stimplað sjöundi í stað fjórða,“ segir hann. „Við létum innkalla vöruna um leið og okkur var gert viðvart. Svo munum við merkja hana rétt. Þetta er afar leiðinlegt, sérstaklega í ljósi þess að við höfum fengið mjög góðar viðtökur með vörur okkar og ég vona bara og treysti að það verði engin breyting þar á þrátt fyrir þessi mannlegu mistök.“ Hann telur að um 200 stykki hafi verið innkölluð.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir að hann hafi látið taka vöruna strax úr hillum og haft samband við framleiðanda, sem sótti vöruna skömmu seinna.

Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, segir að þangað hafi ekki borist margar kvartanir vegna rangra dagsetninga. „Menn hafa þá borið fyrir sig mannleg mistök sem ég tel einnig vera hugsanlegustu skýringuna því fyrirtækin tapa viðskiptavinum á þessu og það vilja þau ekki,“ segir hann. **- jse**




FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**HELGA SIGRÚN SVEINSDÓTTIR** Tók ekki eftir dagsetningunni fyrr en út var komið. Hún segir þetta sorglegt því plokkfiskurinn sé sá besti.


Evrópa fellur!
vodafone
Viðskiptavinir Vodafone njóta stórlækkaðs verðs í Evrópu
Um áramótin varð meira en helmings lækkun á verði á farsímaþjónustu Vodafone í Evrópu og í kjölfarið eru öll lönd innan Evrópusambandsins og EES, auk Færeyja og Sviss, orðin eitt gjaldsvæði. Vodafone er það íslenska símafyrirtæki sem býður ferðalöngum í Evrópu reikisamninga við flest lönd.
Skráðu þig í Vodafone Passport og lækkaðu símkostnað þinn erlendis enn frekar. Einnig býður Vodafone alvöru Frelsi í útlöndum – Frelsisviðskiptavinir fá enga bakreikninga þegar heim er komið.
Vodafone er einfaldlega rétti ferðafélaginn.
Svona segjum við gleðilegt nýtt ár hjá Vodafone
Allar nánari upplýsingar á www.vodafone.is
Gríptu augnablikið og lifðu núna

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvaða íslenski knattspyrnumaður er kjálkabrotinn eftir líkamsárás skömmu fyrir jól?*

2 *Hversu mörg SMS-skeyti sendu landsmenn á gamlársdag?*

3 *Hvaða íslenska drykk féll leikstjórinn Quentin Tarantino fyrir um áramótin?*

SJÁ SVÖR Á SÍÐU 50

Íbúar í Þingholtunum funduðu í gær með fulltrúum Torfusamtakanna:

# Telja vinnubrögðin ólíðandi

**SKIPULAGSMÁL** „Þetta er tillaga um brask og uppkaupsstefnu," segir Harpa Þórsdóttir, íbúi á Þórsgötu, um tillögur að deiliskipulagi fyrir Baldursgötureit, en íbúar í hverfinu funduðu í gær. „Þetta eru ekki móðursýkisleg viðbrögð við öllum breytingum. Fólk er bara að sýna fram á að vinnubrögðin eru gersamlega ólíðandi."

Harpa segir íbúana gruna hvaðan tillagan sé upprunnin en verktakafyrirtæki keypti tvö hús á svæðinu. „Verktaki sem kaupir eign á engan rétt á að krefja yfirvöld borgarinnar um ívilnanir í formi lóðastækkanna, aukins byggingarmagns eða annars sem gerir upprunaleg kaup hans úr hófi verðmætari en fyrir var," segir Harpa. „Honum ber hins vegar skylda til að viðhalda eign sinni og endurnýja ef svo ber við."



**FRÁ ÍBÚAFUNDINUM Á ÞÓRSGÖTU** Íbúarnir ætla að halda baráttu sinni áfram. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íbúarnir munu senda sameiginlegt mótmælabréf og hitta Svandísi Svavarsdóttur, formann Skipulagsráðs.

Fulltrúar frá Torfusamtökunum mættu á fundinn og segir Pétur H. Ármannsson vel geta verið að samtökin geri athugasemdir við tillögurnar. „Ég sé ekkert óeðlilegt á ferðinni en fólk er eðlilega með sínar athugasemdir við þessar tillögur og ég vona að tekið verði tillit til þess," segir Pétur. - ovd

Borgarastríðið á Srí Lanka:

# Áhyggjur af borgaravernd

**SRÍ LANKA, AP** Alþjóðlegu mannréttindasamtökin Mannréttindavaktin, sem hafa höfuðstöðvar í New York, skoruðu í gær á Sameinuðu þjóðirnar að senda eftirlitsmenn til Srí Lanka til að vernda óbreytta borgara í borgarastríðinu þar eftir að norræna vopnahléseftirlitssveitin yfirgefur landið í kjölfar uppsagnar vopnahléssamkomulagsins frá árinu 2002.

„Vopnahléseftirlit SLMM var stórgallað en gæsluliðar þess hjálpuðu til við að halda brotum gegn óbreyttum borgurum í lágmarki," sagði Elaine Pearson, talsmaður Mannréttindavaktarinnar. - aa

# Götuhópurinn kom upp um 400 fíkniefnamál á árinu

**Götuhópur fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu kom upp um 400 fíkniefnamál á nýliðnu ári. Þetta eru nær tvöfalt fleiri mál en hópurinn kom að á árinu 2006. Mest bar á maríjúana, amfetamíni og e-töflum af þeim tegundum fíkniefna sem hópurinn tók. Upplýsingar streyma frá almenningi.**

**LÖGREGLUMÁL** Götuhópur fíkniefnadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu skilaði af sér 400 frumkvæmismálum á nýliðnu ári. Árið 2006 voru málin samtals 227.

Frá áramótum og til mánaðamóta apríl-maí á síðasta ári kom hópurinn að samtals 166 fíkniefnamálum. Í aprílmánuði einum kom götuhópurinn upp um 61 fíkniefnamál. Árið 2006 var metfjöldi mála á mánuði 32, eða tvöfalt minni en í apríl 2007.

„Við erum mjög ánægðir með þennan árangur, því auk þess að ná smásölunum og efnunum segir hann okkur að þær upplýsingar sem við fáum eru trúverðugar," segir Karl Steinar Valsson, yfirmaður fíkniefnadeildarinnar á höfuðborgarsvæðinu. „Við fáum ógrynni af upplýsingum um sölu fíkniefna og dreifingu á götunni, sem götuhópurinn vinnur síðan úr. Það sem hann haldleggur endurspeglar að miklu leyti fíkniefnamarkaðinn á hverjum tíma. Hópurinn tók talsvert magn af maríjúana, svo og maríjúanaræktanir, á síðasta ári. Þá tók hann talsvert af amfetamíni og e-töflum. Það fór að bera meira á e-töflunum eftir því sem líða tók á árið, miðað við fyrri hluta þess."

Karl Steinar segir fíkniefnalögreglu berast mikill fjöldi upplýsinga frá almenningi, einkum í gegnum upplýsingasímann 800-5005 en einnig eftir öðrum leiðum. Þar megi nefna tölvupósta svo og símtöl til fíkniefnalögreglu.

Karl Steinar hvetur fólk eindregið til þess að koma vitneskju, sem það kann að búa yfir, um dreifingu, sölu og neyslu fíkniefna til fíkniefnalögreglunnar eftir ofangreindum leiðum.

jss@frettabladid.is



**GÖTUHÓPURINN** Afurðir þessarar gróskumiklu maríjúanaræktunar komust aldrei á götuna, því götuhópurinn kom upp um hana í byrjun árs 2007 í Reykjavík. Ræktunin var í austurborginni þar sem einn karlmaður var handtekinn.



**VONBRIGÐI** Metfjöldi farartækja var skráður til leiks að þessu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dakar-rallinu aflýst:

# Óttast um öryggi á leiðinni

**PORTÚGAL** Dakar-rallinu svonefnda, sem átti að hefjast í Portúgal í dag, var í gær aflýst af öryggisástæðum. Morð á franskri fjölskyldu í Máritaníu um jólin og hótanir íslamskra öfgahópa þar í landi ollu því að skipuleggjendur keppninnar töldu of áhættusamt að aka hina fyrirhuguðu 9.200 km löngu leið suður eftir Vestur-Afríku til Dakar í Senegal.

Þetta er í fyrsta sinn í 30 ára sögu keppninnar sem henni er aflýst í heild. Í fyrri keppnum hefur hins vegar ítrekað komið fyrir að tilteknar sérleiðir væru felldar niður af öryggisástæðum. 205 bílar, 245 mótorhjól, 20 fjórhjól og 100 vörubílar voru að þessu sinni skráðir til leiks. - aa






Forsetakosningar fara fram í Georgíu í dag:

# Saakashvili forseta er spáð endurkjöri

**GEORGÍA** Georgíumenn ganga til forsetakosninga í dag. Mikhail Saakashvili, forseti landsins, vonast til að fá meira en helming atkvæða þannig að ekki þurfi að kjósa aftur, að sögn georgíska dagblaðsins Georgian Times. Ekki er víst að það takist þó að flestir spái Saakashvili sigri í kosningunum.



**LEVAN GACHECHILADZE**

„Ég vonast til að fá sextíu prósent í fyrstu umferð," sagði Saakashvili við Financial Times. „Þetta verður miklu erfiðara í annarri umferð."

Flestar skoðanakannanir spá Saakashvili yfir þrjátíu prósentum atkvæða í fyrstu umferð og aðalkeppinauti hans, vínframleiðandanum Levan Gachechiladze, upp undir tuttugu prósentum. Sjö menn eru í framboði. Ef Saakashvili nær ekki helmingi atkvæða geta andstæðingar hans sameinast gegn honum í annarri umferð, að sögn Financial Times. Það yrði vatn á myllu Gachechiladzes, sem berst fyrir því að afnema forsetaembættið, koma á þingræði og auka völd forsætisráðherrans. Hann hefur marga stjórnarandstöðuflokka á bak við sig.



**VONAST EFTIR SEXTÍU PRÓSENTUM** Mikhail Saakashvili, forseti Georgíu, vonast til að fá hreinan meirihluta atkvæða.

Saakashvili hefur verið harðlega gagnrýndur innanlands fyrir einræðistilburði og spillingu. Á Vesturlöndum hefur hann verið gagnrýndur fyrir að láta óeirðalögreglu berja niður mótmæli stjórnarandstöðunnar í höfuðborginni Tíblisi í haust. Saakashvili lýsti þá yfir neyðarástandi og lokaði Imedi, sjónvarpsstöð stjórnarandstöðunnar, en hætti við skömmu síðar og boðaði til forsetakosninga 5. janúar, tæpu ári fyrr en ætlað var. - ghs

# Útsala
## á raftækjum

Fyrstur kemur fyrstur fær

allt að **75%**

afsláttur af völdum raftækjum

## Verðdæmi

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tasco 10x25 sjónauki | 999 kr. | ~~3.990~~ kr. | 75% |
| Exido brauðrist - stál | 1.799 kr. | ~~4.990~~ kr. | 64% |
| Casio Exilim myndavél 7.2M | 14.999 kr. | ~~36.990~~ kr. | 59% |
| Rafmagnssópur snúrulaus | 5.999 kr. | ~~9.990~~ kr. | 40% |
| Exido safapressa | 4.199 kr. | ~~7.990~~ kr. | 47% |
| Dantax 15” LCD m/DVD | 34.999 kr. | ~~39.990~~ kr. | 12% |

Allt úrvalið fáanlegt í Smáralind. Takmarkað úrval í öðrum verslunum.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



**DÚFUR OG DÚÐUÐ KONA** Í miðborg Moskvu mátti í gær sjá þessa konu, dúðaða fötum í nístandi kuldanum, sitja á bekk og betla. Tvær dúfur gerðust einnig ansi nærgöngular og virtust varla taka eftir því að lifandi veru væri að finna undir teppinu og kápunum. NORDICPHOTOS/AFP

Ekki útséð um að tvöföldun Reykjanesbrautar þurfi í útboð á ný eftir að verktakinn sagði sig frá verki:

# Vegagerðin vill semja við undirverktaka

**SAMGÖNGUR** Ekki er útséð um að það sem eftir er af tvöföldun Reykjanesbrautar fari í útboð á ný eftir að verktakafyrirtækið Jarðvélar sagði sig frá verkinu. Vegagerðin kannar nú hvort mögulegt sé að semja beint við undirverktaka um að ljúka verkinu.

Jarðvélar sögðu sig frá tvöföldun brautarinnar vegna fjárhagsörðugleika, en fyrirtækið hefur misst starfsfólk og tæki undanfarið og því ekki sinnt verkinu.

Jónas Snæbjörnsson, svæðisstjóri Vegagerðarinnar á suðvestursvæði, segir að Vegagerðin sé ekki búin að svara Jarðvélum, en rætt verði við fyrirtækið á næstu dögum um viðskilnað þess. Sjálfgefið virðist að það muni ekki halda verkinu áfram.

Óformlegar viðræður eiga sér nú stað við stærstu undirverktaka Jarðvéla við tvöföldunina, Eykt og Malbikunarstöðina Höfða. Jónas segir fordæmi fyrir því að undirverktaki taki að sér að ljúka verki fyrir verktaka sem hafi gefist upp án þess að ljúka verki.

Þurfi verkið að fara aftur í útboð gæti það tafið verklok um einhverja mánuði, segir Jónas. Vonandi yrði þá hægt að ljúka því í haust, til dæmis í október. Jarðvélar áttu að ljúka verkinu um mitt næsta sumar.



**REYKJANESBRAUT** Framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar hafa legið niðri í nokkurn tíma vegna fjárhagsörðugleika verktaka. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spurður hvenær framhaldið á tvöföldun Reykjanesbrautarinnar komist á hreint segir Jónas að það verði vonandi í næstu viku. - bj

## BÚAST VIÐ LANGRI BIÐ

Á fjórða tug fyrrum starfsmanna Jarðvéla hafa leitað til stéttarfélaga þar sem þeir hafa ekki fengið útborgað fyrir nóvember.

Ágúst Þorláksson hjá Eflingu segir 23 slík mál í gangi hjá félaginu, og að auki sé Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur með níu mál. Skuldir Jarðvéla við fyrrverandi starfsmenn hlaupi á einhverjum milljónum króna. Nú velti mest á því hvað verði um fyrirtækið, hvort það fari í þrot eða haldi áfram starfsemi. Í öllu falli geti orðið löng bið fyrir þá sem eigi inni laun.

Tvær nefndir forsætisráðherra:

# Atvinnulíf og samfélag styrkt

**BYGGÐAMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra ætlar að skipa tvær nefndir sem fjalla eiga um leiðir til að styrkja atvinnulíf á Norðurlandi vestra annars vegar og í fámennum byggðarlögum á Norðurlandi eystra og Austurlandi hins vegar.



**GEIR H. HAARDE**

Málið var rætt á fundi ríkisstjórnarinnar í gær. Á minnisblaði frá fundinum kemur fram að nefndunum sé ætlað að gera tillögur um mögulega styrkingu menntunar og rannsókna, uppbyggingu iðnaðar og þjónustu, og flutning starfa frá höfuðborgarsvæðinu til umræddra svæða.

Nefndirnar eiga að skila niðurstöðum 1. mars og 1. maí næstkomandi. - bj

Bókasafn í Stokkhólmi:

# Leynilegar herupplýsingar

**SVÍÞJÓÐ Leynilegar hernaðarupplýsingar varðandi sænska herinn fundust nýlega á minniskubbi á bókasafni í Stokkhólmi, að því er Aftonbladet greinir frá.**

**Á minniskubbnum eru upplýsingar um hersveitir NATO í Afganistan, skýrslur um einstakar bandarískar öryggiseiningar, greiningar um sjálfsmorðssveitir og leiðbeiningar um sprengjugerð. Hluti af efninu hafði verið flokkaður sem trúnaðarmál.**

**Málið þykir grafalvarlegt og hefur sænski herinn brugðist hart við, að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat. Ekki er vitað hvort minniskubbnum hafði verið stolið eða hvernig hann lenti á bókasafninu.** - ghs

# Fannst flugvélin vera að hrapa til jarðar

**Ókyrrð og hristingur skaut flugfarþegum Icelandair skelk í bringu í fyrrakvöld. Tvisvar þurfti að hætta við lendingu áður en vélinni var beint til Egilsstaða. Ógleymanleg lífsreynsla, segir farþegi sem þakkar áhöfninni fyrir góð viðbrögð.**

**FLUG** „Flugvélin hoppaði til og frá og okkur fannst hún vera að hrapa. Í fyrstu vissum við ekkert hvað var að gerast, og það greip um sig mikil skelfing meðal farþega," segir Helga Ragnarsdóttir, farþegi í flugvél Icelandair á leið til Íslands í fyrrakvöld. „Stuttu síðar kom flugþjónn og útskýrði að það væri svo hvasst að við gætum ekki lent."

Tvisvar var reynt að lenda flugvélinni, sem var á leið frá Kanaríeyjum með 189 farþega, á Keflavíkurflugvelli án árangurs. Þegar hætt hafði verið við lendingu í seinna skiptið var brugðið á það ráð að fljúga til Egilsstaða. Áfallahjálp stóð farþegunum til boða þegar lent var fyrir austan, sem var upp úr klukkan ellefu.

Vélinni var flogið aftur til Keflavíkurflugvallar klukkan fjögur um nóttina með nýrri áhöfn, enda upprunalega áhöfnin búin að vinna of lengi samkvæmt reglugerð. Um fimmtíu farþegar treystu sér þó ekki til að fljúga aftur eftir atburði kvöldsins og urðu eftir á Egilsstöðum. Þar á meðal voru Helga og fjölskylda hennar.

„Við vorum að ferðast með ófrískri konu sem er komin langt á leið og við vildum ekki leggja það á hana að fljúga aftur," segir hún. „Svo gat yngra fólkið sem er með okkur ekki heldur hugsað sér að fara aftur í vélina þannig að við ákváðum bara að keyra heim."

Helga vill koma á framfæri þökkum til áhafnar flugvélarinnar. „Þau gerðu allt sem í valdi þeirra stóð til að gera gott úr þessu. Maður er alveg varnarlaus inni í flugvél, sérstaklega þegar maður veit ekki hvað er að gerast, og það skipti miklu máli að áhöfnin útskýrði hvað var í gangi."




**LENT** Vélinni var flogið aftur frá Egilsstöðum til Keflavíkurflugvallar klukkan fjögur í fyrrinótt, en sumir farþegar treystu sér ekki í annað flug. Þeir urðu eftir fyrir austan og keyrðu heim til sín. Myndin tengist ekki efni fréttarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hún segir að flugmennirnir og flugþjónar hafi rætt við farþegana eftir lendingu og útskýrt allt. „Þau stóðu sig alveg með prýði."

Guðjón Arngrímsson, upplýsingafulltrúi Icelandair, segir það koma fyrir að ekki sé hægt að lenda flugvélum vegna veðurs. Þá sé þeim oft beint eitthvert annað til lendingar, til dæmis til Egilsstaða. Engin hætta hafi verið á ferðum þótt farþegar hafi orðið skelkaðir vegna ókyrrðarinnar og hristingsins. salvar@frettabladid.is



**NEMAR DÓU** Lögregla við vettvangsrannsókn þar sem sprengjan sprakk. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rannsókn á sprengjutilræði:

# Fjórir grunaðir handteknir

**TYRKLAND, AP** Lögregla í Tyrklandi hefur handtekið fjóra menn grunaða um að tengjast sprengjutilræði sem beindist gegn tyrkneskum hermönnum í borginni Diyarbakir í fyrradag. Fimm manns létu lífið og 68 særðust í sprengingunni. Fjórir hinna látnu voru skólanemar.

Saksóknari í Diyarbakir greindi frá því að verið væri að yfirheyra hina grunuðu. Óháð því fann lögregla alls 64 kíló af sprengiefni í tveimur aðgerðum, annars vegar í borginni Bursa og hins vegar við landamærin að Íran.

Enginn hefur lýst ábyrgð á tilræðinu í Diyarbakir á hendur sér, en yfirvöld skelltu skuldinni umsvifalaust á herskáa Kúrda. - aa

## VINNUMARKAÐUR

### Harma tillitsleysi

Félagsfundur VM harmar að stjórnvöld skuli hvergi hafa tekið tillit til sjómanna í mótvægisaðgerðum sínum í sjávarútvegsmálum. Fundurinn skorar á sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir leiðréttingu á skattaafslætti sjómanna þannig að fullur afsláttur náist eftir 180 daga en ekki 245 daga enda séu sjómenn búnir að leggja af mörkum að minnsta kosti 2.160 tíma sem teljist full ársvinna í landi.


## Yfirtökutilboð til hluthafa í OMX AB (publ).

Borse Dubai, í gegnum sænska dótturfélagið sitt, BD Stockholm tilkynnti þann 17. ágúst 2007 um opinbert staðgreiðslutilboð í öll útistandandi hlutabréf í OMX á verðinu 230 sænskar krónur í reiðufé fyrir hvern hlut. Þann 26. september 2007 tilkynnti Borse Dubai að það hefði hækkað tilboð sitt í 265 sænskar krónur fyrir hvern hlut í OMX og lækkað skilyrði um samþykkishlutfall samkvæmt tilboðinu úr meira en 90% samþykki í meira en 50% samþykki. Það tilkynnist hér með að tilboðsyfirlit Borse Dubai hefur nú verið staðfest og/eða viðurkennt af eftirlitsaðilum þeirra ríkja sem OMX AB er skráð á hlutabréfamarkað.

**Tilboðshafar**
Tilboðið tekur til allra hluta í OMX AB (publ) sem ekki eru í eigu tilboðsgjafans eða tengdra aðila. Hluthafar sem skráðir eru hjá Verðbréfaskráningu Íslands við lokun viðskipta föstudaginn 4. janúar munu fá sent tilboðsyfirlit, samþykkiseyðublað og svarsendingarumslag.

Framangreind göng verður einnig hægt að nálgast hjá H.F. Verðbréfum hf. Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík og á heimasíðu fyrirtækisins www.hfv.is.

**Tilboðsverð**
Verð samkvæmt tilboðinu er 265 sænskar krónur (SEK) fyrir hvern hlut, kvaða- og veðbandalausan.

**Gildistími tilboðs**
Tilboðið gildir frá 8. janúar 2008 til 23:59 að New York tíma þann 5. febrúar (04:59 að morgni 6. febrúar að íslenskum tíma).

Nánari upplýsingar um tilboðið er að finna í tilboðsyfirlitinu sem nálgast má á heimasíðu H.F. Verðbréfa hf. www.hfv.is.

H.F. VERÐBRÉF


Ali Zbeidat, Palestínumaður og ísraelskur ríkisborgari, í Alþjóðahúsinu í dag:

# Ríkisborgari í óvinveittu ríki

**PALESTÍNA** Ali Zbeidat er einn af milljón Palestínumönnum sem njóta ríkisborgararéttinda í Ísraelsríki. Hann lítur þó engan veginn á Ísrael sem sitt þjóðríki. Það vilji enda útiloka aðra menn en gyðinga og sé vægast sagt óvinveitt Palestínumönnum.

Samkvæmt skilgreiningu er Ísraelsríki gyðinglegt ríki og Ali bendir á að ráðamenn þar fari ekki sérlega leynt með „hreinsun" sína af Palestínumönnum úr ríkinu.

Fyrir utan glæpsamlega framkomu við þá sem byggja risavaxnar fangabúðir Gaza-svæðis og Vesturbakka geri ýmsar stofnanir ríkisins löggiltum Ísraelsmönnum af palestínskum uppruna einnig lífið leitt á margan hátt.

Um árabil hefur Ali til dæmis þurft að berjast fyrir því að halda húsi sínu í Galíleu frá því að verða jafnað við jörðu. Hann bjó í Hollandi í sjö ár og honum stóð til boða að gerast hollenskur ríkisborgari. Þess í stað ákvað hann að fara aftur til Ísraels, enda eru þar ættingjar hans og rætur.

Ali Zbeidat hefur lengi verið virkur í mannréttindabaráttu Palestínumanna. Hann fjallar um hlutskipti þeirra Palestínumanna sem búa innan landamæra Ísraels á opnum fundi í Alþjóðahúsinu klukkan 14 í dag. - kóþ



**ALI ZBEIDAT** Segir að bæði vinstri- og hægrisinnaðir sagnfræðingar í Ísrael viðurkenni nú að þar hafi farið fram bláköld þjóðernishreinsun síðan 1948. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Framleiðandi lyfja fyrir dýr:

# Láðist að hækka verðið í þrjú ár

**LANDBÚNAÐUR** Fyrirtækinu Boehringer Ingelheim, sem framleiðir lyf fyrir dýr, láðist í heil þrjú ár að breyta verðskrá sinni fyrir Íslandsmarkað.

Fyrir vikið kom í ljós allt að nítján prósenta verðhækkun á lyfjum fyrirtækisins þegar verðskrá dýralyfja var uppfærð á vef Landssambands kúabænda á dögunum. Vakin var athygli á þessari miklu verðhækkun á vef sambandsins og skýringa óskað.

Voru þær á þá leið að framleiðanda hefði láðst að breyta verðinu í þrjú ár og hækkunin því orðið jafn mikil og raun bar vitni þegar upp komst. - bþs

Forsætisráðherra Ísraela segir ekki nóg að gera kröfur til Palestínumanna:

# Olmert viðurkennir svik við loforð

**JERÚSALEM, AP** Ehud Olmert, forsætisráðherra Ísraels, viðurkenndi í blaðaviðtali í gær að Ísraelar hefðu ekki staðið sem skyldi við loforðin sem Palestínumönnum hafa verið gefin í friðarsamningum um að hemja framkvæmdagleði ísraelskra landtökumanna.

„Það er ákveðið misræmi milli þess sem við sjáum eiga sér stað og þess sem við höfum sjálf lofað," sagði Olmert í dagblaðinu Jerusalem Post. „Við höfum alltaf kvartað undan því að mótherjar okkar brjóti loforð sín, en það á ekki bara að gera kröfur til annarra. Við verðum sjálf að standa við skuldbindingar okkar. Þetta er ákveðið vandamál."

Olmert segir þetta fáeinum dögum áður en George W. Bush Bandaríkjaforseti heldur til Ísraels og herteknu svæðanna, meðal annars í þeim tilgangi að hvetja Ísraela og Palestínumenn til að semja um frið.

Á fimmtudag sagðist Bush bjartsýnn á að friðarsamningar gætu tekist áður en hann lætur af embætti Bandaríkjaforseta í byrjun næsta árs. Olmert segir þó í viðtalinu að Bandaríkjamenn hafi ekki beitt Ísraela neinum þrýstingi í þessum efnum. Þótt bæði Bandaríkjamenn og Ísraelar vilji að friðarsamningar takist sé enginn vissa fyrir því að árangur náist. - gb



**EHUD OLMERT** „Hann gerir aldrei neitt sem ég er ósammála," segir forsætisráðherra Ísraels um Bush Bandaríkjaforseta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**VERSTA SLYSIÐ** 199 manns fórust í mannskæðasta flugslysi ársins 2007, hinn 18. júlí á Congonhas-flugvelli við Sao Paulo í Brasilíu. NORDICPHOTOS/AFP

Fá flugslys í heiminum í fyrra:

# Eitt öruggasta ár flugsögunnar

**GENF, AP** Nýliðið ár var eitt hið slysaminnsta í flugsögunni, að því er óháð stofnun sem fylgist með flugöryggi í heiminum greinir frá. Leita þarf 44 ár aftur í tímann til að finna ár þar sem færri flugvélar hröpuðu en á árinu 2007, að því er stofnunin Aircraft Crashes Record Office í Genf segir.

Samkvæmt tölum stofnunarinnar fórust alls 965 manns í flugslysum á árinu, sem er fjórðungi færri en árið á undan. Og það þótt flugumferð hafi aukist um þrjú prósent milli ára; alls ferðuðust um 2,2 milljarðar manna með flugi í fyrra. - aa



**MÆTA VERÐLAGSBREYTINGUM** Allar helstu gjaldskrár hækka til að mæta verðlagsbreytingum ársins 2007.

Seltjarnarnes:

# Helstu gjaldskrár hækka

**SELTJARNARNES** Allar helstu gjaldskrár hækka um fjögur prósent hjá Seltjarnarnesbæ til að mæta verðlagsbreytingum ársins 2007. Fasteignaskattur fyrir íbúðarhúsnæði verður 0,20 prósent og 1,12 fyrir atvinnuhúsnæði. Lóðarleiga fyrir íbúðarhúsnæði verður 0,35 prósent og atvinnuhúsnæði 1,5 prósent. Vatnsskattur verður 0,10 prósent og fráveitugjald 0,097 prósent.

Elli- og örorkulífeyrisþegar fá afslátt af fasteignagjöldum íbúðarhúsnæðis til eigin nota.

Álagningarstuðull útsvars lækkar úr 12,35 prósentum, fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis var 0,24 prósent og vatnsskattur var 0,115 prósent í fyrra. - ghs

**SNÆFELLSBÆR**

### Fjölgaði um einn

Íbúar Snæfellsbæjar voru 1.703 þann 1. desember síðastliðinn samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Þetta þýðir að íbúum sveitarfélagsins hafi fjölgað um einn á milli ára.


# Framtíðin er okkar verkefni!

Opnir fundir ráðherra og þingmanna Samfylkingarinnar í öllum kjördæmum dagana 8. – 13. janúar 2007.



**ÞRIÐJUDAGUR 8. JANÚAR**

**Húsavík – Gamli Baukur kl. 20.00**
Framsögumenn:
Össur Skarphéðinsson, Einar Már Sigurðarson, Katrín Júlíusdóttir

**Bolungarvík – Einarshús kl. 20.00**
Framsögumenn:
Kristján L. Möller, Guðbjartur Hannesson, Karl V. Matthíasson

**Reykjavík – Laugalækjarskóli, Laugardal kl. 20.00**
Framsögumenn:
Jóhanna Sigurðardóttir, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, Ellert B. Schram

**Kópavogur – Hamraborg 11, 3. hæð kl. 20.00**
Framsögumenn:
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Lúðvík Bergvinsson, Gunnar Svavarsson, Árni Páll Árnason

**MIÐVIKUDAGUR 9. JANÚAR**

**Akureyri – Hótel KEA kl. 20.00**
Framsögumenn:
Kristján L. Möller, Einar Már Sigurðarson, Ellert B. Schram

**Blönduós – Ósbæ, Þverbraut 1 kl. 20.00**
Framsögumenn:
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Guðbjartur Hannesson

**Sandgerði – Fræðasetrið, Garðvegi 1 kl. 20.00**
Framsögumenn:
Björgvin G. Sigurðsson, Lúðvík Bergvinsson, Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir

**Reykjavík – Foldaskóli, Grafarvogi kl. 20.00**
Framsögumenn:
Ágúst Ólafur Ágústsson, Helgi Hjörvar, Steinunn Valdís Óskarsdóttir

**Hafnarfjörður – Strandgata 43 kl. 20.00**
Framsögumenn:
Jóhanna Sigurðardóttir, Gunnar Svavarsson, Katrín Júlíusdóttir, Árni Páll Árnason

**FIMMTUDAGUR 10. JANÚAR**

**Neskaupstaður – Egilsbúð kl. 20.00**
Framsögumenn:
Kristján L. Möller, Einar Már Sigurðarson, Ágúst Ólafur Ágústsson

**Hveragerði – Samfylkingarhúsið, Reykjamörk 1 kl. 20.00**
Framsögumenn:
Björgvin G. Sigurðsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson

**Reykjavík – Kjarvalsstaðir, Hlíðahverfi kl. 20.00**
Framsögumenn:
Þórunn Sveinbjarnardóttir, Steinunn Valdís Óskarsdóttir, Helgi Hjörvar

**LAUGARDAGUR 12. JANÚAR**

**Mosfellsbær – Hlégarði kl. 13.00**

Flokksstjórnarfundur Samfylkingarinnar
Framsaga: Ingibjörg Sólrún Gísladóttir formaður Samfylkingarinnar

Brýnustu verkefni framundan
Framsaga: Dagur B. Eggertsson borgarstjóri
Pallborðsumræður

Ráðherrar Samfylkingarinnar sitja fyrir svörum

Fundurinn er opinn öllum félögum í Samfylkingunni

Málefnanefndir og verkalýðsmálaráð Samfylkingarinnar funda í Hlégarði frá kl. 9.00

**SUNNUDAGUR 13. JANÚAR**

**Vestmannaeyjar – Höllin kl. 20.00**
Frummælendur:
Björgvin G. Sigurðsson, Kristján L. Möller, Lúðvík Bergvinsson

**Allar nánari upplýsingar eru veittar á vef Samfylkingarinnar: www.xs.is**

**Allir velkomnir!**

Samfylkingin

## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

**OMX ÍSLAND 15**
6.144 **-3,27%**

**Fjöldi viðskipta:** 615
**Velta:** 11.434 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **MAREL** | 0,5% | **EXISTA** | -6,20% |
| | | **SPRON** | -5,81% |
| | | **ATLANTIC PET.** | -5,64% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: ATORKA 9,68 -2,22% ... BAKKAVÖR 55,60 -3,47% ... EIMSKIPAFÉLAGIÐ 33,90 -1,6% ... EXISTA 17,40 -6,2% ... FL GROUP 13,10 -4,73% ... GLITNIR 20,95 -2,56% ... ICELANDAIR 26,60 -3,1% ... KAUPÞING 820,00 -3,19% ... LANDSBANKINN 33,70 -3,33% ... MAREL 101,50 +0,5% ... SPRON 8,10 -5,81% ... STRAUMUR-BURÐARÁS 14,58 -2,8% ... ÖSSUR 99,50 -0,1% ... TEYMI 5,87 -1,68%**

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Róbert hyggst setjast í stjórn Glitnis

**Forstjóri Actavis segir eigin fjárfestingarfélag ekki taka tíma frá forstjórastarfinu. Hann boðar uppbyggingu á sviði heilsutengdrar þjónustu og keypti Grænan kost og Himneska hollustu.**

**VIÐSKIPTI** Róbert Wessman, eigandi fjárfestingarfélagsins Salts og forstjóri Actavis, hyggst fara fram á sæti í stjórn Glitnis á næsta hluthafafundi, en Salt keypti á dögunum tveggja prósenta hlut í Glitni fyrir um 7,5 milljarða króna. „Þetta hefur borið á góma en á þó aðeins eftir að koma í ljós. Ég reikna hins vegar fastlega með því að taka sæti í stjórninni,“ sagði Róbert í hádegisviðtali Markaðarins á Stöð 2 í gær.

Kaupin eru að einhverjum hluta fjármögnuð með lántökum en Róbert segist ekki kvíða skuldadögum. „Við fórum af stað með Salt á réttum tíma, áttum ekkert í skráðum félögum og höfum því ekki lent í þessari niðursveiflu sem margir á markaðnum hafa glímt við.“

Aðspurður sagði Róbert að ekki kæmi til hagsmunaárekstra, þótt hann færi nú fyrir eigin fjárfestingarfélagi auk þess að stýra Actavis sem forstjóri. „Ég hef nú alltaf fjárfest sjálfur en þær fjárfestingar fengu hins vegar ekki nafn fyrr en fyrir fjórum, fimm mánuðum. Þetta væri hugsanlega öðruvísi ef Actavis væri enn skráð félag með fjögur þúsund hluthafa. Nú eru eigendurnir hins vegar einungis tveir.“

Salt keypti einnig á dögunum þriðjungshlut í Latabæ, og á auk þess Grænan kost og Himneska hollustu. Róbert sagði ætlunina að halda áfram upppbyggingu á sviði heilsutengdrar þjónustu og ýjaði að því að enn frekari kaup væru í burðarliðnum. **- jsk**



**RÓBERT WESSMAN, FORSTJÓRI ACTAVIS OG EIGANDI SALTS** Salt á nú tveggja prósenta hlut í Glitni og hefur nýlega keypt þriðjungshlut í Latabæ. Róbert Wessman segist leggja mikla áherslu á fjárfestingar í heilsugeiranum.

# Novator vill auka hlut sinn í Elisa

Novator, fjárfestingarfélag Björgólfs Thors Björgólfssonar, útilokar ekki að hlutur félagsins í finnska farsímafyrirtækinu Elisa verði aukinn, eða hafi þegar verið aukinn.

Novator er nú skráð fyrir 11,5 prósenta hlut í finnska félaginu. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins má vera að hluturinn verði eða hafi þegar verið aukinn.

Novator hefur lagt til breytingar á skipulagi Elisa og krefst þess að fá fulltrúa í stjórn félagsins. Hugmyndirnar hafa mætt andstöðu stjórnar félagsins og ýmissa annarra hluthafa.

Aukaaðalfundur verður haldinn í félaginu 21. þessa mánaðar, þar sem framtíð félagsins verður ákveðin.

Novator hefur sagst munu kynna hugmyndir sínar fyrir hluthöfum, einkum erlendum fjárfestum sem samanlagt ráði um helmingi hlutafjár.



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Íhugar að auka við hlut sinn í Elisa fyrir hluthafafundinn síðar í þessum mánuði.

Stærstu hluthafarnir á eftir Novator eru nokkrir finnskir lífeyrissjóðir sem samanlagt eiga um átta prósenta hlut, en þeir juku hlut sinn úr fimm prósentum skömmu fyrir áramót.

Eignaraðild í Elisa er mjög dreifð. Hluthafar eru yfir 200 þúsund, en munu samt hafa mikil áhrif á hluthafafundum. **- ikh**

# Hundrað Boeing-þotur pantaðar á einu bretti

**DAE kaupir sjötíu Boeing-737, fimmtán 787, tíu 777-300ER og fimm 747-8 fraktvélar. Listaverð vélanna nemur 10,9 milljörðum dala, eða um 675 milljörðum króna.**

Gengið hefur verið frá samningi um kaup Dubai Aerospace Enterprise (DAE) á 100 flugvélum fyrir 10,9 milljarða Bandaríkjadali af flugvélaframleiðandanum Boeing. Upphæðin jafngildir 675 milljörðum króna. Gengið var frá samningunum á mánudag, en skrifað hafði verið undir viljayfirlýsingu um kaupin á flugvélasýningunni Dubai Air Show í byrjun nóvember.

Þoturnar sem DAE kaupir eru með í tölum yfir pantanir ársins 2007 hjá Boeing. Frá því hefur verið greint að í fyrra hafi verið metár í sameiginlegum fjölda pantana hjá Boeing og aðalkeppinautnum Airbus.

Í tilkynningu Boeing um kaupin er haft eftir Marty Bentrott, nýskipuðum varaforstjóra sölusviðs Boeing í Miðausturlöndum og Afríku að samningurinn marki tímamót í samstarfi félagsins við DAE. Afhending vélanna nær, að því er hann segir, langt fram á næsta áratug og telur hann að flugvélarnar verði eftirsóttar á leigumarkaði.

DAE Capital, ein af sex undirdeildum DAE samstæðunnar, kaupir vélarnar og ætlar sér á skömmum tíma að verða leiðandi á leigumarkaði flugvéla í heiminum, að því er haft er eftir Bob Genise, forstjóra DAE Capital.

**olikr@markadurinn.is**




# Gullverð ekki hærra á öldinni

Verð á gulli fór í hæstu hæðir á miðvikudag. Þetta var í öfugu hlutfalli við þróun á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum á nýju ári en í samræmi við ótta manna við að verðbólga á helstu markaðssvæðum sé að aukast samhliða hugsanlegu samdráttarskeiði.

Óróleiki á fjármálamörkuðum og lækkun Bandaríkjadals gagnvart helstu gjaldmiðlum á síðasta ári, þar af um ellefu prósent gagnvart evru, leiddi til þess að margir fjárfestar festu fé sitt í auknum mæli í öllu hefðbundnari eignum, svo sem í gulli. Þetta leiddi til þess að verð á málminum gyllta rauk upp um rúm þrjátíu prósent á mörkuðum á síðasta ári og fór í 863.11 dali á únsu í gær, sem er það hæsta sem sést hefur á öldinni. Tæp þrjátíu ár eru síðan viðlíka verðlagning sást á gullinu.

Fjármálasérfræðingar sögðu í samtali við Bloomberg-fréttaveituna í gær, að gangi spár manna um frekari lækkun stýrivaxta í Bandaríkjunum eftir samfara frekari lækkun Bandaríkjadals megi reikna með að gullverð eigi enn eftir að hækka og geti rofið 900 dala múrinn á allra næstu mánuðum, jafnvel farið í 1.800 dali eftir þrjú til fimm ár. **- jab**



**GULLSTANGIR** Fjárfestar hafa í auknum mæli tryggt sig gegn óróleika á hlutabréfamörkuðum með kaupum á gulli og öðrum málmum.

# 600 milljarðar á gjalddaga

„Ef fram fer sem horfir getum við mætt gjalddögum ársins með innlánum,“ segir Guðni Níels Aðalsteinsson, framkvæmdastjóri fjárstýringar hjá Kaupþingi.

Alls eru um 6,5 milljarðar evra, eða rúmlega 600 milljarðar íslenskra króna, á gjalddaga hjá bönkunum á árinu 2008.

Verg landsframleiðsla árið 2006 nam tæplega tólf hundruð milljörðum, svo það sem bankarnir greiða nemur ríflega helmingi þess.

Hjá Kaupþingi eru þetta 1,7 milljarðar evra. Guðni Níels segir að lausafjárstaða Kaupþings sé sterk. „Við getum rekið bankann í 360 daga og vel það.“

Lausafjárstaða Landsbankans nam um 9.6 milljörðum evra samkvæmt níu mánaða uppgjöri bankans 2007. Samkvæmt uppgjörskynningu mun bankinn endurgreiða 764 milljónir evra af langtímalánum sínum sem gjaldfalla á árinu 2008 og rúmlega 2,3 milljarða á árinu 2009.

Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, segir að afborganir ársins 2008 séu því frekar léttar. „Þau skref sem Landsbankinn steig í fjármögnun með innlánum í Bretlandi á nýliðnu ári hafa komið sér vel við núverandi aðstæður á alþjóðamörkuðum. En bankinn þarf þó að fjármagna sig jöfnum höndum á alþjóðlegum skuldabréfamarkaði og með áframhaldandi aukningu innlána. Reikna má með að staðan á alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum verði nokkuð þröng áfram á fyrstu mánuðum ársins 2008 eins og var á síðari hluta ársins 2007.“

Ingvar H. Ragnarsson, framkvæmdastjóri fjárstýringar hjá Glitni, segir að um 2,2 milljarðar evra séu á gjalddaga hjá móðurfélaginu hér á landi í ár, en um 1,1 milljarður evra hjá dótturfélögum í Noregi. Þetta sé aðeins minna en í fyrra. Miðað við síðustu tölur sem bankinn birti má reka hann í tólf mánuði án þess að utanaðkomandi fé komi til.

Fram kemur í fréttatilkynningu frá Straumi að langtímaskuldir sem gjaldfalli á árinu nemi 717 milljónum evra. Í upphafi ársins dugi tryggar lausafjáreignir bankans til að standa við allar skuldbindingar bankans í 270 daga.

Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri Spron, segir sparisjóðinn í mjög sterkri stöðu og að hann sé vel fjármagnaður. „Það er bara eitt lítið lán á gjalddaga í ár.“ **- ikh**



**HAUGUR AF EVRUM.** Bankarnir þurfa að greiða 6,5 milljarða evra upp í lán á árinu, eða sem nemur rúmum 600 milljörðum íslenskra króna.

**SKULDIR BANKANNA SEM FALLA Í GJALDDAGA Á ÁRINU 2008**

| | | |
|---|---|---|
| Glitnir | 3,300* | 306** |
| Kaupþing | 1,700* | 158** |
| Landsbanki | 764* | 74** |
| Straumur | 717* | 66** |
| *milljónir evra | | |
| *milljarðar króna | | |

# Verðbólguspá inni

„Talsmaður neytenda benti okkur á þetta,“ segir Friðrik Halldórsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings, um íbúðalánareiknivélina á vef bankans.

Henni hefur nú verið breytt þannig að hægt er að gera ráð fyrir verðbólgu við útreikning íbúðalána. Reiknivélin var óaðgengileg um nokkurra daga skeið meðan hún var lagfærð.

Lengi vel leyfði bankinn hugsanlegum lántakendum þetta ekki, þótt aðrir bankar gerðu það. Fjallað var um málið í Fréttablaðinu.

„Þetta verða svo háar tölur svo fólk getur átt erfitt með að skilja þær,“ segir Friðrik. Þetta sé í rauninni óeðlilegt því „fólk veit heldur ekkert um það hvernig launaþróun verður, svo dæmi sé tekið“. **- ikh**



**FRIÐRIK S. HALLDÓRSSON.** Breytu reiknivélinni fyrir neytendur.




# útsala

SAND WOMAN KRINGLUNNI 553 4141




## Land Cruiser 200 - Fullkomið frelsi

Það verður konungleg byrjun á nýju ári hjá söluaðilum Toyota um land allt nú um helgina. Þar ber hæst frumsýning á nýjum Land Cruiser 200, sem verður umkringdur öllum hinum stjörnunum frá Toyota.

Byrjaðu spennandi bílaár hjá Toyota. Veitingar í boði.

Opið:
Laugardagur kl. 12 - 16
Sunnudagur kl. 13 - 16

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

www.toyota.is




TODAY TOMORROW TOYOTA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ólafur Ragnar Grímsson hefur lyft embætti forseta upp um nokkra þyngdarflokka.

# Samræða forseta og þjóðar

JÓN KALDAL SKRIFAR

Ólafur Ragnar Grímsson hefur ár sín á Bessastöðum gegnt embætti forseta Íslands af óvenju miklum myndarskap. Geislandi sjálfstraust og fumleysi hefur einkennt allt fas hans og gerðir. En eins og er gjarnan um menn sem eru búnir slíkum kostum, er Ólafur Ragnar ekki óumdeildur maður.

Sem betur fer er óhætt að segja. Ef öllum væri slétt sama um hvað forsetinn er að fást við hverju sinni mætti alveg eins þurrka embættið út úr stjórnarskrá landsins. Ólafur Ragnar hefur hins vegar séð til þess að forseti Íslands rykfellur ekki á Bessastöðum.

Með framgöngu sinni hefur Ólafur Ragnar tryggt að embætti forseta er lifandi og áhrifamikil stofnun. Hiklaust má fullyrða að Ólafur Ragnar hafi lyft embættinu upp um nokkra þyngdarflokka. Á það bæði við innan lands og utan.

Innan landsteinanna má fyrst og fremst þakka það ákvörðun hans að synja umdeildum fjölmiðlalögum Davíðs Oddssonar undirritunar sumarið 2004. Varð Ólafur Ragnar þar með fyrstur forseta lýðveldisins til að nýta sér stjórnarskrárbundinn rétt embættisins til að leggja mál í dóm þjóðarinnar. Og þar þurfti sterk bein til. Þjóðin var að vísu svikin um þjóðaratkvæðagreiðsluna þegar þingið dró lögin til baka en sigur forsetans var afgerandi eins og hann rifjar upp í viðtali í nýjasta tölublaði Mannlífs: „Þegar ég skrifaði ekki undir fjölmiðlalögin á sínum tíma spáðu margir, sumir virtir aðilar í okkar samfélagi, að það myndi leiða til alvarlegrar stjórnkerfiskreppu, það myndi hrikta í stjórnskipun landsins. Staðreyndin varð sú að stjórnskipunin virkaði fullkomlega eðlilega og forsetinn beitti því valdi sem stjórnarskráin fól honum. Þingið brást við með því að lögin voru afnumin. Þau höfðu ekki stuðning þings eða þjóðar þegar á reyndi, allt féll í ljúfa löð og engin stjórnkerfiskreppa birtist okkur,“ segir forsetinn.

Og úti í heimi hefur Ólafur Ragnar verið glæsilegur og heimsborgaralegur fulltrúi þjóðar sinnar, hvort sem það er þegar hann hefur greitt götu íslenskra fyrirtækja eða komið fram sem gestafyrirlesari við virta háskóla á borð við Harvard.

Í Mannlífsviðtalinu er athyglisverður kafli þar sem Ólafur Ragnar ræðir um mikilvægi trausts sambands forsetans og þjóðarinnar: „Ef hann nýtur ekki trúnaðar þorra þjóðarinnar þá er alveg sama hvað einstaklingurinn sem gegnir embættinu lætur sér detta í hug, það er einfaldlega ekki framkvæmanlegt. Ætli þetta sé ekki kjarninn í hinu lýðræðislega eðli embættisins; þessi samræða forsetans og þjóðarinnar sem hvergi er nákvæmlega skilgreind en er engu síður fyrir hendi.“

Ólafi Ragnari hefur hingað til hvergi skjöplast í samræðulist sinni við þjóðina. Staða hans er svo sterk að engar líkur eru á að fram komi frambjóðandi sem getur att kappi við hann í sumar. Það á einfaldlega enginn séns í hann.

Hitt er annað mál að svipuð lögmál gilda um setu manna í áberandi embættum og um bækur. Góð bók skilur þannig við lesendur að þeir vilji meira, ekki þannig að þeir séu orðnir leiðir. Forsetinn hefur hingað til lesið þjóð sína hárrétt. Það á eftir að koma í ljós hvort sú sé einnig raunin nú þegar fjórða kjörtímabil hans á Bessastöðum blasir við.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871

ÚTSALAN ER HAFIN

50% afsláttur af jólavörum

40% afsláttur af völdum gerðum af sængurfatnaði

40% afsláttur af hvítum Líndesign handklæðum, Líndesign baðsloppum og ýmsum gerðum af púðum, dúkum, gluggatjöldum og diskamottum

Aðrar vörur í versluninni á 10% afslætti meðan á útsölu stendur

Lín DESIGN

Laugavegi 176 [gamla sjónvarpshúsinu] Sími 533 2220 www.lindesign.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Aðstoð óskast

Björn Bjarnason þykir með duglegri ráðherrum, reyndar svo duglegur að hann þarf ekki einu sinni á sérstökum aðstoðarmanni að halda eins og aðrir ráðherrar. Björn hefur verið án aðstoðarmanns allar götur síðan Þorsteinn Davíðsson kvaddi hann til að gerast deildarstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu síðastliðið haust. Í Mannlífi voru leiddar að því líkur að Björn hefði ekki haft fyrir því að ráða annan í starfið því hann sé á leið út úr pólitík. Því neitar Björn, sem hlýtur að þýða að hann er enn að leita að rétta manninum í starfið, góðir aðstoðarmenn eru jú ekki á hverju strái. Sem leiðir hugann að því að ekkert hefur spurst til Jóns Kristins Snæhólms lengi. Skyldi hann vera á lausu?



### Hvað gerir Ástþór?

Landsmenn bíða nú með kvíðahnútinn í maganum eftir því að Ástþór Magnússon kveði upp úr með hvort hann bjóði sig fram til forseta í sumar. Geri hann það væri það í þriðja sinn sem hann byði sig fram. Í kosningunum fyrir fjórum árum lét hann engan bilbug á sér finna þótt hann hafi fengið innan við 2000 atkvæði. Aðspurður á kosninganótt hvort það væru honum ekki vonbrigði svaraði hann kokhraustur: „Hvað hafði Jesú marga lærisveina?“

### Nútíma stjórnunarhættir

Eins og allir framkvæmdastjórar vita skiptir fátt meira máli í rekstri fyrirtækja en hagræðing. Í þeim tilgangi hafa fyrirtæki á Vesturlöndum gripið sífellt meira til þess ráðs á undanförnum árum að úthýsa störfum, sem svo er kallað. Þetta fyrirkomulag hefur verið að ryðja sér til rúms meðal fyrirtækja hér á landi. Nú hefur Guðjón Pedersen leikhússtjóri til dæmis fundið glænýjan flöt á þessu og úthýst Jóni Viðari Jónssyni, leikhúsrýni DV, úr Borgarleikhúsinu. Þetta hefur sjálfsagt mikla hagræðingu í för með sér; Leikfélag Reykjavíkur þarf ekki lengur að splæsa miða á Jón Viðar og er talið að sparnaðurinn hlaupi á þúsundum króna.



bergsteinn@frettabladid.is

# Maður ársins



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | Ársuppgjör

Ég fylgdist með öllum hátíðarhöldunum og ræðunum um áramótin. Tók að sjálfsögðu þátt í þeim með tilheyrandi skálaglaumi og vangakossum. Bauð nýja árið velkomið með myndarlegum flugeldi sem fór langleiðina upp í Esju áður en hann sprakk. Hlustaði á forsetann, biskupinn og forsætisráðherra flytja ávörp til þjóðarinnar og gladdist með þeim sem útnefndir voru menn ársins. Sem mér fannst þó seint í rassinn gripið því Jónas Hallgrímsson var tvímælalaust maður ársins, tvö hundruð árum frá fæðingu sinni. Geri aðrir betur. Það er svo annað mál hvort unga kynslóðin skilji Jónas. Hvað þá nýju Íslendingarnir, útlendingarnir sem hér eru að setjast að. Alþjóðavæðingin virkar nefnilega í báðar áttir. Í þau fáu skipti sem ég lagði leið mína í Kringluna og Smárann á þessu ári, til að dreifa bæklingum í kosningabaráttunni í vor og spjalla við kjósendur, reyndist annar hver maður af pólsku eða taílensku bergi brotinn og hefur sjálfsagt haldið að ég væri karlinn á kassanum eða góði dátinn Zweig. Þeir svöruðu mér á hrognamáli og hurfu á braut.

**Karlinn á kassanum**

Svo er það hitt að flestir helstu auðjöfrarnir, sem kosnir voru menn ársins hér heima, eru fluttir búferlum til New York eða London og maður má kallast hólpinn ef þeir kannast við mann og ef maður kannast við þá. Það er svo komið fyrir mér að ef ég hitti huggulegan ungan mann í dökkum jakkafötum, spyr ég sjálfan mig: skyldi hann vera milljóner þessi? Þannig fór fyrir mér þegar ég heimsótti forsetann á Bessastaði á nýjársdag (þangað er boðið öllum fyrirmönnum þjóðfélagsins og mér líka). Heilsaði mönnum í bak og fyrir án þess að þekkja þá með nafni og fór á taugum. Flúði út. Er ekki lengur samkvæmishæfur innan um alla þessa mógúla og milljarðamæringa, þó skömm sé frá að segja. Auðvitað á ég ekki að hafa neina minnimáttarkennd gagnvart fólki sem gerir það gott og talar ennþá íslensku og ef ég kynntist þeim betur eða þeir mér, mundi ég eflaust getað rifjað upp ættarsögu þeirra og sagt þeim frá kynnum mínum af afa þeirra eða langafa í Verkó í gamla daga. Ef þeir nenntu að hlusta á það.

*Hlustaði á forsetann, biskupinn og forsætisráðherra flytja ávörp til þjóðarinnar og gladdist með þeim sem útnefndir voru menn ársins. Sem mér fannst þó seint í rassinn gripið því Jónas Hallgrímsson var tvímælalaust maður ársins, tvö hundruð árum frá fæðingu sinni.*

Vandinn er nefnilega sá að það nennir enginn að hlusta lengur. Eða má ekki vera að því. Annars gætu þeir tapað á hlutabréfamarkaðnum eða misst af góðum díl.

**Í sviðsljósinu**

Ég fékk enga rauðvínsflösku frá bankanum mínum sem segir mér að það sé búið að afskrifa mig en ég fékk golfskó í jólagjöf frá konu minni, sem eru skilaboð um það hvar hún vill hafa mig í sumar. Það er ekki svo slæmt. Hún er ekki alveg búin að afskrifa mig eins og bankinn! Það að auki hef ég nógan tíma vegna þess að maður hefur verið kjaftstopp í þinginu með sín mál vegna málæðis annarra þingmanna. Ég brann inni með einar þrjár ræður núna fyrir áramótin, sem allar voru gulls í gildi og fólk er farið að spyrja mig, hvað ég sé eiginlega að gera niður á Alþingi og þetta fer að verða spurning um að sitja í sætinu sínu og sjást í bakgrunninum, þegar verið er að sjónvarpa frá upphlaupunum í kjaftöskunum. Annars er maður afskrifaður eins og í bankanum.

Eða hvað? Þarf maður að vera stöðugt í sviðsljósinu til að vera maður með mönnum? Maður ársins?

Gamall vinur minn hrósar um þessar mundir sigri yfir alkohólisma og er hættur að drekka. Annar hefur dregið sig í hlé frá vinnu og erli og lætur sér líða vel með sjálfum sér. Sá þriðji gleðst yfir bættri heilsu á ögurstund og enn eru óupptalin hjónin sem gátu endurnýjað hjónaband sitt og ástina. Svo ekki sé minnst á fólkið sem gleðst yfir litlu, lætur lítið yfir sér en er kjarninn og grasrótin í því góða mannlífi, sem við þrífumst í. Allt er þetta fólk „maður ársins“. Hver með sínum hætti. Sumir græddu pening og ég gleðst yfir því. Aðrir græddu lengra líf og ég tek ofan fyrir þeim. Allt hefur þetta fólk lagt sitt af mörkum, þótt það hafi ekkert gert af sér og hvergi verið í sviðsljósinu. Og sést ekki einu sinni í bakgrunninum.

Einhvern veginn leggst það þannig í mig, að þetta fólk verði áfram menn ársins, hver með sínum hætti. Hver með sína litlu sigra í hverdagsleikanum.

# Beðið eftir ríkisstjórninni

**UMRÆÐAN**

Kjarasamningar



GUÐMUNDUR GUNNARSSON

Samningaviðræður eru ekki komnar af stað aftur, utan örfárra funda um tiltekin mál. Samningamenn telja sig þurfa skýrari svör frá ríkisstjórninni um hver séu áform hennar um lækkun skatta og breytingar á jaðarsköttum. Við upphaf viðræðna lagði SA fram tillögu um að allir lágmarkstaxtar yrðu hækkaðir um krónutölu, auk svokallaðrar launatryggingar. Launatrygging þýðir að þeir sem hafa fengið minni launahækkun frá 1. sept. 2006 en tiltekinn brotpunktur, fá launahækkun sem nemur því sem upp á vantar. Þeir sem hafa fengið launaskrið umfram brotpunkt fá ekkert. Þessi aðferð gerir það að verkum að það skapast meira svigrúm til þess að setja í lægstu taxtana.

ASÍ forystan telur að þetta dugi ekki nema að stjórnvöld komi að málinu og persónuafsláttur verði hækkaður upp í 150 þús.kr. en deyi út við 300 þús. kr. tekjur. Skerðing barnabóta verði hækkuð í 150 þús. kr. úr 90 þús. kr. og eignastuðull í vaxtabótakerfinu verði færður í sama stað og hann var eða hækkaður um 50%. Þessar aðgerðir myndu kosta ríkissjóð um 14 milljarða króna og er lagt til að þær dreifist á 3 ár. Ef ríkisstjórn fellst á þessar aðgerðir þá aukast ráðstöfunartekjur hjóna með tvö börn, sem eru samtals með 300 þús. kr. laun á mánuði, a.m.k. um 40 þús. kr. á mánuði.

Ef ekki verði hægt að spila þessu saman þá telja stéttarfélögin að þá verði SA að setja mun meiri kostnaðarauka í tillögur sínar. Það eykur hins vegar hættuna á að fyrirtækin nái ekki að verja það með aukinni framleiðni og hleypi kostnaðarauka út í verðlagið sem auki á verðbólguna. Það tryggir nánast tveggja stafa verðbólgu þegar líður á árið. En svo er hin klassíska leið með sem nánast alltaf hefur verið farin, að setja flata prósentuhækkun á alla taxta, það er talin pottþétt leið til þess að tryggja verðbólgu í tveggja stafa tölu í nokkur ár. Vilji ríkisstjórnin koma að efnahagsstjórn af festu verður hún að koma að þessari afdrifaríku ákvörðun.

*Höfundur er formaður Rafiðnaðarsambands Íslands.*

# Fjárhagsleg heilsa þín

skiptir öllu máli!

Byrjaðu á **byr.is**

– kannaðu fjárhagslega heilsu þína
og komdu með í ræktina!

BYR
SPARISJÓÐUR

DYNAMO REYKJAVÍK

**Átt þú enskt Linguaphone námskeið?**

Mig vantar enskt Linguaphone námskeið, aðallega sjálfa textabókina, en í henni er íslensk skýring neðanmáls á sömu blaðsíðu og enski textinn kemur fram.
Uppl. í síma 865 7013.

**Bílar til sölu:**




**Toyota Land Cruiser 120 VX**
Árgerð 2004, Ekinn 108 þ.km, Dísel, 2982 cc. slagrými, 163 hestöfl
Sjálfskipting, Breyttur 35" dekk, 8 manna, Ljósakastarar

Verð 4.790.000
Möguleg skipti á ódýrari




**Jaguar Sovereign 3.2 Auto**
Árgerð 1991, Bensín, Ekinn 140 þ., Bensín, 3239 cc. slagrými, 6 strokkar
203 hestöfl, Sjálfskipting, Leðurklæðning, ABS, viðarklæðning

Verð 590.000 stgr.

**S. 821 3494**

DANSSKÓLI Heiðars ÁSTVALDSSONAR ehf.

*Sveiflaðu þér í form!*

**Kennum samkvæmisdans fyrir alla aldurshópa og tökum yngst fjögurra ára**

**Sérnámskeið í Salsa**

Gríðarleg reynsla kennara eftir sex námsferðir til Kúbu



**Sérnámskeið í Hipp Hopp og Freestyle**

Hipp hopp snillingurinn Erla kennir bestu taktana

**Reykjavík – Mosfellsbær – Hveragerði**

Fyrstu hóparnir byrja **08.janúar 2008**. Innritun og upplýsingar í síma **551-3129 frá 16:00 – 22:00** daglega



Auglýsingasími

512 50 50



– Mest lesið




MAÐUR VIKUNNAR

# Bauð sig fram til inspector

Guðni Albert Jóhannesson, nýskipaður orkumálastjóri, er sagður vera einstaklega iðinn og áhugasamur um fræði sín. Hann hefur síðastliðin þrettán ár veitt byggingartæknideild Konunglega verkfræðiháskólans í Stokkhólmi forstöðu. Frá árinu 1990 hafa hann og fjölskylda hans verið búsett í Svíþjóð en hann hyggur nú á Íslandsdvöl til að sinna verkefnum Orkumálastofnunar, næstu fimm árin að minnsta kosti.

Guðni ólst upp á Hverfisgötunni í Reykjavík, næstyngstur fimm systkina. Elsta systirin, Sigríður Jóhannesdóttir, fyrrverandi alþingismaður, segir litla bróður sinn hafa verið einstaklega ljúft barn. „Hann var óvenjulega gott og yndislegt barn. Alla tíð man ég eftir honum sem metnaðarfullum námsmanni. Hann var duglegur að læra og góður í öllu, nema kannski skrift," segir Sigríður, sem er átta árum eldri en Guðni.

Guðni var líka mikill sveitastrákur og notaði hvert tækifæri til að dvelja á Karláksvöllum í Dalasýslu. Þar vann hann við sveitastörf fram á unglingsaldur þegar önnur störf toguðu í hann eins og gengur.

Eftir grunnskóla hélt Guðni í Menntaskóla Reykjavíkur og sló ekkert af í náminu frekar en fyrri daginn. Hann var fljótt orðaður við vinstri pólitíkina í skólanum og fór svo á endanum að hann varð fulltrúi vinstri manna í kjöri til Inspector scholae vorið 1970. Hann lét því að sér kveða í félagsmálum samhliða námi. Andstæðingur hans í þá daga var Geir H. Haarde, sem nú er forsætisráðherra. Fór svo að Guðni tapaði eins og venja var þegar hægri- og vinstrimenn öttu kappi í kosningum á þessum árum í MR.

Á menntaskólaárunum kynntist Guðni líka núverandi eiginkonu sinni, Bryndísi Sverrisdóttur. Eftir stúdentspróf fór hann í verkfræði í Háskóla Íslands og Bryndís lauk sínu námi í MR. Árið 1973 héldu þau svo til Lundar í Svíþjóð þar sem Guðni lagði stund á framhaldsnám í eðlisverkfræði og svo fór hann í byggingareðlisfræði með sérstaka áherslu á orkusparnað. Bryndís hins vegar stundaði nám í þjóðháttafræði og fornleifafræði.

Mánuði áður en haldið var utan til Svíþjóðar fæddist þeim lítil stúlka, Gunnhildur Margrét, sem auðvitað fylgdi foreldrum sínum. Sumarið 1974 kvæntist svo Guðni Bryndísi á Íslandi þar sem fjölskyldurnar bjuggu. Faðir Bryndísar er Sverrir Hermannsson, fyrrverandi ráðherra Sjálfstæðisflokksins og formaður Frjálslynda flokksins.

„Hann er afskaplega viðmótsþýður drengur og verkmaður mikill," segir Sverrir og sparar ekki stóru orðin til að lýsa tengdasyni sínum. Verkefnin sem hann sinni eigi hug hans allan enda leitað til hans víða um heim. „Svo er hann líka áhugamaður um laxveiði og hefur komið heim til að veiða."

Spurður hvort veiðin sé hans áhugamál segir Sverrir verkfræðina og orkumálin vera hans áhugamál. „Hitt er tómstundagaman eingöngu."

Árið 1978 bættist nýr fjölskyldumeðlimur í hópinn þegar Sverrir Guðnason fæddist í heiminn. Sverrir er vel þekktur leikari í Svíþjóð, bæði á leiksviði og í bíómyndum. Gunnhildur leggur stund á framhaldsnám í læknisfræði í Gautaborg með háls-, nef- og eyrnalækningar sem sérgrein. Bæði búa í Svíþjóð með fjölskyldum sínum.

Guðni vann við Háskólann í Lundi til ársins 1982 þegar fjölskyldan flutti á klakann. Fyrst vann hann hjá Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins en stofnaði svo sína eigin verkfræðistofu. Pólitísk afskipti hófust á þessum árum og haslaði Guðni sér völl innan Alþýðubandalagsins. Var hann í stjórn og síðar formaður Alþýðubandalagsfélagsins í Reykjavík. Samtíða honum þar voru Álfheiður Ingadóttir og Mörður Árnason sem dæmi. Nokkur átök voru á milli Svavars Gestssonar og Ólafs Ragnars Grímssonar á þessum árum og tók Guðni stöðu með fólki sem fylgdi áherslum Ólafs Ragnars eftir.

Guðni tók þátt í prófkjöri innan Alþýðubandalagsins, sem gekk ekki sem skyldi á þessum árum. Mörður Árnason var virkur þátttakandi í starfi Alþýðubandalagsins og segir að Guðni hefði verið gott efni í stjórnmálamann. Líklega hafi úrslit prófkjörsins haft einhver áhrif á hvað hann tók sér endanlega fyrir hendur. Hann hafi haft val um að snúa sér farsælum ferli innan verkfræðinnar. „Það var mjög fínt að vinna með Guðna. Hann var frjór og traustir í samstarfi og hefði átt framtíð fyrir sér í pólitík hefði hann lagt það fyrir sig," segir Mörður.

Pólitískur ferill Guðna endaði á því að hann gaf kost á sér á lista Alþýðubandalagsins í Reykjavík fyrir alþingiskosningarnar 1987. Skipaði hann sjötta sæti listans, sem Svavar Gestsson leiddi.

Árið 1990 flutti svo fjölskyldan út til Svíþjóðar aftur. Guðni hefur veitt Byggingartæknideild Verkfræðiháskólans forstöðu síðastliðin þrettán ár og borið ábyrgð á fjármögnun hennar og rekstri. Hann hefur sem prófessor skipulagt og stjórnað rannsóknum, bæði grundvallarrannsóknum og hagnýtum, og tengt þær við atvinnulífið og samfélagið. Hann hefur átt þátt í að stofna nokkur sprotafyrirtæki á Íslandi og í Svíþjóð, starfað sem stjórnandi og setið í stjórn nokkurra fyrirtækja. Guðni er þekktur innan alþjóðasamfélagsins og hefur haldið fjölda erinda á alþjóðlegum ráðstefnum á sviði orkumála.

Bryndís segir að þótt eiginmaður hennar hafi alltaf verið mjög vinnusamur verji fjölskyldan góðum tíma saman. Þau hafi til dæmis fyrr á árum ferðast nokkrum sinnum um Evrópu á bíl og gist í tjaldi. Þau hafi einnig farið á skíði og rennt fyrir fisk. Sambandið við Ísland hafi alltaf verið mjög sterkt og þau bæði komið reglulega til landsins. Spurð hvort Guðni hafi rifist mikið við tengdaföður sinn um pólitík í fjölskylduboðum segir Bryndís: „Nei, það urðu aldrei árekstrar þeirra á milli. Þeir eru mjög góðir vinir."

## GUÐNI A. JÓHANNESSON




## ÆVIÁGRIP

Guðni Albert Jóhannesson fædist 27. nóvember árið 1951. Hann ólst upp á Hverfisgötunni í Reykjavík, næstyngstur fimm systkina. Bryndísi Sverrisdóttur kynntist hann í MR og giftu þau sig árið 1974. Eiga þau tvö börn, Gunnhildi Margréti lækni sem fæddist árið 1973 og Sverri leikara sem leit dagsins ljós árið 1978. Eftir verkfræðinám í Háskóla Íslands stundaði Guðni nám við Háskólann í Lundi. Var eðlisverkfræði helsta sérgrein hans og síðar byggingareðlisfræði með áherslu á orkusparnað. Árið 1982 flutti fjölskyldan heim og bjó á Íslandi til 1990 þegar þau fluttu aftur út til Svíþjóðar. Á Íslandi vann Guðni á Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og stofnaði sína eigin verkfræðistofu. Hann var formaður Alþýðubandalagsins í Reykjavík og var í sjötta sæti á lista flokksins í Reykjavík fyrir alþingiskosningarnar 1987. Síðustu þrettán árin hefur hann verið forstöðumaður byggingartæknideildar Konunglega verkfræðiháskólans í Stokkhólmi.

## KOSTIR/LESTIR

Flestir eru sammála um að Guðni er mjög vinnusamur og áhugasamur um sérgrein sína. Hann er sagður frjór í hugsun og traustur samstarfsmaður. Námsmaður var hann góður. Á yngri árum átti hann það til að skrifa illa og einhverjir töldu það ókost að hann fylgdi Alþýðubandalaginu að málum.

## HVAÐ SEGJA AÐRIR?

„Hann var óvenjulega gott og yndislegt barn. Alla tíð man ég eftir honum sem metnaðarfullum námsmanni," segir Sigríður Jóhannesdóttir, systir Guðna og fyrrverandi þingmaður Alþýðubandalagsins.

„Hann er afskaplega viðmótsþýður drengur og verkmaður mikill," segir Sverrir Hermannsson, tengdafaðir Guðna og fyrrverandi ráðherra og formaður Frjálslynda flokksins.

SJÓNVARPSTÆKI HEYRNARTÓL BÍLHÁTALARAR BÍLTÆKI ÚTVÖRP HLJÓMBORÐ BÍLMAGNARAR
MYNDAVÉLAR HÁTALARAR
DVD SPILARAR FERÐATÆKI
ELDAVÉLAR LCD SJÓNVÖRP
ÞVOTTAVÉLAR PLASMA SJÓNVÖRP
MYNDBANDSTÆKI ÍSSKÁPAR MP3 SPILARAR
VÖFFLUJÁRN MAGNARAR
RAKVÉLAR
REIKNIVÉLAR
RYKSUGUR
SAMLOKUGRILL
HÁFAR

# RISA ÚTSALA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

UPPÞVOTTAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR KAFFIVÉLAR STRAUJÁRN BLANDARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR HRÆRIVÉLAR

## OPIÐ ALLA HELGINA!

BROT AF ÞVÍ BESTA

**Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárblásarar og fleira frá kr. 995**

**PHILIPS flatsjónvörp á frábæru verði**

**KENWOOD hrærivélar með allt að 40% afslættti**

Pottar og pönnur frá Bialetti og Tefal með 30% afslætti
Panasonic RYKSUGA – Verð áður kr. 6.995 – Verð nú kr. 4.995
Philips keramik SLÉTTUJÁRN – Verð áður kr. 4.995 – Verð nú kr. 2.995
220 lítra FRYSTIKISTA – Verð áður kr. 36.995 – Verð nú kr. 26.995

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**

OPIÐ LAUGARDAG 10-18
OG SUNNUDAG 13-18

Fyrstur kemur, fyrstur fær!

Heimilistæki
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26<br>SÍMI 569 1500 | GLERÁRGÖTU 36<br>460 3380 | GARÐARSBRAUT 18A<br>464 1600 | EYRARVEGI 21<br>480 3700 |

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS Panasonic UNITED BEKO DeLonghi elna exido
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani OBH NORDICA indesit VESTFROST Whirlpool



Hyundai i30. Nýi besti vinur þinn!
Komdu og reynsluaktu! Þetta gæti verið upphafið að dásamlegri vináttu

HYUNDAI www.hyundai.is

Hefur gæðin




Nýjasti meðlimur Hyundai-fjölskyldunnar er vinur í raun. Hann er fagur á að líta að innan sem að utan, sparneytinn en kraftmikill í senn og á verði sem vekur verðskuldaða athygli. **Verð frá kr. 1.840.000.** Fæst bæði beinskiptur og sjálfskiptur, bensín og dísel.* Líttu við á frumsýningunni (12 – 16, lau og sun) og gæddu þér á Pepsí og pylsum.

## Hunda-Idol Hyundai

1. verðlaun: Nýr Hyundai i30 fólksbíll í 6 mánuði.
Fjölmörg aukaverðlaun fyrir venjulega og óvenjulega hunda. Allir geta verið með!
Kynnir: Árni Pétur Guðjónsson
Dómarar: Páll Óskar Hjálmtýsson, Unnur Birna Vilhjálmsdóttir og Brynja Tomer
Mæting kl.12:00 í Grjótháls 1 á laugardag. Keppnin hefst kl.13:00.
Skráning í s.575-1200 og netfanginu hundar@bl.is

B&L
Með bílinn handa þér

Opið frá kl.12-16 bæði sunnudag og laugardag

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • 575 1200 • www.bl.is

Keflavík 421 4444 | Selfoss 575 1460 | Akranes 431 2622 | Akureyri 461 2533 | Egilsstaðir 471 2524

* **Staðalbúnaður í Hyundai i30:** Árekstrarvörn, ABS-TC-ESP búnaður, tvöfaldir styrktarbitar, 8 loftpúðar, Isofix festingar, útihitamælir, iPod, USB og AUX- tengi, hiti í framrúðu, samlitir stuðarar og reyklitað gler.

# Hátíðarskap og hátíðarskvap

Í Dagbók **Þráins Bertelssonar** er fjallað um óvarleg áramótaheit, biksvarta Zetor-dráttarvél með vængi, mengunarplágu, kynlífstúrista, risarjúpu, pólitískt kattarnef og mannúðlega aðferð til að losna við andstæðinga.



## KÆRA DAGBÓK

**Þráinn Bertelsson skrifar**

**LAUGARDAGUR, 29. DESEMBER.**

### Áramótaheit

Ég er því miður kominn í hátíðarskvap. Vigtin í baðherberginu er farin að sýna tölur sem annars sjást aldrei nema þegar sterkir stjórnmálaflokkar kjósa sér sterka leiðtoga.

Sennilega er ég haldinn öfugri átröskun því að ég hef alltaf jafngóða matarlyst hvort sem ég er nýbúinn að borða eða ekki.

Nú er danskur sálfræðingur búinn að reikna út að það borgi sig ekki að vinna áramótaheit; maður verði bara stressaður af því að reyna að standa við þau og fái vonda samvisku ef maður svíkur loforðið. Ég hef ekki beinlínis svikið áramótaloforð sem ég hef gefið sjálfum mér gegnum tíðina heldur hef ég gleymt að skrifa þau niður og smám saman hafa þau orðið gleymskunni að bráð.

Það er samt alveg rétt hjá manninum að það er óðs manns æði að ætla að skipta um lífsstíl rétt eftir hátíðarnar, ekki síst á þessum kalda og dimma árstíma.

Mikið vildi ég að það væri jafnfyrirhafnarlítið að losna við kaloríur og peninga. Þá mundi ég kaupa mér biksvarta Zetor-dráttarvél með ámokstурstækjum fyrir umframkaloríurnar, láta sjóða á hana vængi og nota fyrir einkaþotu, fljúga austur í Bolholt og komast í hátíðarskap.



**SUNNUDAGUR, 30. DESEMBER.**

### Vaxandi fjölmiðlagreind

Það er gaman að sjá að smám saman fara jafnvel blaðamenn að koma auga á skóginn fyrir trjám. Til marks um vaxandi fjölmiðlagreind mátti lesa eftirfarandi á dv.is í dag:

„Framsóknarflokkurinn þótti lengi vel vera sá flokkur sem verst gekk fram í spillingarmálum... Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki legið undir ámæli hvað þetta varðar fyrr en í seinni tíð. Áhugamál þess flokks hafa verið þau að skipa sendiherra úr sínum röðum og koma að dómurum í Hæstarétti og undirrétti. Ólafur Börkur Þorvaldsson, frændi Davíðs Oddssonar, fyrrverandi formanns, var skipaður hæstaréttardómari þótt hann væri neðarlega í mati miðað við aðra umsækjendur. Síðar var Jón Steinar Gunnlaugsson, vinur og spilafélagi Davíðs, skipaður í Hæstarétt og gengið framhjá fólki sem metið hafði verið hæfara af lögskipaðri nefnd hæstaréttardómara...

Það er skýrt dæmi um spillingu að flokkurinn sniðgengur fagnefndir til að koma sínum mönnum að fremur en þeim sem hæfastir teljast. Nú mun reyna á samstarfsflokkinn, Samfylkingu, að koma böndum á þetta ástand og lágmarka þannig þessa tegund spillingar í íslensku samfélagi. Það er verðugt áramótaheit fyrir stjórnarflokkana að láta af frændhyglinni og vinna eftir lýðræðislegum reglum.“

**MÁNUDAGUR, 31. DESEMBER. GAMLÁRSDAGUR.**

### „Sú heppna“?

Í dag er gamlársdagur og margir sem sjá ekki púðrið í því að skjóta upp flugeldum nota áramótin til að gera úttekt á stöðu sinni í lífinu.

Uppáhaldsbloggarinn minn, bjorn.is, kvartar sáran undan þeim ofsóknum sem hann hefur saklaus orðið að þola:

„Undarlegast hefur mér þótt að fylgjast með þeim, sem virðast ekki geta unnt mér neins og leggja á mig fæð opinberlega, án þess að ég hafi hið minnsta gert á þeirra hlut. Ef einhver ætti jafnöfluga lækningu við þeim leiða kvilla þessara manna og við lungnameini mínu, yrði það mér gleðiefni á nýju ári.“

Ef það væri ekki augljóst að þessi blíðlyndi friðsemdarmaður í dómsmálaráðuneytinu hefur sjaldan eða aldrei verið metinn að verðleikum vegna stöðugra ofsókna óvildarmanna liti þessi bloggfærsla út eins og rótsterk blanda af vænisýki og sjálfsvorkunn.



Með morgunkaffinu las ég svo þetta á visir.is án þess að svelgjast á:

„Hollywoodleikstjórinn Quentin Tarantino sem staddur er hér á landi skellti sér á Tapas barinn í gærkvöldi. Snæddi hann þar kvöldverð með ungri íslenskri snót.



Leikstjórinn var hinn hressasti en ekki er vitað hver var sú heppna er. Stúlkan sem er á aldrinum 25-30 ára virtist skemmta sér vel með Tarantino sem er mikill Íslandsvinur. Fór vel á með þeim en þau fóru í svokallað óvissuferð á staðnum. Þar fengu þau marga litla smárétti og hafði Tarantino á orði að þetta væri einn besti matur sem hann hefði smakkað. Parið drakk síðan kokteila það sem eftir lifði kvölds. Þeir sem hafa einhverjar upplýsingar um hver sú heppna er, eru beðnir um að hafa samband við Vísi með því að senda tölvupóst á netfangið ritstjorn@visir.is.“

Það er margvíslegum aðferðum beitt til að lokka ferðamenn til landsins. Ég skil vel að mörgum finnst það þjóðþrifaverk að plokka fé af ferðamönnum en mér er nýnæmi að því að blaðamenn telji það sérstaka heppni fyrir íslenskar konur að komast í tæri við ófríða kynlífstúrista frá Ameríku og borða með þeim „litla smárétti“ í „óvissuferð“ á Tapasbarnum.

Sjálfur er ég þeirrar skoðunar að ferðamannaiðnaður sé versta mengunarplága sem ein þjóð getur kallað yfir sig. Nema ferðamennirnir ferðist fótgangandi eða ríðandi - á hestbaki.

**ÞRIÐJUDAGUR, 1. JANÚAR 2008. NÝÁRSDAGUR.**

### Risarjúpa og pólitískt kattarnef

Í dag eldaði ég síðustu hátíðamáltíðina þessi jólin, risarjúpu sem sumir kalla kalkún, og þar með er ég farinn í svelti og ætla að rannsaka hversu lengi ég geti lifað á munnvatni einu saman.

Forsetann dauðlangar að sitja eitt kjörtímabil í viðbót. Þótt hann hefði ekki gert handtak allan embættistíma sinn, annað en að vísa fjölmiðlafrumvarpinu til þjóðarinnar þætti mér hann hafa staðið sig umfram væntingar. Það breytir ekki því að mér finnst að hvorki ráðherrar né forsetar eigi að sitja lengur en tvö kjörtímabil í embætti. Þjóðarinnar vegna og þeirra sjálfra. Og ef einhver áhugi væri á alvörulýðræði í landinu væru þingkosningar á tveggja ára fresti – að minnsta kosti.



Í dag var annars meira talað um áramótaskaupið en áramótaávörp forseta og forsætisráðherra. Sumir héldu að aðalbrandarinn í áramótaskaupinu hefði verið setningin:

„Ég lít ekki svo á að mitt meginhlutverk sem forystumaður í stjórnmálum sé að koma öðrum stjórnmálaforingjum fyrir pólitískt kattarnef.“

Þetta var vitanlega ísköld og svalandi kveðja frá forsætisráðherranum til Moggans og fótgönguliðs Bláu handarinnar, og auðvitað er miklu mannúðlegra að binda endi á stjórnmálaferil andstæðinga sinna með því að kæfa þá í eigin hégómleika og læsa þá inni í utanríkisráðuneytinu.

Forsætisráðherrann var reyndar ekki einn um að toppa áramótaskaupið með góðum húmor; dómsmálaráðherrann var líka í banastuði og skrifaði eftirfarandi sér til hugarhægðar um áramótaávarp forsetans:

„Íslenski fáninn sómir sér vel í sal Alþingis við hægri öxl þess, sem situr á forsetastóli þingsins og ræðumanns í salnum. Þarna er farið að reglum um stað fánans. Skjaldarmerkið er við hægri öxl forsætisráðherra, þegar hann flytur áramótaávarp sitt. Þegar forseti Íslands flytur þjóðinni nýársávarp sitt úr sal Bessastaða, er íslenski fáninn hins vegar við vinstri öxl forsetans. Þetta er stílbrot.“

Svona snilld er ekki öllum gefin!

En brandara ársins átti sá snillingur sem sendi starfsmönnum fjármálaeftirlitsins rauðvín í jólagjöf. Látum vera þótt einhverjir sem kunna lítið fyrir sér í mannasiðum reyni að kaupa sig í mjúkinn hjá ráðherrum – en rauðvínsflaska handa Fjármálaeftirlitinu er eins og sígarettukarton handa tóbaksvarnanefnd.

**FIMMTUDAGUR, 3. JANÚAR.**

### Kaleikur á Kili

Jólin eru að mestu um garð gengin en ævintýrin taka samt engan enda. Nú er loksins búið að fá úr því skorið hvað varð um Kaleikinn helga sem síðast sást við uppvaskið eftir Síðustu kvöldmáltíðina.

Ítalskur fræðimaður hefur reiknað það út að Snorri heitinn Sturluson og nokkrir musterisriddarar hafi falið þennan góða grip á afviknum stað á Kjalvegi árið 1217, það er 1184 árum eftir uppvaskið.



Það er reyndar dáldið ótrúlegt að Snorri hafi verið frægur allt suður til Jórsala fyrir að vita um góða felustaði – ekki tókst honum svo vel að fela sig fyrir Gizuri tengdasyni sínum þegar mest á reið.





tab
ÍTALÍA
HEILIR STURTU-KLEFAR
SÉR TILBOÐ!
MEÐ ÖLLU
80x80 kanntaður
90x90 rúnaður
Sturtuhaus
Handsturta
Hitastýrð blöndunartæki
8 nuddstútar
Sæti
ÖRYGGISGLER
VERÐ FRÁ 88.900,-
BESTA VERÐIÐ
FLOTTARI VARA
www.i-t.is
INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili
Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15
Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is




INTERSPORT®

Intersport Húsgagnahöll SÍMI 585 7220 • Mán. - föstud. 10 -19 • Laugardaga 10 -18 • Sunnudaga 12 -18
Intersport Smáralind SÍMI 585 7240 • Mán. - föstud.11 - 19 • Laugardaga 11 - 18 • Sunnudaga 13 - 18 •

# RISA ÚTSALA



## HEFST Í DAG

# 20-60%

AFSLÁTTUR AF ÚTSÖLUVÖRUM





OPNUM Kl.10:00
í dag laugardag

HÚSGAGNAHÖLLIN

Bíldshöfða 20 • 110 Reykjavík • 585 7200 • OPIÐ ALLA DAGA – laugardag 10-18 – sunnudag 13-17

STÓRLEIKARINN ROBERT DUVALL ER 77 ÁRA Í DAG

*„Ég hætti ekki að leika fyrr en þurrka þarf slefuna út úr mér. Ég dýrka bransann og fæ mest út úr því að leika sem ólíkastar persónur. Það er því enginn vindur úr mér!“*

***Robert Duvall hlaut heimsfrægð í hlutverki lautinants Kilgore í Apocalypse Now 1979. Setning Kilgores: „I love the smell of napalm in the morning“ er ein sú þekktasta í kvikmyndasögunni.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5. JANÚAR 1998

## Litla hafmeyjan höfðinu styttri



Það var þennan sama janúardag árið 1998 sem óprúttnir skemmdarvargar afhausuðu Litlu hafmeyjuna í Kaupmannahöfn, en það var í annað sinn sem hin fagra stytta missti höfuð sitt. Höfðinu var síðar skilað til nærliggjandi sjónvarpsstöðvar en sökudólgarnir fundust aldrei.

Skemmdarverk hafa oft verið unnin á Litlu hafmeyjunni síðan um miðjan sjöunda áratuginn, en í fyrra tilkynntu yfirvöld í Kaupmannahöfn að styttan verði líklega flutt til að koma í veg fyrir frekari spjöll og príl ferðamanna.

Litla hafmeyjan missti fyrst höfuðið 1964 og þurfti þá að steypa á hana nýtt. Tuttugu árum seinna var hægri handleggur hennar sagaður af, en skilað tveimur dögum síðar.

Þá hefur málningu ótal sinnum verið skvett yfir hafmeyjuna litlu. Árið 1961 var hár hennar málað rautt og yfir brjóst hennar rauður brjóstahaldari. Í september 2003 var hún sprengd með dínamíti af stalli sínum og síðar var sett á hana slæða til að minna á inngöngu Tyrkja í Evrópusambandið. Hinn 8. mars 2006 stóð myndarlegur gervilimur í hendi hennar, en sá gjörningur var skrifaður á alþjóðlega kvennadaginn 8. mars. Sama ár fékk hún þrisvar á sig málningu, ásamt því að vera íklædd slæðu og serk að hætti múslímskra kvenna.

Það var Carl Jacobsen sem fékk hugmyndina að Litlu hafmeyjunni 1909 eftir að hafa heillast af ballettsýningu um ævintýri H. C. Andersen, en myndhöggvarinn Edward Eriksen notaði Eline eiginkonu sína sem fyrirmynd að styttunni sem var afhjúpuð 23. ágúst 1913.

## MERKISATBURÐIR

1531 Klemens páfi sjöundi bannar Hinriki áttunda Englandskonungi að giftast aftur.

1848 Franskir skipbrotsmenn koma að landi í Breiðdal eftir mikla hrakninga á hafi.

1859 Fyrsta gufuskipið siglir.

1909 Kólumbía viðurkennir sjálfstæði Panama.

1920 Boston Red Sox selur Babe Ruth til New York Yankees.

1931 Fyrsta barnið fæðist á Landspítalanum sem tekinn var í notkun tveimur vikum áður.

1946 Frumsýnd fyrsta íslenska kvikmyndin með tónum, tali og í „eðlilegum litum“ um lýðveldishátíðina 17. júní 1944.



*Elskulegur sonur okkar og bróðir,*

**Jakob Hrafn Höskuldsson**

Bröndukvísl 14, Reykjavík,

lést af slysförum þriðjudaginn 1. janúar.

**Höskuldur Höskuldsson** **Aðalheiður Ríkarðsdóttir**
**Rakel Sara Höskuldsdóttir**
**Lea Ösp Höskuldsdóttir**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Georg Kristján Georgsson**

lést að Garðvangi, Garði, miðvikudaginn 2. janúar. Útförin fer fram frá Njarðvíkurkirkju, Innri Njarðvík, 7. janúar kl. 11.00.

**Reynir Viðar Georgsson** **Laufey Jónasdóttir**
**Rúnar Heimir Georgsson** **Auður Hjördís Sigurðardóttir**
**Georg Grundfjörð Georgsson** **Ragnheiður Ragnarsdóttir**
**Róbert Heiðar Georgsson** **Sædís Bára Jóhannesdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Hjartans þakkir til allra þeirra sem veittu okkur styrk, hlýju og auðsýnda samúð við veikindi, andlát og útför elskulegs sonar okkar og bróður,*

**Högna Kristinssonar**

Jörundarholti 33, Akranesi.

Sérstakar og innilegar þakkir til starfsfólks krabbameinsdeildar 11E Landspítalans við Hringbraut. Guð blessi ykkur öll.

**Eva Björk Karlsdóttir** **Alfreð Örn Lilliendahl**
**Sindri Snær Alfreðsson**
**Aron Máni Alfreðsson**
**Kristinn Richter** **Sigríður María Gísladóttir**
**Tinna Richter**
**Ari Richter**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar og bróðir,*

**Gísli Þór Agnarsson**

Skarðshlíð 23a, 603 Akureyri,

andaðist á heimili sínu miðvikudaginn 2. janúar. Jarðarförin fer fram í Möðruvallaklausturskirkju föstudaginn 11. janúar kl. 13.30. Starfsfólki Heimahlynningar er sérstaklega þökkuð hjúkrun og stuðningur í veikindum hans.

**Hrefna Þorbergsdóttir**
**Eyrún Huld Gísladóttir og Bergvin Þór Gíslason**
**Aðalsteinn Rúnar Agnarsson** **Ragnheiður Brynjólfsdóttir**
**Þórir Páll Agnarsson** **J. Nicoleta Lacramiora**
**Jórunn Kolbrún Agnarsdóttir** **Sigurgeir Pálsson**
**Þórey Agnarsdóttir** **Árni Björnsson**
**Ingi Stein Agnarsson**
**Gissur Agnar Agnarsson** **Sigrún Sigfúsdóttir**



**HLÆJANDI Í LÍFSINS ÓLGUSJÓ** Hláturjógarnir Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason segja íslenska lund vera að léttast heilmikið þótt alvörugefni virðist samnorrænt persónueinkenni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÁSTA VALDIMARSDÓTTIR OG KRISTJÁN HELGASON: FYRSTI HLÁTURJÓGATÍMI ÁRSINS

# Hlegið án ástæðu á nýju ári

Fyrsta laugardag hvers mánaðar má sækja tíma í hláturjóga í Manni lifandi í Borgartúni, en fyrsti opni hláturjógatíminn á nýju ári er í dag klukkan 10.30.

„Þetta er andleg leikfimi í hæsta gæðaflokki og gerir sálarlífi fólks virkilega gott,“ segir Kristján Helgason, sem ásamt Ástu Valdimarsdóttur hefur kennt hláturjóga undanfarin ár.

„Í hláturjóga ákveður fólk að hlæja saman og til að gera okkur hláturinn auðveldari notum við blöndu hláturæfinga, öndunar og teygja,“ segir Kristján um það sem fyrst er uppgerður hlátur en verður svo að innilegu hláturskasti.

„Rannsóknir hafa sýnt að líkaminn upplifir sömu jákvæðu viðbrögðin hvort sem hlátur er sjálfsprottinn eða kallaður fram,“ segir Kristján, sem stendur á því fastar en fótunum að Íslendingar megi hlæja meira.

„Við þurfum að gera hlátur að sjálfsögðum og eðlilegum hluta tilveru okkar.Í hláturjóga er hlegið án tilefnis og án þess að styðjast við brandara, húmor eða fyndni. Hlátur er besta ráðið við alvarlegheitum, en við erum allt of alvarleg og hættir til að festast í vandamálum. Með hlátri losnar maður úr flækjunni og sér vandann í víðara samhengi,“ segir Kristján, sem ítrekar þau gömlu sannindi að maður sé manns gaman.

„Hlátur er útrás tilfinninga og manneskjan er svo innbyrðis tengd að þegar kemur að tilfinningum smita þær hratt út frá sér. Þannig geispar einn og aðrir í kjölfarið, og ef við sjáum manneskju gráta erum við vís með að gráta með henni vegna samúðar. Eins og með hláturinn; hann smitar eins og skot og er í raun hópíþrótt,“ segir Kristján brosmildur og staðhæfir að hlæja megi að öllu sem lífið býður manninum upp á.

„Vitaskuld verðum við að beita skynsemi um hvenær hlátur er viðeigandi, en auðvitað er ekkert betra en að hlæja að vandamálum. Þannig er eðlilegt að hlæja við dánarbeð eða í kistulagningu ef stemningin býður upp á það og hópurinn er sammála um að hláturinn skaði engan,“ segir Kristján en í því samhengi skal taka fram að hláturjóga snýst um að hlæja saman í stað þess að hlæja að einhverju eða öðrum.

„Við þess háttar aðstæður meiðist enginn. Margir upplifa frelsi þegar hláturæfingu lýkur því þá þurfa þeir ekki að hlæja meira eða vera fastir í hláturskasti,“ segir Kristján.

Upphaf hláturjóga má rekja til ársins 1995 þegar indverski læknirinn Madan Kataria hóf að þróa fræðin sem nú eru stunduð um allan heim.

„Það er margrannsakað að hláturinn lengir lífið og það er alveg bráðhollt að hlæja. Sjálfur sat ég námskeið hjá bandaríska sálfræðingnum Annette Goodheart sem notað hefur hláturinn sem lækningaúrræði frá 1970 og skrifaði bókina „Hvernig á að hlæja að öllu því ófyndna í lífinu?“ en það er staðreynd að hlátur færir manni fjarlægð og frelsi til að nýta lausnir vandamála,“ segir Kristján og hvetur sem flesta til að koma í hláturjóga.

„Við keyrum engan út, en vissulega fer fólk frá okkur með harðsperrur í maga og kjálkum eftir tímann.“

thordis@frettabladid.is



*Útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,*

**Jóhanns I. Gíslasonar**

áður Byggðarholti 14, Mosfellsbæ,

verður frá Lágafellskirkju, mánudaginn 7. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Félag aðstandenda alzheimersjúklinga.

**Ásta Jóhannsdóttir**
**Óskar Jóhannsson** **Valgerður Sigurðardóttir**
**Sigurður Jóhannsson** **Guðrún Björnsdóttir**
**Kristín Jóhannsdóttir** **Jón Gunnar Borgþórsson**
**Sigurður Símonarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



## 60 ára afmæli

Hinn 5. janúar 2008 verður

**Dr. Bjarni Reynarsson**

skipulagsfræðingur, framkvæmdastjóri Land-ráðs sf, sextugur. Kona hans er Jóhanna Einarsdóttir, prófessor við KHÍ.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000**.







# allt




Outdoor Travel and More
Island - Grikkland /Albania - Marokko - Russland - Iran

Leyfðu jeppanum þínum að hvíla sig frá snjó og slyddu heima - á Saharasandi
**MAROKKO í vor 2008.Draumurinn rætist**
**28 daga jeppaferð fyrir Íslendinga**
2. - 28. april n.k.

verð 2440.- € á mann (miðað við tveggja manna áhöfn a bíl) frá Seyðisfirði báðar leiðir
Íslenskumælandi túlkur er með í ferðinni.

Síðasti skráningardagur 31. janúar 2008 - nánari upplýsingar á heimasíðu
http://www.outdoor-travel-and-more.de/ mailto:info@outdoor-travel-and-more.de
0049-172 8887819 0049-251 778394
Alfred Tischer



**Frönskunámskeið**
**hefjast 21. janúar**
Námskeið fyrir byrjendur og lengra komna.

Alliance Française
Tryggvagata 8,
101 Reykjavík,

**Innritun í síma**
**552 3870**
**7.-18. janúar**

Veffang: www.af.is
Netfang: alliance@af.is






Þorsteinn Einarsson fékk Hummerinn í skiptum fyrir Chevrolet pickup. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Lipur eins og fólksbíll

***Þótt hressilega gusti á Kjalarnesinu á köflum kemst Þorsteinn Einarsson sjúkraliði allra sinna ferða. Hann ekur um á Hummer sem haggast ekki þó að vindurinn fari í sextíu metra á sekúndu.***

„Þetta er skemmtilegur vagn,“ segir Þorsteinn Einarsson um heiðgula Hummerinn sem hann ekur á og er líka notaður sem heimilisbíll sambýlis á Kjalarnesinu. Spurður hvort ekki sé hreinlega nauðsynlegt að vera með svona þungan bíl á því svæði vegna hvassviðris svarar hann „Ég segi það nú ekki. Við höfum búið hér í 30 ár og finnst ekkert alvarlegt þó blási eitthvað. Við förum á milli þótt vindurinn fari í 50-60 metra á sekúndu. En þessi bíll haggast ekki,“ segir Þorsteinn og brosir við. „Það er alltaf yndislegt að keyra hann því þrátt fyrir stærðina hefur hann allar hreyfingar netts og góðs fólksbíls.“

Hummerinn er af árgerð 2003. Þorsteinn kveðst hafa fengið hann um miðjan maí á síðasta ári. „Strákurinn minn keypti hann. Hann þurfti að komast norður til Akureyrar einn, tveir og þrír, svo hann fór inn á bílasölu og keypti sér Hummer. Þegar hann kom til baka seint um kvöldið kom hann með hann til mín og sagði: „Pabbi, þú mátt taka við þessum bíl. Ég keypti hann bara til að fara á honum norður.“ Svo ég tók bílinn en hann seldi Chevrolet pickup fyrir mig í staðinn.“

Þótt Hummerinn sé stæðilegur er hann bara ætlaður fimm manns. Blaðamaður og eigandi eru sammála um að ekki hefði verið farið með færri en tíu í svona bíl á sveitaböllin í gamla daga. Í framhaldinu rifjar Þorsteinn upp ferðalag í litlum Bens. „Við vorum ellefu í honum. Löggan stoppaði okkur því hún hélt að við værum með háu ljósin. Bíllin varð svo rasssíður og lyftist þá upp að framan. Svo laumuðust allir upp í aftur þegar löggan var farin.“ *gun@frettabladid.is*




# Þarftu betri bíl?

Þarftu stærri, nýrri, lengri eða einfaldlega betri bíl? Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

**Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga**

LÝSING
LYSING.IS // 540 1500

**Teppi** er gott að hafa í bílum, sérstaklega yfir vetrarmánuðina. Ef einhverjum verður kalt er gott að hafa eitthvað að breiða yfir sig.



KERRUÖXLAR Í ÚRVALI
og hlutir til kerrusmíða
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000

# Á jeppum upp á jökla

***Það er eins gott að hafa kaggann í lagi þegar farið er í ferð upp á jökul með ferðafélaginu Útivist. Á föstudaginn eftir tvær vikur er á döfinni að leggja á brattann og aka um fannbreiður Langjökuls hjá Þjófakróki, að vísu að laugardagsmorgni því á föstudagskvöldið verður gist í skála í Kaldadal.***



Í hverjum jeppa eiga helst ekki að vera nema einn til tveir svo hægt sé að flytja fólk á milli bíla ef eitthvað kemur upp á.

„Í gönguferðunum okkar eru skór mælikvarði á erfiðleikastig ferðarinnar og þrír skór eru erfiðastir. Eins er það með jeppaferðirnar og ferðin upp á Langjökul er svokölluð þriggja jeppa ferð,“ segir Bjarney Sigurjónsdóttir hjá Útivist. „Þegar við förum í erfiðari ferðir sem þessar þá er ekki mikið af börnum með því helst eiga ekki að vera fleiri en einn til tveir í hverjum bíl svo hægt sé að sameina farþega í aðra bíla ef eitthvað kemur upp á.“

Á jöklinum er keyrt þannig að einn fararstjóri er aftastur á sinni bifreið og fremst keyrir fyrirliðinn. Talstöðvar eru notaðar til að tala milli bíla. Yfirleitt þurfa jepparnir að vera á 38 tommu dekkjum, en hvort jeppi sé nógu vel búinn til að koma með í ferð er háð mati fararstjóra hverju sinni. Fararstjórinn skoðar þá bílinn og metur. Mat og vistir þarf fólk að taka með sér sjálft.

Skúli Skúlason framkvæmdastjóri Útivistar segir að í vetrarferðum sem þessum eigi veðrið stóran þátt í því hvort og hvernig ferðin gangi fyrir sig. „Stundum er keyrt í góðu færi og glampandi sólskini alla helgina og ekkert nema tóm hamingja en svo getur það líka orðið þannig að menn komi dauðþreyttir í bæinn á mánudagsmorgni ef það hefur gengið illa að komast yfir,“ segir Skúli og bætir við að engin alvarleg óhöpp hafi nokkurn tímann orðið í ferðunum. „Það eru nú alltaf einhverjir festur en þá verður bara næsti bíll að vera snöggur með spottann. Sem betur fer hefur ekki komið upp velta hjá okkur.“

Eflaust er það mjög hressandi að fara í svona jeppaferðir upp á hvítan jökul í janúarmánuði, láta púströrið blása, þyrla upp snjó og sleppa undan eilífu hálfmyrkri ljósastauranna í þéttbýlinu.

*niels@frettabladid.is*

Smurþjónusta
fyrir allar gerðir bíla
Eigum olíusíur í flestar gerðir bíla
Komdu með bílinn til okkar!
Frábær verð og góð þjónusta!
Alltaf heitt á könnunni!
SMURSTÖÐIN
„Sá smurði gengur“
STÓRAHJALLA
S. 554 3430

BÍLASALA REYKJAVÍKUR
Bíldshöfða 10 - 112 Reykjavík - Sími 587 8888 - Fax 587 8891 - br@br.is
Nýjir Suzuki Grand Vitara Luxury diesel
Á GÓÐU VERÐI
Eigum til nokkra nýja diesel bíla
með öllum aukabúnaði
TIL SÝNIS OG SÖLU Á BÍLASÖLU REYKJAVÍKUR
S: 587-8888 OG 860-1998

vísir.is
“...ég sá það á vísi”

Áberandi glæsilegur!
7 manna sjálfskiptur dísil sportjeppi sem tekið er eftir...
Tölvustýrð miðstöð og loftkæling
ESP - Stöðugleikastýring (aftengjanleg)
Hraðastillir (Cruise control) Stjórnað í stýri
DCS - Eykur öryggi niður brekkur
Tölvustýrð spólvörn
LRS - Heldur hæð við hleðslu
ARP - Veltivörn
TOD - Sjálfvirk drifstýring
Bakkskynjari
18” Álfelgur
Akstursstölva
Og margt fleira....
Akureyri Bílasalan ÓS Njarðarnesi 1 Sími 462 1430
Borgarnes Bílasala Vesturlands Höfðaholti 4 Sími 437 2100
Egilsstaðir Bílasala Austurlands Fagradalsbraut 21-23 Sími 471 3005
Reykjanesbær Bílahornið hjá Sissa Brekkustíg 38 Sími 420 3300
Reykjavík Bílabúð Benna Tangarhöfða 8-12 Sími 590 2000
Chevrolet Captiva
Frá GM - Stærsta bílaframleiðanda í heimi.
Bílabúð Benna
www.benni.is
CHEVROLET GÆÐI - FRÁBÆRT VERÐ



**Fallegir hanskar** eru þarfaþing í íslensku vetrarveðri. Ekki einungis halda þeir hita á höndunum heldur lífga þeir upp á útlitið í skammdeginu.

# Leto fer eigin leiðir

***Jared Leto þykir hafa sérstæðan smekk og lætur aðra ekki hafa nein áhrif þar á.***

Hann mun kannski ná seint inn á lista yfir best klæddu karlmennina í bandarískum skemmtanaiðnaði, en Jared Leto á þó hrós skilið fyrir að fara eigin leiðir í fatavali.

Það er engu líkara en þessi snoppufríði leikari reyni allt til að hrista af sér sykursæta ímynd persónunnar Jordans Catalano sem hann lék með flöktandi augnaráði og hálfkláruðum setningum og bræddi þannig hjörtu unglingsstúlkna (og -drengja) um heim allan í þáttunum My So-Called Life á níunda áratugnum.

Leto virðist eiga fátt sameiginlegt með persónunni Jordan nema það að syngja í hljómsveit, sem gæti aftur útskýrt óútreiknanlega fatasamsetningu, skringilegt hatta- og húfusafn og þykkari augnmaska en söngkonan Dusty Springfield notaði á hátindi ferilsins. Ekki beint hefðbundið, en sannarlega skemmtilega öðruvísi.

*roald@frettabladid.is*



Hér er engu líkara en Leto sé að koma ofan úr fjöllunum.



Rytjulegt hárið, skeggið og húfan eru allt saman hluti af rokkaraímyndinni sem Leto er vill halda.



Doktor Tanni í Prúðuleikurunum? Ekki fjarri lagi. Hér er Leto á sviði með hljómsveitinni sinni 30 Seconds To Mars.



Hattar og húfur eru einkennandi fyrir Leto. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Stórútsalan hafin

Gudrún
tískuverslun
Rauðarárstíg 1, sími 561-5077
opið laugardag 10:00-18:00




ROPE YOGA
WWW.OSK.IS
Bæjarhraun 22 220 Hafnarfjörður
Veffóng: osk@osk.is / rakel@osk.is
Símar: 695 0089 / 555-3536
www.osk.is




Ný byrjendanámskeið hefjast
7., 14. og 15.janúar.
Morgunn- hádegis og síðdegistímar
*Skráðu þig núna í magnað ævintýri*
Takmarkaður fjöldi í hverjum tíma
Ósk og Rakel



friendtex
Dúndur útsala af öllum vörum
Einnig mikið úrval af fatnaði á kr 1000 og 700
www.friendtex.is
Faxafeni 10 • sími 568 2870
opnunartími:
mán.-föstud. kl. 10:00-18:00
laugardagar. kl. 11:00-16:00

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

# hús&heimili

LAUGARDAGUR 5. JANÚAR 2008


● **HÖNNUÐUR**

## Gulleik og gítarstóllinn

● **HEIMILIÐ**

## Baðherbergi nútímans

● **DRAUMAHÚS**

## Flash-dance íbúð við East River




FRÉTTABLAÐIÐ



Íslensk list er góð gjöf



Kristín Jónsdóttir

LISTMUNASALA fold

Starfsfólk Gallerís Foldar óskar landsmönnum öllum gleðilegs nýs árs

Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni



HEIMILISHALD
JÚLÍA MARGRÉT ALEXANDERSDÓTTIR

# Janúarhreinsun

Tréð er farið, Jesús kominn ofan í geymslu og seríurnar í ruslið.

Jólin sem sagt á bak og burt og margir sem standa og klóra sér í hausnum yfir því hvernig þeir eigi að gera heimilið aftur hlýlegt þegar öll hjálpartæki hátíðarlífsins eru á bak og burt.

Undirrituð var í sömu sporum og gerði því lauslega könnun meðal vinkvenna sinna sem allar henda jólunum á haugana ekki degi seinna en á þrettándanum. Ráðleggingarnar um hvernig gera skyldi þunglyndisheimili í janúar dýrðleg á ný voru marghljóðandi:

Jólin gáfust upp hér á bæ og sögðu upp störfum 2. janúar þegar jólatréð horfði smástund í augun á mér, þar sem ég var á leið út úr dyrunum í vinnuna, áður en það lagðist svo hægt á hliðina í fullum skrúða.

A) „Maður þrífur auðvitað allt hátt og lágt eins og fjandinn sé laus.“

B) „Maður tekur kristalinn og pússar. Byrjar að rækta páskablómin í garðskálanum, fer að bródera páskagardínur. Þú veist ... þetta vanalega.“

C) „... og kaupir ný gæludýr ef hin skyldu hafa farist á gamlárskvöld.“

D) „Setur pelsana í geymsluna og dregur fram þunnu kápurnar. Berð tekkolíu á viðinn eftir frosthörkurnar og færð þér nýtt sófasett.“

E) „Þú skipuleggur. Flokkar, sorterar, hendir og merkir allt sem þú getur merkt. Ekki bara föt barnanna heldur líka ykkar foreldranna. Skrifar skilmerkilega inn í fóður jakkans: Helga Bára Keransdóttir, Kaupþingi, greiningardeild, sími 440 3425. „Þetta dreifir huganum, dregur hugann frá hvers kyns geðlægðum. Hvað?!“

Ekki veit ég hvort þetta nýtist mér. Hamsturinn lifði gamlárskvöld af (fyrir utan símtal á læknavakt dýraspítalans á Þorláksmessu en það var bara flensa) en mér fannst eftir þessi símtöl vert að deila þessu ef einhverjum skyldi verða að gagni. Jólin gáfust upp hér á bæ og sögðu upp störfum 2. janúar þegar jólatréð horfði smástund í augun á mér, þar sem ég var á leið út úr dyrunum í vinnuna, áður en það lagðist svo hægt á hliðina í fullum skrúða. Dramatískt tré og að lokinni svo afdráttarlausri yfirlýsingu þess var ekki hægt að halda lengur í jólin. Ég er hins vegar enn að leita að leið til að ná einhverri stemningu aftur hingað inn og hef ekki haft erindi sem erfiði. Kannski er ekkert annað að gera en splæsa í gleðilampa í Elkó og bíða vorsins.





Lampinn vekur mikla athygli og gefur frá sér fallega birtu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Fuglalampi ömmu

● Diljá Ámundadóttir á einstakan lampa frá sjöunda áratugnum sem amma hennar gaf henni síðastliðið vor.

„Fallegasta stofustássið mitt er lampi sem hefur verið til á heimili föðurömmu minnar, eða ömmu Rannsíar, frá því ég man eftir mér. Hann er appelsínugulur og brúnn og eins og fugl í laginu. Ég held að hann hafi verið framleiddur í Svíþjóð í kringum 1960,“ segir Diljá Ámundadóttir, starfsmaður Herra Örlygs.

Amma Diljár bjó lengi í Svíþjóð og fékk hún lampann árið 1975 frá sænskri vinkonu sinni sem lá á dánarbeðinum. Hún tók hann svo með sér þegar hún flutti heim.

„Fyrir nokkrum árum byrjaði ég að suða um lampann og kom það til af því að amma vildi alltaf vera að gefa mér einhverja hluti sem hún átti. Ég sagðist bara þiggja lampann en amma sagði að ég fengi hann þegar dagar hennar yrðu allir. Þegar ég flutti heim í gömlu íbúðina mína í vor, eftir fjögurra ára nám í Danmörku, komst hann hins vegar í mínar hendur,“ lýsir Diljá. Hún segir ömmu sína hafa hringt og boðið sér að sækja lampann og virðist henni hafa þótt tilvalið að gefa Diljá gripinn á þessum tímamótum. „Lampinn vekur mikla athygli og fæ ég mikið hrós fyrir hann. Hann gefur líka mjög fallega birtu.“

Diljá stundaði nám í skapandi verkefnastjórnun ytra og er nú einn af starfsmönnum Herra Örlygs sem sér um hina árlegu Iceland Airwaves-hátíð. „Þessa dagana erum við að hlusta á fullt af tónlist með hljómsveitum og tónlistarmönnum sem eru á barmi frægðar. Svo fer umsóknarferli erlendra tónlistarmanna bráðum af stað og síðan taka íslensku umsóknirnar við.“ - ve



● **Forsíðumynd:** Anton Brink tók þessa mynd af Gulleik Lövskar húsgagnahönnuði. **Útgáfufélag:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, s. 512 5000 **Ritstjórar:** Sólveig Gísladóttir solveig@frettabladid.is og Emilía Örlygsdóttir emilia@frettabladid.is. **Auglýsingar:** Ámundi Ámundason s. 517 5724 **Útlitshönnuður:** Kristín Agnarsdóttir kristina@frettabladid.is.

**HÖNNUN** Þessi skápur er hluti af seríu eftir Giuseppe Canevese, með áprentunum eftir listamanninn Guido Crepax (1933 - 2003), sem var áhrifavaldur í evrópskri teiknimyndasögugerð á síðari hluta tuttugustu aldarinnar. Frægasta persóna hans Valentina var búin til árið 1965 og er mjög í anda þess tíma, en í verkum Crepax er fjöldi vísana í avant-garde listamenn eins og Man Ray og Andy Warhol. Skápurinn hérna er einmitt skreyttur með Valentinu.






Þráðlaus þægindi frá Danfoss

Danfoss

Gólfhiti - einfaldari en nokkru sinni fyrr
Þráðlausar gólfhitastýringar
Háþróaðar en einfaldar
Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu gólfhitastýringa

Danfoss stjórnbúnaður fyrir hitakerfi fæst í öllum helstu lagnaverslunum landsins

Danfoss hf
Skútuvogi 6 104 Reykjavík
Sími 510 4100 • www.danfoss.is

www.fritzhansen.com

REPUBLIC OF Fritz Hansen®



SJÖUNA hannaði Arne Jacobsen á sjötta áratug síðustu aldar fyrir nýjan skóla sem hann hafði teiknað. SJÖUNUM má stafla, tengja saman, festa á borðplötur og arma. Þær eru til með hjólum, bólstraðar og óbólstraðar, í mörgum litum og með mismunandi áferð.

# HÁPUNKTAR ÚR HÖNNUNARSÖGUNNI



SVANINN hannaði Arne Jacobsen Royal Hotel í Kaupmannahöfn sem nú heitir Radisson SAS. SVANURINN átti að færa mjúkar línur inn í hið ögn stífa umhverfi þessarar miklu byggingar.

OXFORD-stólinn hannaði Arne Jacobsen árið 1963 fyrir prófessora St. Catherine´s College í Oxford. OXFORD-stóllinn fæst með háu og lágu baki, með eða án hjóla og með leður- og tauáklæði.



Epal hf. / Skeifan 6 / Sími 568 7733 / epal@epal.is / www.epal.is















Baðkarið stendur á viðarpalli. Mjög fallegt og stílhreint baðherbergi.



Mjög sérstakt baðkar með viðarsæti.

# Baðherbergi nútímans

● Baðherbergi og salerni eru ekki lengur ill nauðsyn heldur griðastaður. Baðherbergið er eitt mikilvægasta herbergi húsa og íbúða og því margir sem vilja leggja áherslu á að þar sé þægilegt að vera og fallegt um að litast.

Kaldar flísar, lélegur sturtuhaus og ryðgað baðkar? Nei takk, ekki fyrir nútímamanninn. Hönnun í baðherberginu hefur rutt sér til rúms og nú er svo komið að þessi griðastaður heimilisins er oft á tíðum eitt fallegasta rými íbúða og húsa. Enda á fáum stöðum nauðsynlegra að geta slakað á en eftir bað og sturtu.



Frístandandi baðkar á fallegum flísum.



Hlýlegt baðherbergi í sveitastíl. Mjúkar mottur, handklæði og kerti gefa hlýlegt andrúmsloft.



Af hverju eitt baðkar þegar hægt er að vera með tvö?



Bjart og fallegt baðherbergi með baðkeri í miðju herberginu.



Þetta baðherbergi er reyndar ekki mjög hlýlegt en líklega hentugt að hafa allt steypt.

# Þægindi og glæsileg hönnun

## Mikið úrval af stillanlegum rúmum



*Passion Slide-Back*






*Passion Continental*

Ef þú vilt þægindi og góða hvíld eru rúmin frá Passion góður kostur fyrir þig. Passion framleiðir afar vönduð rúm og eru þau tvímælalaust með bestu rúmakaupunum í dag.

Dýnan býður upp á tvo stífleika sem þú getur alltaf breytt á einfaldan hátt.

Hægt er að velja um sjö tegundir fóta og fimm mismunandi áklæði á rúmin. Þá er hægt að velja þrjár tegundir af yfirdýnu, latex-, þrýstijöfnunar- eða svampdýnu. Passion rúmin koma í ýmsum stærðum.

Þráðlaus fjarstýring með barnalæsingu fylgir Passion rúmunum og kraftmiklir en hljóðlátir rafmagnsmótorar gera það að verkum að Passion rúmið færist mjúklega og hljóðlega í hvaða stöðu sem þú velur.



LÚR
BETRI HVÍLD

## Þú sefur betur í rúmi frá Lúr

**LÚR - BETRI HVÍLD**
HLÍÐASMÁRI 1 • 201 KÓPAVOGUR
SÍMI 554 6969 • FAX 554 3100
WWW.LUR.IS • LUR@LUR.IS

Opnunartímar:
mán–fös 10:00 – 18:00
lau 11:00 – 16:00

# Íslenskur viður vel nothæfur í húsgagnasmíði

Gulleik Lövskar húsgagnahönnuður og kennari smíðar einstaka hluti. Þeirra á meðal er sérstakur gítarstóll með fallegum hljómum.



Gulleik Lövskar í rúminu sínu. „Ég mundi ekki sofa í þessu, en eftir klukkutíma er maður vel teygður og það er gott.“

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON





Þessi sófi er meir en þriggja metra breiður, fimm manns geta setið í honum. Hann getur staðið frítt í rýminu; á hliðunum eru áföst teborð og á bakinu bókahilla.

„Það mundi ekki borga sig fyrir IKEA að framleiða það sem ég hanna,“ segir Gulleik Lövskar húsgagnahönnuður. „Ég hef ekkert á móti IKEA eða svoleiðis, en það sem ég geri er næstum því eins eintaks smíði,“ segir Gulleik sem hefur nokkra kúnna sem hann smíðar fyrir. „Ég tala við kúnnann um hvað skuli gera fyrir hann, hvernig hann vill hafa sófann og svo fær hann akkúrat rétta stærð. Þeir þekkja minn stíl frekar vel svo ég hef nokkuð frjálsar hendur um framkvæmdina,“ segir Gulleik sem kennir hönnun og smíði í Listaháskóla Íslands.

Hann er Norðmaður, alinn upp í Ósló þar sem hann fékk meistarapróf í húsgagnasmíði og kláraði innanhússarkitektúr frá Listaháskólanum í Bergen. Hann fékk áhuga á Íslandi þegar hann var í skiptinámi við þáverandi Myndlista- og handíðaskólann. Auk þess að kenna er hann alltaf að hanna og smíða eigin húsgögn.

Gulleik hannaði meðal annars gítarkoll nokkurn þar sem hann vann með grunnhugtök í eðlisfræði og byggingartækni á borð við togkraft og þrýsting. Í miðjunni er átta millimetra stálstöng en vírarnir halda jafnvægi á stólnum svo hann ber jafnvel feitustu menn. Ef maður veltir sér og vaggar lendum á stólnum meðan maður leikur á strengina heyrast margir ólíkir tónar.

„Þegar ég bjó stólinn til var ég að pæla í hvað það er lítið sem þarf til að halda manni uppi. Stöngin í miðjunni er bara úr venjulegu öxulstáli, ekkert hókus pókus neitt. Ef þú héldir á stönginni gætirðu auðveldlega beygt hana.“

Gulleik jánkar og hlær við þeirri spurningu hvort margir hafi reynt að glamra á stólinn. „Það er ekki mjög hár hljómur í þessu en það getur orðið til mjög skrítið og síkódelískt gítarsánd. Fyrst notaði ég sex millímetra tein í kollinn og það var alveg nóg þangað til einhver gaur sem sat á stólnum fékk svo mikinn innblástur og fór út í svo mikið dauðarokk að það beyglaðist alltsaman og hann datt. Enginn meiddi sig en ég hafði teininn aðeins þykkari næst.“

Gulleik er á því að ótrúlega mikið sé að gerast í húsgagnasmíði á Íslandi og aðstæður að breytast að hans skapi. Honum finnst áhugi fyrir sérstæðum húsgögnum og íslenskri framleiðslu að aukast. Hann segir að það sé vistvænt að þurfa ekki að flytja húsgögn til landsins langar leiðir og að áhugavert sé að nota íslenskt hráefni.

„Ég hef sjálfur aðeins verið að grúska við að smíða úr íslenskum viði. Það er alveg hægt. Á Íslandi er auðvelt að komast í samband við skógarbændur og margir þeirra geta sagað þetta niður og gert bita úr því fyrir mann. Sumir geta líka þurrkað viðinn. Maður gæti líka þurrkað hann sjálfur ef maður hefði tíma. Það tekur hálft til eitt ár á tommu. Viður á Íslandi er mjög hægvaxinn og ekki er hann alltaf sérlega beinn. En ef maður tekur þetta með í hönnunina og smíðina þá verður útkoman fögur.“

niels@frettabladid.is



Gítarkollurinn sem ögrar fólki á tónlistarsviðinu.



Fiat atvinnubílar

Fiat Scudo
**Sendibíll ársins 2008**

# Bílar sem vinna!



Fiat Dobló
**Sendibíll ársins 2006**

Fiat Scudo
**Sendibíll ársins 2008**

Fiat Ducato

**Hvort sem starfsemin er lítil eða stór færðu Fiat af réttri stærð.**

**Þjónusta alla leið!**
Varahlutaþjónusta og eigið verkstæði á staðnum.



Fiat Ducato Fiat Scudo Fiat Dobló Fiat Multipla Fiat Punto Fiat Panda Fiat Croma

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

**Opið:**
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

PIPAR • SÍA • 72353

## hönnun





● **LEISERSKORNIR SPEGLAR** Fyrirtækið Domestics hefur upp á að bjóða muni eftir hönnuði, grafíska hönnuði og listamenn frá öllum heimshornum. Þar má meðal annars fá fallega og skemmtilega, leiserskorna spegla undir heitinu Narcisse.

Smoooch-spegilinn eftir Geneviève Gauckler er yndislegur. Gauckler býr til ljúfar og fyndnar persónur eins og þennan skrítna speglakarl.

Alla Francesca er spegill mótaður líkt og prófíll á karli. Hönnuðir þess spegils eru Ana Mir og Emili Padros.

I love me er heiti spegilsins sem settur er saman úr mörgum bútum og myndar eina heild. Hönnuðir spegilsins eru Ich&Kar.

Nánar á www.domestic.fr





# Spennandi bútasaumur

● Upphaf bútasaums má rekja allt til Egyptalands hins forna. Áhugi á slíkum saum er mikill um allan heim og því er nokkur eftirspurn eftir fallegu bútasaumsefni líkt og því sem hér sést.

Volksfaden-verslunin hefur að bjóða ótrúlegt úrval efna sem flutt eru inn frá Bandaríkjunum og Japan. Verslunin er í Þýskalandi en sendir vörur um allan heim. Eigandinn er Linda Gaylord sem hefur helgað sig því að hafa á boðstólum bútasaumsefni í háum gæðaflokki í öllum regnbogans litum og munstrum.

http://volksfaden.de



512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE
M12 ÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR:

NÝ ÁSKORUN Í HÖNNUN
NÝTT Í ÍSLENSKU SJÓNVARPI




# LEITUM AÐ HUGMYNDARÍKU HÖNNUNARPARI

Við leitum að laghentum, hressum og stílvissum pörum með brennandi áhuga á innanhússhönnun. Þrjú pör verða valin úr hópi umsækjenda og gefst þeim kostur á að taka þátt í spennandi hönnunarkeppni í nýjum þætti sem fengið hefur nafnið Hæðin og verður frumsýndur á Stöð 2 í mars.

Keppnin gengur út á hvaða par innréttar fallegasta húsið í nýju raðhúsi á Arnarneshæðinni.

**Pörin verða að uppfylla eftirfarandi kröfur:**

- ✔ Vera orðin 20 ára
- ✔ Vera í langtímasambandi
- ✔ Vera í fullri vinnu
- ✔ Geta sinnt verkefninu meðfram vinnu sinni frá febrúar til apríl

Sérlega vegleg verðlaun eru í boði fyrir fallegasta húsið.

Um er að ræða einstakt tækifæri fyrir áhugafólk um hönnun til að láta reyna á hæfni sína og láta ljós sitt skína skært.

skemmtilegri

**Skráning fer fram á stod2.is og visir.is og stendur yfir til 18. janúar.**

**SKRÁÐU ÞIG Á STOD2.IS OG VISIR.IS**

Þjóðleikhúsið
Á öllum sviðum lífsins

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00.
Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.
**Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is**


„Það er líka sjaldgæft að verða vitni að jafn kraftmikilli sýningu og þessari, jafn miklum galsa, jafn fumlausum tökum á forminu, jafn afdráttarlausri túlkun, jafn tilgerðarlausri en jafnframt útpældri sviðsmynd...“ Þröstur Helgason Lesbók MBL, 29. des.

Ívanov
e. Anton Tsjekhov. Aðlögun og leikstjórn: Baltasar Kormákur
fös. 4/1 & lau. 5/1 örfá sæti laus


Konan áður
e. Roland Schimmelpfenning
Háski og heitar tilfinningar
lau. 5/1 örfá sæti laus


Skilaboðaskjóðan
e. Þorvald Þorsteinsson
Ævintýrasöngleikur fyrir alla fjölskylduna
sun. 6/1 kl. 14 uppselt
sun. 6/1 kl. 17 aukasýn. örfá sæti laus













# Fagrir munir Casa Bella




● Casa Bella collection eða CB-collection á Spáni framleiðir og selur húsgögn, skrautmuni og lampa. Munirnir eru íðilfagrir og margir íburðarmiklir eins og sjá má á myndunum hér á síðunni. Nánar á www.cbcollection.com




**1. Íburðarmiklir lampar** eru einkennandi fyrir stíl Casa Bella.

**2. Ábúðarmikil ljósakróna** sem færi vel í stórri stofu.

**3. Fallega hannaðir** lampar gefa herbergjum sérstakt yfirbragð.

**4. Vegglampar** af ýmsum stærðum og gerðum fást hjá Casa Bella.

**5. Stílhreinn stállampi** með munstruðum skermi.

**6. Leisertækni** hefur verið notuð til að móta þennan fallega spegil. Casa Bella Collection hefur lagt töluverða áherslu á að nýta sér leisertæknina í sínum nýjustu verkum.




## hönnun



**GLTIRANDI STÓLL** Stone heitir þessi stóll sem er mjög einfaldur í formi en margslunginn í útliti. Helst væri hægt að líkja honum við demant en þegar ljós skín á hann endurkastast það á undurfagran máta. Vegna skyldleika stólsins við gimstein er stóllinn til í litum sem sjá má á dýrum steinum.

N O R D I C A S P A

Nordica Hotel
Suðurlandsbraut 2
Sími 444 5090
nordicaspa@nordicaspa.is
www.nordicaspa.is

# Láttu þér líða vel








**Á NordicaSpa er lögð áhersla á gæði og persónulega þjónustu.**

Viðskiptavinir NordicaSpa fá gott aðhald og er vel hugsað um hvern og einn þar sem allir meðlimir fá leiðsögn hjá þjálfara í tækjaslanum í hvert skipti sem komið er í heilsuræktina. Í upphafi eru viðskiptavinir NordicaSpa heilsufarsmældir, þjálfarinn fer yfir stöðumat og setur upp æfingakerfi fyrir viðkomandi. Þjálfararnir aðstoða viðskiptavini við æfingar – stilla tæki og leiðbeina samkvæmt æfingaáætlun hvers og eins og aðstoða einnig við teygjur ef óskað er eftir því. NordicaSpa býður einnig upp á fjölbreytta hóptíma og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Að æfingu lokinni er gott að fara í heitu pottana í heilsulindinni og fá slakandi herðanudd hjá nuddurunum. Þar getur fólk látið þreytu dagsins líða úr sér og komið endurnært út. Í heilsulindinni eru tveir nuddpottar, slökunarlaug og tvær vatnsgufur með ilmi. Úti á veröndinni er einnig heitur pottur, sauna og sólbaðsaðstaða. Gestir fá einnig handklæði í hvert skipti.

# MAX RAFTÆKI

Láttu ekki HAPP úr hendi sleppa!

# útsala

## – verð í frjálsu falli

Gríptu gæsina meðan hún gefst!

**Raftæki** allt að 67% afsl.

**Tónlist** allt að 65% afsl.

**DVD myndir** allt að 50% afsl.

**Tölvuleikir** allt að 80% afsl.

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

v

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og
Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

### Hreinræktaðir Schafer hvolpar
Hreinræktaðir Schafer hvolpar til sölu. V. 80 þ. Heilsufarskoðaðir og örmerktir. Afh. næsta helgi. Skoðaðu hvolpana á www.123.is/tanjasara Uppl. í s. 482 2955 & 867 5569.

### Dverg Doberman
Gullfallegur og yndislegur Minute Pincher ættbókarfærður úr HRFÍ einn rakki eftir. Uppl. í s. 691 7306.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Fyrir veiðimenn

Vatnsdalsá á Barðaströnd Fluga og net ehf, rekstraraðili Vatnsdalsár á Barðaströnd, óskar hér með eftir tilboðum vegna leigu árinnar fyrir árið 2008. Um er að ræða tvö veiðitímabil og verða þau hvort um sig leigð í heilu lagi. Fyrra tímabil: 27. júní til 27. júlí (31 dagur) Seinna tímabil: 8. ágúst til 14. september (38 dagar). Miðað er við að bjóðendur skili tilboðum fyrir þriðjudaginn 22. janúar. Allar nánari upplýsingar veitir Einar Birkir Einarsson í síma 820 2200 / 555 1722 eða ebe@fluga.net. Jafnframt má kynna sér ánna á www.fluga.net.

## Hestamennska

Tek að mér hross í hirðingu í vetur. Allar Uppl. í s. 616 1569.

Óska eftir hesthúsplássi fyrir 2 hesta í vetur. Helst í Víðidal eða Mosfellsbæ. Get skaffað hey. Uppl. í síma 6600262

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 4 herb. íbúð í Kópavogi leigist með tvöföldum amerískum ísskáp er upp á efstu hæð . Leiga 140.000 sem leigist með hita og hússjóð. Getur losnað 1 feb. eða fyrr. Uppl. í síma 564 4659 eða 847 0891 Ásdís.

Til leigu 3ja herb. íbúð í Lautasmára. Húsg. geta fylgt, ísskápur og uppþv.v. uppl. konni@hotmail.com 897-9161

Einbýlishús í Garðabæ til leigu frá jan - júlí 2008. uppl. 8930320

Til leigu í 101 á besta stað! 3.herb. íbúð (alls um 86fm) með sérinngangi, björt, nýmáluð og fín, gæti hentað fleiri en einum til að leigja saman. Laus strax. Leiga 150þkr. á mán. Tryggingar krafist. Sendið upplýsingar á: erindi48@gmail.com.

Reykjavík, 101, near the Catholic and the Orthodox Church. Appartament with private entry, 2 bedrooms, 1 living room, shower/wc and kithchen (total ca. 86qm). Brigth, newly painted and nice. Can be suitable for more than one person. Free now. Rent 150.000,- IKR pr. month. Insurance required. Send info to: erindi48@gmail.com.

Til leigu 50 fm 2 herb. íbúð á Seltj.nesi. V. 120þ. Hiti rafm og hússjóður innif. Myndir og frekari uppl á http://vetur.net og í síma 698 6314.

Rooms avaleble in 104 Rvk. Price 48 þ. p. person + incurence. Ifo. 697 8720

Frábær herb. í 101. / Good room in 101. Must be seen! Tel 898 5179.

Til leigu tveggja herb.66 fm.ibúð í Hafnarfirði laus strax uppl.í síma 863 9731, 664 5582

2 herb. 50 fm. íbúð undir súð í 101 Rvk. til leigu. V. 85. þús. á mán. Uppl. í s. 662 8489

Til leigu 2 herb. með sér inngangi og snyrtingu. Leigist aðeins reglusömum einstaklingi. Uppl. í s. 893 3475.

Litið hús i vesturbæ Reykjavikur til leigu Húsgögn og heimilistæki geta fylgt Upplýsingar i sima 5611762 og 8451596

TIL LEIGU Ný 90 fm 2 herb. í lyftuhúsi á Ægisgötu. Stæði í bílageymslu. 150 þ. + hússjóð. S. 8928187.

Stúdio í Fossvogi. Tæpir 30fm. Uppl. í s. 557 5058 & 866 4754.

3 herb., snyrtileg, kj. íbúð í R-109. Laus til leigu fram á vor. Reykl. og reglus. V. 95 þús. S. 695 1790.

4ra herb. íbúð á svæði 101 til leigu. Hentar vel fyrir starfsmenn fyrirtækja. 4 stór herbergi. Uppl. í s. 695 1730.

55 fm íbúð í 108. Leiga 95 þ. á mán. Langtímaleiga f. reglusama og skilvísa. Upp. í s. 899 3033 & melgull@hotmail.com

Nýuppgerð 118 fm 4 herb. íbúð í vesturbænum. Leigist með húsgöngum og búnaði frá 15 jan. út mars á 160 þ. S. 692 7963.

67fm 2ja herb. íbúð til leigu í 111, rétt hjá FB. Bónus ofl. þjónusta í nágr. Stórt svefnherb. með góðum skáp, hægt að koma fyrir uppþvottavél í eldhúsi. Leiga 123 þús. per. mán. + hússj. og rafmagn. 3ja mánaða trygging skilyrði. Laus. S. 824 4490.

Íbúð á Seltjarnarnesi. Ca. 120 fm, til leigu. Leiga 120 þús,á mán. Leigist út maí 2008. Laus strax. Uppl. í s. 696 3700 Auður

## Húsnæði óskast

56 ára kona óska eftir eintaklingsíbúð eða stóru og góðu herbergi með baði og eldhúskrók. Helst á svæði 210 eða 111. Reglusöm er í traustri í vinnu, er á götunni. S. 845 7585. Eftir kl. 16.

Ung og reglusöm hjón með eina dóttir óskar eftir íbúð til leigu sem allra fyrst!! vinsamlega hafðu samband í síma 552 6730 & 691 3728.

Ég er 27 ára kvenkyns nemi frá Kaupmannahöfn og verð í rannsóknarverkefni hjá Árnastofnun frá mars nk. Leita að fullbúnu herbergi eða lítilli íbúð á svæði 101,103,105 eða 107. Greiðslugeta um 40.000,-kr Leigutími er frá mars til endaðan maí. Frantzdatter@gmail.com

Rótgróin verslun leitar eftir verslunarhúsnæði á Laugaveginum. Uppl. í s. 847 7663 Tómas

## Atvinnuhúsnæði

4 herb. íbúð í bökkunum. Langt.leiga kr. 130þ. Einnig til leigu 24 fm herb. m.húsg.og aðg.að baði í 2 mán. uppl. 863-8099

Draumaleigjendur 2 stúlkur utan af landi óska eftir leiguíb. á sanngjörnu verði í RVK. Reykl. reglus. góðar stelpur báðar í fastri vinnu. S.8476887/8688767

Falleg 95 m2 íbúð til leigu í Ljósheimum í Rvk á 6. hæð. Tvær stofur og tvö svefnh. Fullbúin húsgögnum og búsáhöldum. Lyftuhús með miklu útsýni og húsverði á staðnum. Leigist reglusömu og reyklausum einstaklingi eða pari. Gæludýr ekki leyfð. Leiga 130 þús. á mánuði - innifalið hússjóður, rafmagn og hiti. Laus frá og með 1. feb. nk. Áhugasamir sendið póst á hthh@hi.is

Óska eftir 30-60 fm iðnaðarhúsnæði. Uppl. í s. 893 3347.

## Geymsluhúsnæði

Geymsluhúsnæði til leigu 26 fm. í 104 Rvk. Uppl. í s. 581 4000.

## Gisting

Flóki Inn - Langtíma gisting / Long term rental. Sími:552 1155 - info@innsoficeland.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

starf.is
Nú er rétti tíminn til að breyta til.

### Ísbar/Booztbar, Kringlunni.
**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf: dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsdags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**
**Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

### Vaktstjóri á Pizza Hut Nordica
Pizza Hut leitar að vaktstjóra í veitingasal á Pizza Hut Hótel Nordica. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www.pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Birgir veitingastjóra Pizza Hut Nordica 694-8022 og 533-2002.

### Fullt starf á Pizza Hut Nordica
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í fullt starf í veitingasal. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við Birgir veitingastjóra Nordica í síma 694-8022 og 533-2002.

### Veitingahúsið Nings
**Óskar eftir að ráða starfsfólki fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Einnig vantar okkur starfskraft í dagvinnu frá kl. 10-17. Aukavinna í boði ef vill.**
**Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

### Veitingahúsið Nings
**Óskum eftir að ráða fólk í sal í kvöld- og helgarvinnu. Um er að ræða afgreiðslustörf. Tilvalið fyrir skólafólk.**
**Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

### Veitingahúsið Nings
**Óskar eftir glaðlegu og broshýru starfsfólki í sal í kvöld- og helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

### Vaktstjóri
N1 óskar eftir að ráða áreiðanlegan og öflugan vaktstjóra til starfa á þjónustustöðinni í Lækjargötu í Hafnarfirði. Í starfinu felst stjórnun vaktar, vaktauppgjör, pantanir og almenn þjónusta við viðskiptavini. Áhugasamir sæki um starfið á www.n1.is Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Harðardóttir, mannauðssviði N1 í síma 440 1000.

### Almennt starfsfólk
N1 óskar eftir að ráða áreiðanlegt og duglegt starfsfólk til starfa á þjónustustöðvum sínum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða almenna afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini annars vegar inni á stöðinni og hins vegar á dæluplani. Áhugasamnir sæki um störfin á www.n1.is Nánari upplýsingar veitir Sigríður Harðardóttir, mannauðssviði N1 í síma 440 1000

### Smart starfsfólk
**Starfsfólk óskast á sólbaðsstofur Smart Grensásvegi & Sólvallargötu í dag-, kvöld og helgarvinnu.**
**Umsóknareyðublöð á staðnum. Yngri en 18ára koma ekki til greina.**

### American style
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, mjög samkeppnishæf laun og frábært folk. Sæktu um á americanstyle.is

### Kornið auglýsir
Kornið Bíldshöfða óskar eftir eldri konum til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 8-17. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

### Serrano Hringbraut Fullt Starf - Mánaðarlaun 170-190.000
**Óskum eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu á Serrano á Hringbraut. Starfið felst aðallega í því að afgreiða viðskiptavini Serrano um mat og svo í alls kyns störfum við áfyllingar, þrif og önnur störf á staðnum. Við erum að leita eftir duglegu, jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á skemmtilegum vinnustað. Byrjunar-mánaðarlaun eru um 170-190.000 kr.**
**Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna - eða með því að senda póst á steingerdur@serrano.is. Nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstjóri Serrano í síma 899-8947.**

### Síam - Framreiðslustarf í sal - Fullt starf
**Óskum eftir að ráða starfsfólk í sal á veitingastaðnum Síam í Hafnarfirði. Starfið felst aðallega í því að þjóna til borðs á staðnum, svara í síma og sinna önnum störfum. Við erum að leita eftir duglegu, jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á skemmtilegum vinnustað.**
**Hægt er að sækja um á www.siam.is/atvinna - eða með því að senda póst á steingerdur@siam.is. Nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstjóri Síam í síma 899-8947**

### Cafe Oliver
**Cafe Óliver óskar eftir reyndum barþjónum og þjónum í sal í fullt starf og/eða hlutastarf.**
**Vinsamlegast hafið samband í 692 9802 eða cafeoliver@cafeoliver.is**

### Viltu vinna með skólanum?
**Starfsmaður óskast í skilastöðu í Leikskólann Lindarborg, Lindargötu 26 Reykjavík. Vinnutími kl. 15.30-17.30 eða eftir nánara samkomulagi.**
**Upplýsingar gefur leikskólastjóri í s. 551 5390.**

### Morgunverður - Smurbrauð
**Hótel Óðinsvé óskar eftir starfsmanni til starfa við morgunverð og smurbrauðsgerð. Unnið er mán. - Fös. frá kl. 06:30 ca. 70% starf. Einnig vantar í aukavinnu um helgar.**
**Upplýsingar gefur Jónína í s. 511 6200.**

### Aktu Taktu
Aktu Taktu Leitar eftir rösku og áreiðanlegu starfsfólki í afgreiðslu. Um er að ræða bæði fullt starf og hlutastarf. Ef þig langar til að vinna á skemmtilegum og líflegum vinnustað þá gæti þetta verið rétta vinnan fyrir þig. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknir á aktutaktu.is.

PYLSUVAGNINN LAUGARDAL

### Pylsuvagninn Laugardal
Pylsuvagninn Laugardal óskar eftir fólki til starfa. Um er að ræða hlutastarf, tilvalið fyrir skólafólk. Aðeins stundvísir, heiðarlegir og reglusamir starfsmenn koma til greina. Góða laun í boði fyrir rétta aðila. Umsóknareyðublöð fast á staðnum.

### Vantar þig vinnu með skóla?
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki með mikla þjónustulund. Um er að ræða vaktavinnu um kvöld og helgar. Breytilegar vaktir í boði sem henta vel með skóla. Umsóknir fyllist út á www.subway.is.**
**Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7000. Aldurstakmark er 16 ár.**

### Vaktstjóri á Subway
**Subway óskar eftir jákvæðu og duglegu fólki á besta aldri með mikla þjónustulund. Um er að ræða fullt starf í vaktavinnu, unnið á daginn og kvöldin. Einnig er í boði almenn dagvinna. Umsóknir fyllist út á www.subway.is. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**
**Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri í síma 530-7000. Aldurstakmark er 18 ár.**

### Afgreiðslustarf
**Okkur vantar traustan, duglegan og samviskusaman starfsmann á næturvaktir virka daga og aðra hvora helgi.**
**Upplýsingar í síma 820 0065 eða umsóknir sendar í tölvupósti stodin@internet.is - Á Stöðinni Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði**

### Neglur og list
**Óskum eftir að ráða snyrtifræðing, naglafræðing, fótaaðgerðafræðing og nuddara til starfa. Einnig vantar manneskju í þrif.**
**Upplýsingar í síma 553 4420 eða á www.negluroglist.is**

### Hótelstörf - Leiguhúsnæði
**Óskum að ráða starfkrafta í umsjón morgunverðar, þrif á herbergjum og næturvakt á hótel í Kópavogi.Möguleiki á hlutastarfi og leiguhúsnæði fyrir starfsmenn.**
**Uppl. í síma 664-5901 eða sendið umsókn á hotel@hotelsmari.is**

### Hamar ehf
**Hamar ehf Vélsmiðja óskar eftir að ráða til framtíðar og eða tímabundinna starfa flokksstjóra, einnig óskum við eftir að ráða nema og eða aðra laghenta menn sem eru óhræddir við að prófa eitthvað nýtt, menntun er ekki skilyrði í þeim efnum það má alltaf skoða það þegar menn hafa reynt, starfsstöðvar eru á Eskifirði/kópavogi og Akureyri.**
**Upplýsingar gefa:**
**Ormur Helgi Sverrisson ommi@hamar.is S:6603602**

**Sigurður K. Lárusson siggil@hamar.is S:6603613**

### Bakarí í Kópavogi, Engihjalla.
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa frá kl. 15-17 og aðra hvora helgi. Hentar vel skólafólki. Helst reyklaus. Íslensku kunnátta æskileg.**
**Uppl. í s. 820 7370.**

### Bakarí - kaffihús, Skipholti
**Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími eftir hádegi og annan hvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Íslenskunnátta æskileg.**
**Upplýsingar í síma 820 7370.**

### Gröfumenn
**Vantar vana gröfumenn á 16 tonna hjólavél og 30 tonna beltavél.**
**Uppl. í s. 822 2660 & 822 2661.**

### Ævintýraland Kringlunni
**Óskar eftir föstum starfsmanni með vinnutíman 14-18:30 og 14-19 mán.- fös. Óskað er eftir stundvísri, áreiðanlegri, reyklausri konu í móttöku og starf með 3-9 ára börnum. Meðmælendur og sakarvottorð þarf að fylgja umsókn.**
**Umsóknarfrestur er til 12. janúar 2008. Uppl. í s. 820 3305.**

### Rafvirkjar !
**Er ekki kominn tími á að breyta til ? Vantar menn í snyrtilega og þægilega innivinnu við uppsetningar á tæknibúnaði. Í boði eru góð laun, 13. mánuðurinn greiddur, sími og vinnubíll. Aðeins íslenskumælandi menn koma til greina.**
**Allar nánari upplýsingar í s. 660 4090, Birgir.**

### Vaktstjóri.
**Óskum eftir vaktstjóra á skyndibitastað í Kópavogi. Þægilegur vinnutími. Góð laun í boði fyrir rétta manneskju.**
**Uppl. í s. 861 0500 & 693 5313.**

### Nonnabiti
**Starfskraftur óskast til starfa, ekki yngri en 18 ára, reyklaus. We need more pepole, full time and part time, in down town fastfood. No smoking.**
**Interested please call 846 3500 & 898 5956.**

### Skólafólk / Helgarvinna
**Okkur vantar helgarstarfsfólk á kaffihúsin okkar, í Kringlunni og á Suðurlandsbraut.**
**Nánari upplýsingar veitir Hallveig í s. 77 00555. Cafe Conditori Copenhagen**

### Síld og fiskur
**Starfsfólk óskast í söludeild okkar til að taka til pantanir.**
**Upplýsingar gefur Sófus í síma 863 1938 einnig á netfangið: sofus@ali.is**

ÍTALÍA

**Ítalía - veitingahús**
**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í fullt starf í sal. Unnið er á vöktum. Um er að ræða framtíðarstarf, ekki yngri en 18 ára. Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga. Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11**

b5 Bankastræti

Óskum eftir starfsfólki í sal og á bar, einnig vantar fólk í uppvask. umsóknir ásamt mynd berist á b5@b5.is.

THE ENGLISH PUB

**Dyraverðir / Aðstoð í sal / Barþjónar**
**Óskast á THE ENGLISH PUB. Áhugasamir hringið í síma 690 9996 eða 821 8500**

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, suðumenn, ræstingafólk o.fl. S. 8457158

### Húsasmiðir
Óskum eftir að ráða húsasmiði nú þegar eða eftir samkomulagi. Góð verkefnasataða. Furuás ehf. s 861 9885.

### Hlutastarf
Óskum eftir að ráða starfsmann í mótöku í efnalaug. Vinnutími eftir hádegi virka daga. Starfshlutfall samkomulag. Hentar vel fyrir t.d námsfólk. Góð laun fyrir rétta aðila. Uppl. í s. 564 6871 eftir kl. 18:00

25ára Ísl KK óskar eftir starfi.flest kemur til greina.hef m.a.meira- og lyftarapróf. uppl. í S:8214347

Starfsmaður óskast í dagvinnu á kaffiteríu, sem fyrst, um 100% starf er að ræða á vinnustað þar sem góður andi ríkir. Góð laun í boði, fyrir áhugasaman og duglegan starfskraft. Starfið felur í sér afgreiðslustörf, sérlögun á kaffi og dagleg þrif ásamt fleiru tilfallandi. Uppl. í síma 5255660 milli 10 og 12 virka daga.

Vant starfsfólk óskast í blómabúð og kaffihús. Reynsla nauðsynleg. Sendið upplýsingar á kbok@internet.is

Blikksmiðjan Borg Mosfellsbæ. Blikksmiður eða vanur maður óskast. uppl.Sigurður S:8966800

Sótthreinsun og þrif ehf. Starfsmann með bílpróf vantar. Óskum eftir hraustum starfsmanni 17 ára eða eldri í vinnu við háþrýstiþvott og sótthreinsun. Þarf að hefja störf sem fyrst. Umsóknir og umsögn um reynslu berist til: sotthreinsun@sotthreinsun.is - www.sotthreinsun.is

Poszukujemy kobiet do pracy. Wymagana podstawowa znajomosc jezyka angielskiego lub islandzkiego oraz prawo jazdy. Wiecej informacji pod numerem tel. 5677040 / 8993199

Bílstjórar óskast í vinnu, bæði hálfan daginn f.h. og allan daginn. Nánari upplýsingar í síma 5677040.

### Stýrimann
vantar á MB Mörtu Ágústsdóttur, til netaveiða frá Grindavík strax. S. 894 2013 & 426 8286.

Mánaðarlaun frá130.000 fyrir 4-5 tima á dag BanThai Veitingahús Laugavegi 130 ofan við hlemm Vantar duglegt og ábyggilegt fólk í störf við afgreiðslu ofl. Sem fyrst Uppl.8963536

### Ritfanga- og leikfangaverslun
Óskar eftir starfsfólki í fullt starf og hlutastarf. Umsóknir sendist á hugsel@gmail.com merktar „bók".

Steinsmiðju á höfuðborgarsvæðinu vantar handlaginn starfsmann í vinnu sem fyrst. Uppl. í s. 820 5150.

Starfsfólk óskast til ræstingarstarfa um helgar. Sveigjanlegur vinnutími. Uppl. í s. 899 6016.

### Starfsfólk vantar
Óskar eftir góðu starfsfólki til ýmissa starfa á skemmtilegum vinnustað. Góð laun í boði. Uppl. í s. 697 7888.

Óska eftir vönum beltagröfumanni í vinnu sem first. Þeir sem hafa áhuga hafið samband í s. 891 8338.

## Atvinna óskast

**Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?**
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

Starfsfolk fra Lettlandi: smidir, verkamenn, velamenn, raestingafolk o.fl. S.8457158

## TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

Profesjonalny, zespól muzyczny zagra na imprezach okolicznosciowych typu: bale, sluby i inne. S. 690 6505

## Einkamál

22 ara kk velútlítandi leitar eftir eldri konum sem eru til i heit náinn kynni. Uppl. og svör á eldri1@hotmail.com

## FASTEIGNIR

# Nökkvavogur 36
104 Reykjavík
Falleg risíbúð með svölum.

**Stærð: 65,4 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1948**
**Brunabótamat: 9.100.000**
**Bílskúr: Nei**








**Opið hús í dag kl 16:30 til 17:00**

**Verð: 19.900.000**

Góð 4ra herbergja risíbúð 65,4 fm með suðaustur svölum, sem ekki eru inní fermetrafjölda íbúðar. Sameiginlegur inngangur með miðhæð. Íbúðin skiptist í hol/gang, stofu, eldhús, baðherbergi og þrjú svefnherbergi. Fallegar gólffjalir eru á allri íbúðinni, nema á baði þar eru ljósar flísar. Geymsluris er yfir allri íbúðinni. Sameiginlegt þvottahús í kjallara. Athugið íbúðin er skráð 65,4 fm en gólfflötur er töluvert stærri og kemur á óvart þegar inn er komið. Laus við kaupsamning.

RE/MAX Lind



Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
**693 4085**
gylfi@remax.is



Anna Karen
Sölufulltrúi
**862 1109**
annaks@remax.is



Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Bæjarlind 14-16 - 201 Kópavogur - Sími: 5209500 - www.remax.is**

## ATVINNA



# Matreiðslumaður óskast

La Primavera óskar eftir að ráða matreiðslumann til starfa sem fyrst. Við leitum að faglærðum einstaklingi með lifandi áhuga á ítalskri matargerð.

Nánari upplýsingar eru veittar í síma 898 1076.

LA PRIMAVERA RISTORANTE

BORGARBYGGÐ

# Tómstundaskólinn í Borgarnesi

Tómstundaskólinn í Borgarnesi auglýsir eftir starfsfólki í hlutastöður. Vinnutími er frá klukkan 13:15.

Í starfinu felst vinna með börnum á aldrinum 6-9 ára í lengdri viðveru.

Æskilegt er að umsækjandi sé uppeldismenntaður eða hafi mikla reynslu af starfi með börnum og góð meðmæli.

Leitað er að kraftmiklum og drífandi starfsmanni sem hefur sérstakan áhuga á starfi með börnum.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Gunnhildur Harðardóttir forstöðumaður í síma 866-9558 eða á netfanginu gunny@grunnborg.is. Upplýsingar um Tómstundaskólann má finna á vefsíðu Grunnskólans í Borgarnesi, **www.grunnborg.is**.

## ATVINNA



## VANTAR ÞIG VANA MÚRARA?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



## VANTAR ÞIG PÍPULAGNINGARMENN?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS



## VANTAR ÞIG VANA SMIÐI?

Voot starfsmannamiðlun hefur milligöngu um að útvega innlenda sem erlenda starfsmenn fyrir ýmsar greinar atvinnulífsins

Er starfsmannaleiga rétta lausnin fyrir þig?

**SÍMI 420 9500**

VOOT STARFSMANNAMIÐLUN

HAFNARGATA 90• 230 REYKJANESBÆR • WWW.VOOT.IS

# Sölumaður fasteigna

**Öflug og rótgróin fasteignasala á höfuðborgarsvæðinu óskar að ráða harðduglegan sölumann nú þegar.**

Viðkomandi þarf að hafa haldgóða menntun og reynslu af sölumennsku á fasteignamarkaði, ásamt hreinu sakarvottorði og hæfni í mannlegum samskiptum. Löggilding í fasteignasölu er kostur. Góð vinnuaðstaða og árangurstengd laun í boði.

Áhugasamir sendi umsóknir til Fréttablaðsins á box@frett.is fyrir 8. janúar n.k. merkt "sölumaður fasteigna".



# Humarhúsið
Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • humarhusid.is

## Óskum eftir metnaðarfullum kokka og þjóna nemum

Upplýsingar á staðnum eða í síma 561 3302

HUMARHÚSIÐ RESTAURANT

**StafnÁs**
**Bygginga- & verkfræðifyrirtæki**
Contractors & engineers

# Meirapróf og gröfupróf

Stafnás ehf óskar eftir góðum aðilum í tækjadeild með meirapróf+kranapróf á vörubílskrana. Og einnig aðila með gröfupróf.

Viðkomandi þurfa að getað hafið störf sem fyrst því mikil jarðvinna er framundan og verkefnastaðan góð. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.

Hafið samband við Hildi stafsmannastjóra í síma 534-6009 eða sendið tölvupóst í hildur@stafnas.is

Síðumúla 31
108 Reykjavík
Ísland
Tel.: +354 534 6000
Fax: +354 534 6001



**LÓNIÐ LAÐAR AÐ** Bláa lónið hefur alltaf verið gríðarlega vinsæll áfangastaður bæði íslenskra og erlendra gesta sem sækja staðinn heim allan ársins hring.

# Nýtt met í lóninu

Gestir Bláa lónsins hafa aldrei verið fleiri en árið 2007, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá forsvarsmönnum heilsulindarinnar.

Alls sóttu 407.620 gestir þennan vinsæla áfangastað erlendra og íslenskra ferðamanna og er það rúmlega sjö prósenta aukning frá árinu á undan.

Umfangsmiklar breytingar og endurbætur voru gerðar á baðstað Bláa lónsins á síðastliðnu ári. Öll búnings- og baðaðstaða var endurhönnuð og betri stofa, þar sem meðal annars er boðið upp á einkaklefa, var tekin í notkun.

Lava, nýr veitingastaður sem byggður er inn í hraunið, hóf einnig starfsemi á árinu 2007.

Markmið breytinganna er að sögn Magneu Guðmundsdóttur, kynningarstjóra Bláa lónsins hf., að auka upplifun gesta og gera heimsóknina enn ánægjulegri.

Bláa lónið hefur einnig verið vinsæll staður fyrir ráðstefnuhöld og fundi, auk þess sem náttúrufegurð staðarins bregður fyrir í mörgum auglýsingum, bæði íslenskum og erlendum, enda eftirsóttur staður fyrir stórstjörnur sem sækja landið heim.

Ásamt notalegri stund í lóninu eru einnig í boði ýmsar heilsutengdar meðferðir og nudd og nýlega hafa húðvörurnar Blue lagoon fengið heilsíðuumfjöllun í danska dagblaðinu Berlingske tidende.

Allar nánari upplýsingar um Bláa lónið og starfsemi þess er að finna á heimasíðunni: www.blaalonid.is






# Siggi sæti borðar grænmeti

**Sólveig Eiríksdóttir** telur það gott ráð að senda forsetann í jóga á nýju ári en hún er þó viss um að á Bessastöðum sé borinn fram hollur matur. Ef **Steinn Ármann Magnússon** ætti að smíða áramótaheiti fyrir þjóðina myndi hann biðja hana að spara og sýna aðhald, enda sé haugur af Range Rover-bifreiðum á bílasölum óeðlilegt ástand. *Júlía Margrét Alexandersdóttir* fór í gegnum Skaupið, eftirminnileg atvik, 2007 og fleira til með rökstólapari vikunnar.



**ÁLVERIÐ OG BORGARSTJÓRNIN** Sólveig Eiríksdóttir og Steinn Ármann Magnússon kusu álverskosninguna og sprenginguna í borgarstjórn með eftirminnilegustu atvikum ársins 2007. Og Steini Ármanni fannst svipurinn á sjálfstæðismönnum í kjölfarið fyndnasta atvikið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Á RÖKSTÓLUM

*Hafið þið hist áður?*
*Ef þið væruð stödd í Gettu betur – hvaða fróðleik gætuð þið þulið upp um hvort annað?*
*Hafið þið einhverjar fyrir fram mótaðar hugmyndir um persónu eða persónuhagi hvors annars? – Búið til þrjár staðreyndir sem þið vitið ekki núna hvort eru sannar eður ei.*

**Steinn:** Já, við höfum hist áður. Til dæmis voru Krilla, bekkjarsystir mín í leiklistarskólanum, og Solla vinkonur.

**Solla:** Já, ég kynntist Steini þá þegar þau voru í inntökuprófunum, fyrir alveg ógeðslega mörgum árum. Hvað – tuttugu árum, Steinn?

**Steinn:** Já, þetta var árið 1989.

**Solla:** Við vorum í einhverjum partíum saman á þessum tíma.

**Steinn:** Og svo höfum við svona rétt rekist á hvort annað síðan þá – kinkað kolli hvort til annars. Erum vaxin upp úr því að hanga í partíum.

**Solla**: Ég skal byrja í Gettu betur. Steinn er leikari og hefur gengið vel þar og leikið mikið. Var í einhverri hljómsveit, sem ég man að mér fannst rosalega fyndin – með Jakobi Bjarnari man ég, Davíð Þór og einhverjum fleirum. Svo varstu með útvarpsþátt með sömu strákum. Þú deilir sama áhuga á kisum og ég, allavega varstu Keli í Stundinni okkar. Ég held þú sért giftur og eigir eitthvað af börnum. Ég verð reyndar að viðurkenna: Ég hélt á sínum tíma að þú og Óli bekkjarbróðir ykkar væruð par – og fannst þið rosa flottir saman! En sá misskilningur var leiðréttur fljótlega – það var Óli og einhver annar.

**Steinn:** Mig minnir að Solla hafi fyrst verið með einhvern djúsbar.

**Solla**: Já, nei, það var önnur.

**Steinn:** Nú jæja, þá hef ég verið að rugla. En ég veit að hún Solla stofnaði veitingastaðinn Grænan kost, seldi hann svo og keypti aftur nýlega. Svo hefurðu verið að selja í búðir heilsuvörur sem kallast... Himneskur kostur? Nei. Himnesk heilsa? Himneskur kraftur? Nei, bíddu himnesk hollusta!

**Solla: Sko!**

**Steinn:** Nú, svo las ég um það í blöðunum að þú værir gift og ég ímynda mér að þú eigir þrjú börn. Það er mikið talað við þig í blöðum og sjónvarpi þegar kemur að hollustuumræðu. Ég held það sé rétt munað að þú ert mikil útivistarmanneskja og fylgist vel með menningar- og listalífinu, ferð á söfn og slíkt.

**Solla:** Hann fær fullt hús. En ef ég á svo að giska á eitthvað þrennt um Stein sem ég veit ekki hvort er satt, giska ég á að Steinn sé mikill hestamaður. Ég get líka ímyndað mér að Steinn Ármann spili fótbolta með gömlum félögum og ég held hann sé mikill fjölskyldumaður og hans fjölskylda ferðist mikið.

**Steinn:** Hestarnir passa, ég á fimm slíka en ég hef hins vegar óbeit á fótbolta. Ég held að þú Solla ferðist mikið erlendis. Ég hugsa líka að þú sért mjög geðgóð alla jafna en þegar þú springur sé það bigtime!

**Solla:** Jú, jú.

### Svandís Svavars er stjarnan

*Árið er liðið og misjafnt hvað stendur upp úr í hugum fólks: Hvað stendur upp úr að ykkar mati? Hvert er fyndnasta atvik ársins og hver er eftirminnilegasta persóna ársins og fyrir hvaða sakir?*

**Solla:** Það sem stendur upp úr er álverskosningin í Hafnarfirði. Í byrjun var ég alveg viss um að Hafnfirðingar myndu segja já en af því að álverið fór í ótta sínum að verða svona yfirgangssamt og dónalegt við íbúana, að því er manni fannst, þá hrukku þeir í baklás og neituðu. Þarna sá maður að ef þú ert að fara að færa eitthvað fram, eitthvað sem þig virkilega langar að gerist, þá er vert að gera sér grein fyrir því að það er árið 2007 og þú hvorki hótar fólki né ert með einhvern yfirgang.

**Steinn:** Fyrst Solla er búin að taka álverið ætla ég að nefna þegar borgarstjórnin sprakk. Og allt þetta REI-mál og hvernig reynt var að keyra það í gegn. Einn, tveir, þrír, selja þetta. Einn, tveir, þrír, koma svo. Og ætli öll kurl séu nokkuð komin til grafar í þessu máli. Fyndnasta atvikið ... ætli það hafi ekki verið bara að sjá svipinn á sjálfstæðismönnum á borgarstjórnarfundinum þegar Björn Ingi var búinn að svíkja þá. Alveg hreint dásamlegt!

**Solla:** Allra fyndnast fannst mér þegar litli Skagastrákurinn hringdi í Hvíta húsið, sendi svo vin sinn upp á Stöð 2, mætti sjálfur í Kastljósið og kenndi svo Þórhalli um allt saman. Mér fannst þetta svo spontant húmor. Einhver óþekktur sem kastar svona bjútífúl húmorsprengju inn til okkar.

**Steinn:** Eftirminnilegustu persónuna verð ég að kjósa Svandísi Svavarsdóttur. Hún er skelegg, ákveðin, lætur ekkert vaða ofan í sig og það er henni að þakka að miklu leyti hvernig þetta mál blessaðist. Hún kom á óvart – það vissi enginn hver þetta var – „ha, átti Svavar svona gamla dóttur?“

**Solla:** Já, einmitt! Það kom mér mjög á óvart. Eftirminnilegastur finnst mér Jón Gnarr í símaauglýsingunni. Mér fannst það óborganlega fyndið.

**Steinn:** Já, hún vakti mikið umtal og svínvirkaði einmitt þess vegna. Jón Gnarr hefur reyndar verið mjög áberandi á þessu ári, skrifaði Skaupið, var í Næturvaktinni og í auglýsingum. Sem og Sigurjón Kjartans. Sigurjón er orðinn svona Aaron Spelling okkar Íslendinga – sem var bak við hvern einasta ameríska þátt á tímabili.

### Höldum ekki út áramótaheiti

*Skaupið er alltaf vinsælt umræðuefni fyrstu dagana á eftir frumsýningu. Hvernig fannst ykkur Skaupið í heild?*

**Solla:** Ég var mjög ánægð með Skaupið og hef verið það undanfarin ár. Ég er svolítil ljóska því það er tvennt sem mér finnst alltaf jafn ógeðslega fyndið í Skaupum – annars vegar þegar Íslendingar tala Norðurlandamál og svo hins vegar þegar karlmenn eru að leika konur. Norðmannaatriðið höfðaði því mikið til mín.

**Steinn:** Ég á nú svolítið erfitt með að tjá mig þar sem ég lék í því. Mér fannst þetta bara nokkuð gott og ég var ánægður með hvað það var lítið um pólitískan húmor. Mér fundust löggurnar svolítið fyndnar með ljósin og seríurnar á sér: Að gera lögguna sýnilegri. Þótt ég hafi nú reyndar sjálfur verið í því. Skaupið er hins vegar fyrst og fremst eftirminnilegt í mínum huga því það var svo óskaplega kalt þegar við vorum að taka það upp. Sérstaklega þegar við vorum í Hrauninu að leita að Byrginu.

*Áramótaheitin leiða fólk ýmist í líkamsræktarstöðvar eða á reykinganámskeið. Gerðuð þið áramótaheiti og hafið þið einhvern tímann gert slíkt?*

Ef þið yrðuð að búa til áramótaheiti fyrir þjóðina í heild sinni – hvaða heiti mynduð þið neyða hana til að strengja?

Steinn: Ég gerði ekkert áramótaheiti en hef gert þau nokkur: Hreyfa sig meira, vera varkárari í peningamálum og svona hitt og þetta. Aldrei náð að halda út árið.

**Solla:** Áramótaheitið, þegar ég reykti, var í mörg ár að hætta að reykja. Svo var það líka í mörg ár að taka bílpróf. Þetta tvennt rættist að lokum.

**Steinn:** En áramótaheiti fyrir þjóðina – það ætti að vera aðhaldssemi í fjármálum. Spara. Allir þessir Range Roverar sem eru á bílasölum eru bara rugl og þetta getur ekki verið gott fyrir viðskiptahallann. Svo mættu allir hafa það í huga að við getum haft áhrif á okurvexti og þensluna með atkvæðum okkar. Fólk verður að muna að allir þessir peningar sem hafa orðið til á landinu uxu ekki á trjánum, þetta eru okkar peningar sem við borgum í okurformi í bönkunum. Og við erum ekki áskrifendur að því að kjósa alltaf Sjálfstæðisflokkinn. Við eigum að hafa áhrif og getum það.

**Solla:** Áramótaheiti fyrir þjóðina yrði það að við létum náungann skipta meira máli og heilsuðum og segðum góðan daginn. Góðan daginn er algengara erlendis en hér heima – stundum eins og við séum hrædd við náungann.

### Kokkurinn á Bessastöðum áhugasamur

*Nú ert þú Solla þekkt fyrir heilsusamlegt líferni og mataræði þar sem grænmeti er í miklu aðalhlutverki. Minna veit þjóðin þó um mataræði þitt Steinn nema þá hvernig alteregóið þitt – Siggi sæti – matast. Hefur þú borðað grænmetisrétt á Grænum kosti eða keypt vörur frá Himneskri hollustu, Steinn Ármann? Og ef þú, Solla, yrðir að borða sælgæti í viku, eins og Siggi sæti myndi gera án áreynslu – hvaða þrjár sælgætistegundir yrðu fyrir valinu? Hvað er langt síðan þú borðaðir síðast sælgæti og gos?*

**Steinn:** Já, já, já, já. Mér finnst grænmetisréttir, vel eldaðir, mjög góðir. Grænmetis- og hnetubuff og fleira og manni líður svo vel af þessum mat. Ég borða mikið af grænmeti. Og svo hjóla ég mikið. Alla leið úr Hafnarfirði í bæinn. Kom að vísu með strætó hingað núna enda var veðrið hráslagalegt.

**Solla:** En verð ég að velja sælgæti? Úff, en þau vandræði. Ég myndi drekka sódavatn. Nei, ókei, það er ekki sælgæti. Jæja, það yrði það fyrir mér þar sem ég drekk ekkert með gosi í. En ókei, þá yrði það Pipp, After Eight og eitthvert marsipan. Ég veit hins vegar ekki hvað það er langt síðan ég keypti venjulegt sælgæti. Örugglega tíu ár.

*Og að heilsu og mataræði forsetans. Ólafur Ragnar Grímsson hefur lofað þjóðinni því að bjóða sig áfram fram til forseta, en heilsan hans hefur hins vegar ekki verið upp á það besta.*

*Hvaða þrjá hluti ráðleggið þið honum að gera á nýju ári til að halda krafti og heilsu? Vitið þið almennt eitthvað um mataræði hans?*

**Steinn:** Ég myndi nú ráðleggja honum að slaka svolítið á. Hann er alltaf á stöðugum þeytingi og það er til nokkuð sem heitir flugþreyta og ég hugsa að hann sé svolítið lúinn. Svo bara þetta að hreyfa sig og borða hollt.

**Solla:** Ég var búin að hugsa svolítið svipað prógramm fyrir hann. Mér fyndist yndislegt ef hann færi í jóga og tæki allan pakkann þar – slökun og hugleiðslu. Síðan að fara og skjóta í sig hveitigrasi og taka hörfræjaolíu. Sú rútína á morgnana myndi minna hann á að hafa hugann við heilsuna. Annars veit ég að kokkurinn á Bessastöðum – sá sem var þar allavega fyrir nokkrum árum – var áhugasamur um holla matreiðslu og hann hringdi stundum í mig, ofboðslega áhugasamur. Og Dorrit er mikið fyrir að hafa góðan og hollan mat. Við vorum einmitt að senda þrjá rétti niður á forsetaskrifstofu í síðustu viku, án þess að ég viti hvort það hafi svo verið forsetinn sem gæddi sér á þeim. En það virðist vera að forsetahjónin spái í þetta.

### ➜ VISSIR ÞÚ AÐ ...

- ... Sólveig Eiríksdóttir á fjórar alnöfnur í þjóðskrá.
- ... Steinn Ármann Magnússon er sá eini hins vegar á landinu.
- ... Steinn Ármann er fjórum árum yngri en Sólveig en þau fæddust hins vegar bæði að hausti til.
- ... Steini Ármanni er fremur illa við tölvur og fær jafnan hjálp sona sinna við að opna tölvupóstana sína en þeir starfa báðir við tölvur.
- ... Sólveig er oft með hollan grænmetissafa með sér í veskinu.

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




| | |
|---|---|
| Kjúklingabringur ferskar 1559 kr/kg. | *Merkt verð 2599 kr/kg.* |
| Kjúklingaleggir ferskir 395 kr/kg. | *Merkt verð 659 kr/kg.* |
| Kjúklingalæri fersk 395 kr/kg. | *Merkt verð 659 kr/kg.* |
| Kjúklingavængir ferskir 239 kr/kg. | *Merkt verð 399 kr/kg.* |

# Ferskur kjúklingur á góðu verði !

# 40% afsláttur







**Kjúklinga-hversdagssteik** forkrydduð í álbakka
40% afsláttur 455 kr/kg. *Merkt verð 759 kr/kg.*

Ferskt íslenskt **100% ungnautahakk** 798 kr/kg.




## Froosh

**250 ml 100% hreinn pressaður safi, engin aukaefni.
Sérvaldir ávextir í sennilega besta ávaxtadrykknum sem völ er á !**

**BLÁBER OG HINDBER** Innihald: 28 pressuð hindber, 10 pressuð bláber, einn banani, 10 vínber, eitt kramið epli

**MANGÓ OG APPELSÍNU.** Innihald: Safi úr einu mangói, einni appelsínu, eini epli, safi úr einu passíublómi og hakkaður banani.

**JARÐARBER OG BANANAR.** Innihald: Sjö pressuð jarðarber, einn kraminn banani, safi úr 175 berjum, sex vínber, hálf appelsína og hluti úr epli !

**PERUR OG PASSIONFRUIT** (píslarblóm) Innihald: Einn pressuð pera, tvö píslarblóm, einn banani, safi úr 25 vínberjum,eitt epli og skvetta af ananassafa.

**159 kr.**




# BÓNUS BÓNUS BÝÐUR BETUR

**AFGREIÐSLUTÍMI:** LAUGARD: 10.00-18.00 SUNNUD. 12.00-18.00

# Nú hefst átakið!

**Perfect drykkir** allt sem þú þarft í átakið. Fitubrennsla, orka, uppbygging




**Perfect prótein blast**
lítil 35 g stykki




**Hydroxycut**
Eitt vinsælasta brennsluefni á Íslandi síðustu ár. Eykur grunnbrennslu líkamans og minnkar matarlyst.
*Hydroxycut - það virkar!*







**Froosh 100% hreinn ávaxta-smoothie**
án allra aukaefna og sykurs




**EAS fæðubótarvörur í miklu úrvali. Komdu þér í gott form með EAS**

Gildir til 6. janúar eða á meðan birgðir endast.



## KJÚKLINGALUNDIR GLJÁÐAR MEÐ MANGÓ GLJÁA OG KÓRÍANDER

### að hætti landsliðs matreiðslumeistara

1pakki kjúklingalundir
1flaska mangó gljái til dæmis Hot Spot
½ búnt kóríander

Steikjið á pönnu eða grilli. Rétt fyrir framreiðslu er mangó gljáanum smurt á lundirnar og þær brúnaðar örstutt án þess að brenna þær (gott að setja undir grillið í ofni).

**Ferskt kartöflusalat**
200g soðnar kartöflur
50g skorið grænt epli
50g skorið mangó
1msk sinnep
1msk saxaðar súrar smágúrkur
1msk steikt saxað beikon
Salt og pipar
Aðferð:
Öllu blandað saman og látið liggja helst yfir nótt.






**Magic Monkey**
Hreinn lífrænn granateplasafi




**Skyr.is drykkir** Hollir og góðir drykkir, próteinríkir og fitusnauðir.




**Skyr.is dagmál** Hengugt á milli mála, hvar og hvenær sem er.




**LGG jógúrt** Dagleg neysla LGG styrkir mótstöðuafl líkamans gegn sýkingum.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# Dómsdagur Stanislavs Petrov

**Síðla árs 1983 þurfti foringi í sovéska hernum að ákveða á augnabliki hvort hann ætti að styðja á hnapp sem gat hafið gjöreyðandi kjarnorkustríð. Tölvur í neðanjarðarstjórnstöð hersins gáfu til kynna að flaugar Bandaríkjamanna væru farnar í loftið. Hann gerði ekkert, og er talinn hafa bjargað heiminum frá tortímingu, eins og *Svavar Hávarðsson* komst að.**

Hinn 26. september 1983 var Stanislav Petrov, ofursti í kjarnorkuvopnasveitum Sovétríkjanna, nýmættur á aukavakt í neðanjarðarbyrgið Serpukhov-15, stjórnstöð fyrir eldflaugavarnarkerfi Sovétríkjanna, þegar hnappur í stjórnborði hans litaðist rauður. Á skjá blikkaði skipun um að senda yfirmönnum hersins skilaboð um að Bandaríkin hefðu ráðist á landið með kjarnorkueldflaugum. Slíku yrði svarað í sömu mynt, innan fárra mínútna. Áralöng þjálfun og skylda sem hermanns sögðu honum að bregðast við en Petrov hikaði og kaus að bíða, þar sem hann grunaði að um villuboð væri að ræða.


**KJARNORKUSPRENGING** Orkan sem losnar úr læðingi þegar kjarnorkusprengja er sprengd er ógnvænleg og er gjöreyðandi afl.

### Árás er hafin

Hinn örlagaríki dagur í lífi Petrovs, og heimsins alls þegar betur var að gáð, var í engu frábrugðinn öðrum fram að þessu augnabliki. Í viðtali lýsti hann því að dagarnir í hinni háleynilegu stjórnstöð rétt drógust áfram, þar sem ekkert í raun gerðist. En þá skyndilega komu boð frá gervihnattakerfinu að kjarnorkueldflaug hafi verið skotið á loft í Bandaríkjunum og stefndi á landið. Petrov, sem þá var 44 ára að aldri, bar einn ábyrgð á því að meta gögnin og hvernig brugðist skyldi við. Augnabliki síðar komu skilaboð um að alls væru fimm kjarnorkueldflaugar komnar í loftið. Hann hafði lítinn tíma til umþóttunar og segist hafa í nokkrar sekúndur verið sem steinrunninn meðan hjartað barðist í brjósti hans. Hann ákvað þó að bíða þrátt fyrir vissu um að eldflaugar Bandaríkjanna væru aðeins tólf til fimmtán mínútur á leiðinni. Leiðtogi Sovétríkjanna varð að taka ákvörðun um gagnárás innan þess tíma. Ákvörðun byggða á upplýsingum frá honum.

### Villuboð

Það tók Petrov aðeins fáar mínútur að ákveða að um villuboð væri að ræða og ekkert skyldi aðhafst. Ákvörðunina tók hann þrátt fyrir ábyrgðina; með risastór tölvukort blikkandi fyrir framan sig og með annan foringja í símanum sem öskraði á hann að gera skyldu sína. „Ég hafði skrítna tilfinningu innra með mér,“ útskýrði Petrov síðar. „Tók því þessa ákvörðun og þar við sat.“ Þó vissi hann að skipun stjórnvalda var að brugðist skyldi við viðvörun sem þessari án tafar og án undantekninga.

Petrov hafði verið kennt að ef Bandaríkin gerðu árás á landið yrði hún af fullum þunga og ætlað að gjöreyða öllum hernaðarlega mikilvægum skotmörkum á sama tíma. Það þýddi að nokkur hundruð flaugar yrðu sendar á loft á sama tíma. Fimm eldflaugar myndu hins vegar aðeins valda litlum skaða. Þetta var jú rauði þráðurinn í kjarnorkuvopnakapphlaupi stórveldanna; að búa yfir styrk til gjöreyðingar sem hefði nægilegan fælingarmátt til að aldrei kæmi til stríðs.

### Ský á lofti

Þegar um hægðist kom í ljós að ákvörðun Petrovs var hin eina rétta. Glænýtt og hátæknilegt gervihnattakerfi Sovétríkjanna hafði túlkað sólspeglun á háloftaskýjum sem árás Bandaríkjanna. Það kom þó ekki í veg fyrir að stjórnendur hersins ásökuðu Petrov fyrir að hafa brugðist skyldu sinni. Hann var gerður að blóraböggli, var áminntur og lækkaður í tign. Hann var ásakaður um að hafa allt sök á atvikinu og kastað rýrð á her Sovétríkjanna.

Sagnfræðingar, stjórnmálaskýrendur og hernaðarsérfræðingar beggja vegna Atlantsála hafa fjallað um atvikið. Í austrinu hefur því verið mótmælt að mögulegt sé að út brjótist kjarnorkustyrjöld, með ákvörðun einstaklings eða eins stjórnkerfis innan sovéska hersins. Þvert á móti þurfi að koma til upplýsingar frá fjölda samverkandi öryggiskerfa til að byggja undir slíka ákvörðun leiðtoga landsins. Sérfræðingar hafa þó bent á að í september 1983 voru samskipti stórveldanna með þeim hætti að styrjöld hafi getað brotist út vegna mannlegra mistaka eða vegna rangrar upplýsingagjafar.

### Eldfimt ástand

Hinn 1. september þetta sama ár var kóreskri farþegaþotu flogið inn í sovéska lofthelgi yfir Beringshafi. Sovétmenn töldu að um bandaríska njósnavél væri að ræða og herþotur þeirra skutu vélina niður. Allir 263 farþegar vélarinnar fórust ásamt áhöfn; margir þeirra voru bandarískir. Atvikið hafði afar neikvæð áhrif á samskipti stórveldanna og þremur vikum síðar kom að einleik Stanislavs Petrov. En það versta var þó eftir.

> Við getum hafa verið á barmi heimsstyrjaldar án þess að hafa hugmynd um það.
>
> **ROBERT GATES,**
> VARNARMÁLARÁÐHERRA BANDARÍKJANNA

Gríðarlega stór heræfing NATO hófst 2. nóvember 1983 þar sem æfa átti viðbrögð við því ef Sovétmenn réðust á Evrópu með hefðbundnum herafla sínum. Aðalmarkmið æfingarinnar var að þróa samskiptareglur þar sem ráðist yrði á Sovétríkin með 350 kjarnorkueldflaugum. Farið var eftir árásarskipulagi Bandaríkjamanna þar sem ráðist skildi gegn 25 þúsund skotmörk sem voru hernaðarlegs eðlis, fimmtán þúsund skotmörk vegna iðnaðar og 500 sem tengdust stjórnvöldum í Sovétríkjunum. Vegna spennunar sem atburðir daganna á undan höfðu skapað í samskiptum ríkjanna ályktuðu sovésk yfirvöld að æfingin væri yfirvarp fyrir raunverulega árás, og bjuggust til varnar. Bandaríkjamenn höfðu ítrekað komið þeim skilaboðum til Sovétmanna að um æfingu væri að ræða og héldu að þar við sæti. Sovétmenn trúðu hinu gagnstæða.

### Búist til varnar

Á meðan Vesturveldin æfðu kjarnorkuárás gerðu Sovétríkin ráð fyrir að hún væri yfirvofandi. Viðbrögð þeirra voru að setja allan herafla sinn í viðbragðsstöðu. Á flugvöllum sátu flugmenn um borð í vélum sínum fullbúnum; 300 kjarnorkuflaugabyrgi voru í viðbragðstöðu og 75 sérútbúnir færanlegir skotpallar voru tilbúnir að bregðast við skipun um árás. Sovéski flotinn beið átekta og fjölmargir kafbátar skriðu undan heimskautaísnum og gerðu sig líklega til að eyða öllum stærstu borgum Bandaríkjanna á augnabliki.


**STANISLAV YEVGRAFOVICH PETROV OFURSTI** Hann lifir nú í fátækt og hefur lýst því yfir að hann hafi aðeins gert skyldu sína. Hann gerir lítið úr afreki sínu og til marks um það sagði hann konu sinni ekki frá atvikinu fyrr en áratugum síðar. Hann hefur verið verðlaunaður á alþjóðlegum vettvangi fyrir afrek sitt.

Bandaríkjamenn fréttu ekki af taugaveiklun Sovétmanna fyrr en nokkrir dagar voru liðnir af æfingunni og drógu þá úr umfangi hennar. Hættan leið svo hjá þegar æfingin rann sitt skeið á enda. Nú löngu síðar telja margir af háttsettum foringjum herja landanna að aldrei hafi verið eins mikil hætta á að þriðja heimsstyrjöldin brytist út, ekki einu sinni í Kúbudeilunni árið 1962.

### Er hættan enn raunveruleg?

Hinn 25. janúar 1995 var norsk-bandarískri rannsóknareldflaug skotið upp frá Noregi. Henni var ætlað að gera rannsóknir á norðurljósunum. David Hoffmann, blaðamaður á Washington Post, skrifaði grein í mars 1998 þar sem hann sagði frá því að rannsóknarflaugin hafi hrundið af stað svipaðri atburðarás og Petrov var þátttakandi í. Gekk það svo langt að þáverandi forseta Rússlands, Boris Jeltsín, var færð sérstök taska sem notuð var til að senda skipun um árás á Bandaríkin. Hoffmann spyr í greininni hvort ástæða sé til að halda að eitthvað hafi breyst þrátt fyrir að kalda stríðinu svokallaða sé lokið. Hann hleður þá röksemd sína rökum að hið gagnstæða geti átt við og hættan á að gríðarlegur kjarnorkumáttur stórveldanna verði gerður virkur fyrir handvömm eina sé raunveruleg. Viðbrögðin við rannsóknaflauginni voru skýrð með því að tilkynningin um að það stæði til að senda flaugina á loft hefði týnst í pappírsflóði hrynjandi stórveldis, eins og staðan var þá í fyrrum ríkjum Sovétríkjanna.

Heimildamyndin 1983 - The Brink Of Apocalypse, sem Channel 4 sjónvarpsstöðin sýnir í kvöld lýsir þessum atburðum. Myndin er byggð á mikilli heimildavinnu og rætt er við marga af lykilmönnum þeirra atburða sem þar er lýst. Roberts Gates, varnarmálaráðherra Bandaríkjanna, er einn af heimildamönnum myndarinnar og orð hans segja kannski söguna í hnotskurn: „Við getum hafa verið á barmi heimsstyrjaldar án þess að hafa hugmynd um það.“

## ➜ Kjarnorkuvetur

- Áætlað er að um 50 þúsund kjarnaoddar séu til í heiminum í dag. Talið er að heildarsprengimáttur þeirra sé um 15 þúsund megatonn, sem er jafnmikið og um 15 þúsund milljón tonn af TNT-sprengiefni.

- Líklega færust um tveir milljarðar manna. Kjarnorkuvetur myndi ógna þeim sem eftir lifa.

- Þegar kjarnorkusprengja springur myndast gríðarlegur eldhnöttur. Plast, viður, klæði og pappír á 300-500 ferkílómetra svæði umhverfis sprengistaðinn brennur fyrir hvert megatonn sprengimáttar.

- Gert er ráð fyrir því að um 250 þúsund ferkílómetrar borgarsvæða muni brenna. Ennig myndi kvikna í olíuhreinsunarstöðvum og olíu- og jarðgaslindum við kjarnorkuárás, en slíkir eldar geta brunnið mánuðum saman.

- Vísindamenn telja að meðalhiti yfir meginlöndum lækki um 36 gráður á þremur vikum.

- Ryk og reykur sem þyrlast upp við sprengingu verður að dökku skýi, sem berst með vindum um jarðkúluna.

- Eftir um það bil 10 daga verða þau svæði þar sem mökkurinn er þykkastur í nær algeru myrkri.

- Nú er almennt talið að kjarnorkustríð muni líklega rjúfa ósonlagið í heiðhvolfinu. Ósonlagið ver okkur fyrir hinum skaðlegu útfjólubláu geislum sólarinnar. Við þetta mun útfjólublá geislun við yfirborð jarðar tvöfaldast. Í fyrstu ver ryk og reykskýið yfirborð jarðar en þegar það byrjar að rofa til, verða jurtir, dýr og fólk fyrir gríðarlegri útfjólublárri geislun í um tveggja ára skeið eða lengur eftir stríðið.

- Vegna frosta og geislavirkni yrði mikill hörgull á drykkjarvatni. Við þessar aðstæður hlyti búfé að stráfalla á fyrst ári. Mannfellir af hungri byrjaði ekki jafn snemma, ekki fyrr en verulegur skortur yrði á matvælum, en gæti þó orðið eftir hálft eða eitt ár, jafnvel fyrr.

**Heimild: islandia.is**


**HIROSHIMA 6. ÁGÚST 1945** Bandaríkjamenn vörpuðu sprengjum á japönsku borgirnar Hiroshima 6. ágúst 1945 og Nagasakí þremur dögum síðar, í lok síðari heimsstyrjaldarinnar. Talið er að um 220 þúsund manns hafi dáið við árásina og dagana á eftir, flestir óbreyttir borgarar. Kjarnorkuvopn nútímans eru sum hver mörg þúsund sinnum kraftmeiri en sprengjurnar sem notaðar voru 1945.

# JANÚAR ÚTSALA

**FERÐATÖLVUR**
Í MIKLU ÚRVALI MEÐ ALLT AÐ
**50.000**
KRÓNA AFSLÆTTI

**LCD SJÓNVÖRP**
Í MIKLU ÚRVALI MEÐ ALLT AÐ
**100.000**
KRÓNA AFSLÆTTI

ÚTVÖRP FERÐATÆKI MINNISKORT HEYRNARTÓL FERÐATÖLVUR MP3 SPILARAR HLJÓMTÆKI IPOD HÁTALARAR STAFRÆNAR MYNDAVÉLAR BÍLTÆKI OFL

## ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR

Hágæða HLJÓMTÆKI og HÁTALARAR frá JBL, Infinity og Harman Kardon með góðum afslætti!

Stafrænar TÖKUVÉLAR með HÖRÐUM DISK TUGÞÚSUNDA AFSLÁTTUR!

OPIÐ LAUGARDAG 10-18 OG SUNNUDAG 13-17

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2008

**Sjónvarpsmiðstöðin**
RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

MINNISKORT ALLAR GERÐIR

# Ert þú komin í útsölugírinn?

## Ís í brauðformi á 40 kr. alla helgina!



# STÓRTILBO




**6.980 kr.**

**RoboRaptor** Fjarstýrð risaeðla, samruni tækni og persónuleika.

Verð áður: 11.990 kr.




**1.580 kr.**

**My Littlest Pet Shop** Leiksett.

Verð áður: 2.480kr.




**2.190 kr.**

**Fisher Price leikgrind**
Mjúkt teppi með óróa.

Verð áður: 3.980 kr.




**1.590 kr.**

**Stjórinn** Knattspyrnuspilið.

Verð áður: 3.990 kr.

# JUST 4 KIDS

# ÐSDAGAR!




**1.580 kr.**

**Kúluspil** Með stigateljara

Verð áður: 1.990 kr.




**980 kr.**

**Racing Rascals**
Bílafígúrur í anda Cars.

Verð áður: 1.680 kr.






Just4Kids er risastór ævintýraveröld með leikföng, barnahúsgögn, barnaföt og ungbarnavörur.

**Just4Kids**
**Sími: 544 4424**
**www.just4kids.is**

## Og þetta er aðeins brot af tilboðunum!



# HLJÓÐFÆRI HUGANS
## Njörður P. Njarðvík skrifar um íslenskt mál

### Nýtt upphaf
Það eru alltaf mýmargar mismunandi leiðir til vinnings eða taps. En andinn sem við þurfum á að halda er aðeins einn: baráttuandi, leikgleði og þrjóska hið innra; að skilja eigin takmarkanir og stilla upp á nýtt ef því er að skipta. Þar sem er þrjóska þar er von og vonin er undir okkur sjálfum komin. Þau sem gefast ekki upp þrátt fyrir vonleysið, þau sem þrauka í myrkrinu og ráðvillunni, þau sem leika þrátt fyrir að vita ekki hverju þau eiga að leika, þau sem smíða áform, jafnvel áform sem bregðast, þau geta snúið taflinu við, búið til nýtt upphaf. Það geta allir.
*Guðfríður Lilja Grétarsdóttir: Að höndla óvissuna (Mbl. 29/12 2007)*

### Þulur – þula
Mikið leiðist mér að sjá og heyra konu sem er kynnir (ekki „kynna“) í sjónvarpi kallaða **þulu**, en ekki **þul** – sbr. grein hér í Fbl. 15. des. Það er þó ekki við blaðamann einan að sakast, því að þessi vitleysa er orðin furðu algeng. Og merkilegt finnst mér að þessar konur heita **þulir** í útvarpi, en kallaðar **þulur** í sjónvarpi. **Þulur** er sá sem þylur og **þula** það sem þulið er. **Þula** er líka ljóð í frjálsu formi án erindaskila. Þarna er trúlega á ferðinni sú tilhneiging sumra að vilja kvenkenna starfsheiti, sem er barnaskapur. Í tungumáli eru tvenns konar kyn, eðlilegt kyn og málfræðilegt. Dettur einhverjum í hug að kona sem er læknir skuli kallast lækna?

### Hvað voru þau að spá?
segir í fyrirsögn í Mbl. 20. des. Og síðan segir: „Greiningardeildir bankanna gefa reglulega út spár um þróun á hlutabréfamörkuðum. Hversu réttar eru þær og er yfirleitt ástæða til að gefa þær út í ljósi þess hve erfitt getur verið að sjá fram í tímann?“ Hvað ert þú að spá? – merkir skv. minni málkennd – „hver ert þú að þykjast geta spáð“. Kannski mun ungt fólk telja þetta talmál fyrir „hvað ert þú að hugsa“. Þarna ætti því að standa: Hverju spá þau? – og forðast þetta sífellda „er að“ – sem er aulaþvæla úr ensku.

### Ákvarðanataka tekin –
heyrði ég í útvarpi um daginn – og satt að segja varð ég hvumsa. No. **ákvörðun** felur í sér að **ákveða** eitthvað, **afráða**, fastráða. So. **ákvarða** hefur eilítið frábrugðna merkingu, svo sem að meta gildi einhvers eða greina aldur, t.d. handrits. Svo varð til orðasambandið „ að taka ákvörðun“ og úr því kom no. **ákvarðanataka**, sem er nú hálfgert orðskrípi. En að taka **ákvarðanatöku** er auðvitað alveg fráleitt.

### Að halda um völdin
heyrðist líka í útvarpinu – og er trúlega ruglingur á tvennu: **að halda völdum** og **halda um stjórnvölinn**. Kannski átti að felast í þessu sú merking að tiltekinn maður hafi viljað ríghalda í völdin.

### Braghenda
*Á Aðalbóli í Aðaldal er Aðalgeir,*
*og Aðalsteinn – þeir eru tveir.*
*Aðalbjörg kemur síðar meir.*

**Vilji menn senda mér braghendu eða góðfúslegar ábendingar: npn@vortex.is**

# GÓÐ VIKA / SLÆM VIKA

## Góð vika fyrir...

### ... ástfanginn kraftajötun


Benedikt Magnússon gekk í heilagt hjónaband með Gemmu Magnússon skömmu fyrir áramót. Um sannkölluð kraftahjón er að ræða því Benedikt hefur verið Sterkasti maður Íslands og Gemma Sterkasta kona Evrópu. Í sumar eiga þau svo von á fyrsta barni sínu. Það ætti að verða sæmilegasti moli.

### ... handritshöfunda


Sigurjón Kjartansson og Óskar Jónasson hafa fengið talsvert lof fyrir fyrsta þátt Pressu, sem sýndur var á Stöð 2 síðasta sunnudag. Síðustu mánuðina hefur um fátt annað verið talað en Næturvaktina og Pressa kemur beint í kjölfarið. Miðað við þann fjölda sjónvarpsþáttaraða sem Fréttablaðið hefur greint frá að séu í bígerð hjá handritshöfundum má búast við að þessi gósentíð haldi áfram.

### ... líkamsræktarfrömuði


Landinn er útbelgdur af svínakjöti, hangikjöti, rjúpum og kalkúni og tími er kominn til að gera eitthvað í málunum. Það er gósentíð fyrir menn eins og Arnar Grant sem hafa atvinnu sína af því að láta lýsið leka af þéttvöxnum Íslendingum.

## Slæm vika fyrir...

### ... vinsælt vefsvæði


Moggabloggið lá niðri um tíma á fimmtudag eftir árás netþrjóta. Moggabloggið hefur oft á tíðum þótt vera athvarf margra misviturra besservissera og því má deila um hvort árás þessi hafi verið svo slæm eftir allt.

### ... kónginn Bubba


Erfiðlega virðist hafa gengið að koma út síðustu miðunum á tónleika Bubba og Stórsveitar Reykjavíkur. Að minnsta kosti hafa heyrst sögur af stórfyrirtækjum sem gáfu miða í hundraðatali. Og í ofanálag gagnrýndi Sigurjón Egilsson, einn mesti aðdáandi Bubba, hann fyrir ófrumlegheit á bloggsíðu sinni á Mannlíf.is. Stór áföll í einni og sömu vikunni.

### ... fótboltamann í jólafríi
Hannes Þ. Sigurðsson varð fyrir grófri líkamsárás á Hverfisbarnum yfir hátíðarnar. Hermt er að meðlimir Fazmo-klíkunnar hafi staðið að árásinni en fyrir vikið verður Hannes frá keppni á annan mánuð. Hannes hefur kært árásina og hyggst sækja bætur.



# HELGARKROSSGÁTAN




Þú gætir unnið VACANCY á DVD!
Með íslensku og ensku tali
Þú sendir SMS skeytið JA LAUSN LAUSNARORÐ á númerið 1900!
Dæmi hvernig SMS gæti litið út ef svarið er Jón: Þá sendir þú SMS-ið: JA LAUSN JON








98 MP & BH

Krossgátuvísbendingar: ÁNÆGJU · TRAMPA · ÁLL · KJARKUR · ÞÍÐA · HVIÐA · ÓÐUR · BIRTA · SÆLGÆTI · IÐJA · MÆLIEINING · HEIMTING · GOLA · NÝFÆTT LAMB · SJÚKDÓMUR · SVÍKJA · NIÐUR · BLANDA · KALLA · UMTURNUN · GRÚPPA · KVENFLÍKA · FALL · FET · HERMA · ÁTT · FYRIRFERÐ · SAFNA SAMAN · GUÐ · SVARI · FISKILÍNA · DUGNAÐUR · DRABB · KLAFI · STARFSGREIN · SJÓNLEIKUR · FARFA · FEITI · HÁTTUR · MANNA · FYLLIRÍ · BRIGSL · MEGIN · ÁTÖK · GOSDRYKKUR · TVEIR EINS · STÖK · MÁLMUR · NÚMER · Í RÖÐ · ÓHREINKA · ÓREIÐA · GÁSKI · Í VAFA · TIND · PLANTA · SPIL · TIGNASTI · TUNNA · EYMD · LÍÐA VEL · LÍK · BUR · TVEIR EINS · MUN · GOLF ÁHALD · KÖFNUNAREFNI · STEINTEGUND · HVÍTAGULL

Lausn krossgátunnar er birt að viku liðinni á vefnum, www.this.is/krossgatur

# NÝ SÝN
# NÝTT FORYSTUAFL



**Háskólinn í Reykjavík** kynnir, í samvinnu við McGill háskólann í Montreal og Henry Mintzberg, Columbia háskólann í New York og Mayo Clinic í Rochester, nýtt alþjóðlegt meistaranám fyrir brautryðjendur í heilbrigðisþjónustu. Námið hentar öllum sem starfa við nýsköpun, rekstur, þjónustu, stjórnun og forystu á sviði heilbrigðismála og lýðheilsu og er boðið upp á nám bæði heima og erlendis.

Heilbrigðisþjónusta framtíðarinnar þarf brautryðjendur sem:

- Sýna frumkvæði og búa yfir bestu og nýjustu þekkingu sem völ er á.
- Hafa getu til að leiða saman ólík sjónarmið og komast að sameiginlegri niðurstöðu, öllum til hagsbóta.
- Búa yfir þeirri áræðni og þekkingu sem þarf til að taka réttar ákvarðanir á réttum tíma.

Náminu er ætlað að veita þátttakendum nýja sýn á forystu og nýsköpun í heilbrigðisþjónustu 21. aldar og stuðla að því að skipa Íslendingum í fremstu röð framsækinna þjóða á sviði heilbrigðismála og lýðheilsu.



## NÁM VIÐ MCGILL HÁSKÓLANN: ÞÁTTTAKENDUR FRÁ YFIR 20 ÞJÓÐLÖNDUM

**Vorönn 2008:** Þátttakendum gefst kostur á að hefja nám við McGill háskólann í mars 2008. Hægt er að sinna fullu starfi með námi, en gert er ráð fyrir að nemendur komi saman 5 sinnum í 12 daga í senn á 16 mánaða tímabili.

*„Meistaranámið okkar í heilbrigðisstjórnun er einstakt og afar metnaðarfullt. Við ætlum okkur að bylta, ekki einungis menntun í heilbrigðisstjórnun, heldur sjálfu heilbrigðiskerfinu. Það gerum við með því að kveikja stöðuga, lifandi umræðu á milli fremstu stjórnenda allra geira heilbrigðiskerfisins, alls staðar að úr heiminum.“*

Henry Mintzberg, prófessor í stjórnun og forstöðumaður meistaranáms í heilbrigðisstjórnun við McGill háskólann í Montreal. Mintzberg er á nýjum lista yfir 20 helstu hugsuði heims. Á þessum lista eru m.a. Bill Gates, Alan Greenspan, Jack Welch og Michael Porter.

## NÁM VIÐ HÁSKÓLANN Í REYKJAVÍK: PRÓFESSORAR FRÁ MCGILL, MAYO CLINIC OG COLUMBIA KENNA VIÐ HR

**Haustönn 2008:** Þátttakendum gefst kostur á að hefja nám í Háskólanum í Reykjavík á haustmisseri 2008 og innritast í MPH Executive nám sem er meistaranám í forystufræðum og nýsköpun á heilbrigðissviði. Kennslufyrirkomulag tekur mið af því að þátt-takendur sinni starfi samhliða náminu sem fer fram að mestu leyti hér á landi. Auk innlendra sérfræðinga kenna prófessorar frá McGill, Columbia University og Mayo Clinic.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Háskólans í Reykjavík, www.hr.is/mphe og hjá **Guðjóni Magnússyni, MD, Ph.D., prófessor við kennslufræði- og lýðheilsudeild HR (gma@ru.is).**

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY




# STUÐ MILLI STRÍÐA Má bjóða þér tesopa?

**SUNNA DÍS MÁSDÓTTIR** HEITIR ÞVÍ AÐ HÆTTA AÐ SAFNA RUSLI Á NÝJU ÁRI



Ég áttaði mig á því fyrir skömmu að ég á svo mikið af dóti og drasli að það tekur eiginlega út yfir allan þjófabálk. Ég á til dæmis nokkurn veginn nægilegt magn af kertastjökum til að geta lýst upp alla Versalahöll, að undantöldu kannski einu skúmaskoti. Ég á líka hinar ýmislegustu tetegundir í kílóavís, þó að ég drekki mun oftar kaffi, og ég gæti þannig séð boðið japönsku keisarafjölskyldunni í heimsókn án þess að þurfa að skammast mín fyrir veitingarnar. Þá eru pappírsstaflarnir enn ónefndir. Þó að ég kallist seint harðasti umhverfissinninn og endurvinnarinn hreinlega sundlaði mig frammi fyrir þeim fjöllum. Það lítur út fyrir að ég beri alein ábyrgð á eyðingu svona fimm prósenta af skógum heimsbyggðarinnar.

Þetta er tvíþætt vandamál. Annað, og hið stærra, er að ég kaupi og fæ að gjöf skömmustulega mikið af hinu og þessu dóti, sem snýst svo upp í heljarinnar vandamál þegar ég þarf að finna því stað. Hitt er að ég er allt of löt að sortera í gegnum ruslhaugana og leyfa þeim að fara veg allrar veraldar. Um daginn fann ég til dæmis bankayfirlit frá árinu 1999. Af hverju mér fannst nauðsynlegt að geyma það í átta ár fæ ég ekki skilið, frekar en af hverju ég taldi mig þurfa að geyma gamla floppydiska, þegar tölvan mín er ekki einu sinni með þannig drif.

Ég gældi aðeins við þá hugmynd að bjóða allt heila klabbið til sölu, svona í anda mér merkari manna sem hafa selt aleigu sína til styrktar þeim sem mun minna hafa á milli handanna. Svo gæti farið að eitthvað af dótinu rati á Kolaportsbás, ef þeir verða þá enn til staðar, en í millitíðinni ætla ég að minnsta kosti að taka af skarið og strengja þess heit að takmarka dótið sem inn í híbýli mín kemur. Ef ég ætla að spreða peningum í eitthvað á þessu ári verður það helst eitthvað óáþreifanlegt. Eins og að fara loksins að skoða Versalahöllina, nú, eða kíkja í teboð til Japan.

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar
Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman











**MARIANA „CHICO“ FRUMBOLI OG EUGENIA PARILLA DANSA TANGÓ** Fyrsti útvarpsþátturinn í röðinni fjallar um tangó á Íslandi.

# Íslensk menningarsaga í útvarpinu

Í dag fer í loftið á Rás 1 fyrsti þátturinn af sex í nýrri útvarpsþáttaröð sem nefnist Brot af íslenskri menningarsögu. Þáttaröðin, sem verður á dagskrá næstu sex laugardaga, er afrakstur samstarfs Rásar 1 og námsbrautar í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands. Farið verður yfir víðan völl í þáttunum og fjölbreyttir fletir á menningarlífi lands og þjóðar skoðaðir í þaula.

Í fyrsta þættinum, sem fer í loftið í dag kl. 15.20, fjallar Hugrún R. Hólmgeirsdóttir um argentínskan tangó, sem nýtur vaxandi vinsælda hér á landi, ásamt því sem ljúfir tangótónar fá að hljóma.

Í öðrum þættinum fjallar Ása María Valdimarsdóttir um unglingamenningu á Akranesi á sjöunda áratug tuttugustu aldar og áhrifin sem Bítlarnir höfðu á lífið og tilveruna.

Í þriðja þættinum verður fjallað um Þeistareykjagöngur, en í þeim sækja fjárbændur í Aðaldal í Suður-Þingeyjarsýslu fé sitt á afrétt. Umsjónarmaður þáttarins er Sif Jóhannesdóttir.

Fjórði þátturinn fjallar um ýmsar hliðar langhlaupa og markmið með hlaupum. Ásdís Káradóttir ræðir meðal annars við maraþonkonuna Guðbjörgu M. Björnsdóttur um hlaupaferil hennar, æfingar og keppni.

Fimmti þátturinn fjallar svo um Íslendinga í Svíþjóð. Málfríður Gylfadóttir ræðir við Íslendinga sem búsettir hafa verið í Svíþjóð síðan á áttunda og níunda áratugnum og leikin verður tónlist sem tengist löndunum tveimur.

Í sjötta og síðasta þættinum fjallar Eggert Þór Bernharðsson um upphaf rokksins á Íslandi um miðjan sjötta áratug síðustu aldar, ræðir við sérfræðinga um tímabilið og leikur tónlist frá fyrstu árum rokksins. - vþ



**TÓNLIST** Irina Romishevskaya ásamt Jónasi Ingimundarsyni.

# Irina Romishevskaya enn í heimsókn

Í dag, laugardag, gefst tónlistarunnendum tækifæri, til að hlýða á framúrskarandi rússneska mezzó-sópran söngkonu, Irinu Romishevskayu, í Salnum í Kópavogi, en hún dvelur nú hér á landi í boði Rotary-hreyfingarinnar. Romishevskaya söng á árlegum Stórtónleikum Rotary í gærkvöld ásamt Sigrúnu Hjálmtýsdóttur og Jónasi Ingimundarsyni, en vegna mikillar eftirspurnar verða tónleikarnir endurfluttir í dag kl. 17 og gefst því almenningi tækifæri til að verða sér úti um miða á laugardaginn.

Á efnisskránni eru þekktar óperuaríur, dúettar og fjölbreytt sönglög. Auk þeirra þriggja verður sérstakur leynigestur tónleikanna nýr styrkþegi Tónlistarsjóðs Rotary, en sjóðurinn er einmitt afrakstur þessa árlega tónleikahalds í Salnum. Fyrst var veitt úr Tónlistarsjóði Rotary á Hátíðartónleikum í Salnum í tilefni af 100 ára afmæli hreyfingarinnar í janúar 2005. Þetta er því í fjórða sinn sem veitt verður úr sjóðnum, en áður hafa þeir Víkingur Heiðar Ólafsson píanóleikari, Ari Þór Vilhjálmsson fiðluleikari og Bragi Bergþórsson tenórsöngvari hlotið styrkinn. - pbb

# Jólunum lýkur með gerningi

Myndlistarmennirnir Ragnar Kjartansson og Ásmundur Ásmundsson fremja sinn árlega jólagerning á morgun, síðasta dag jóla, í Nýlistasafninu á Laugavegi 26.

Undanfarin sex ár hafa listamennirnir komið fram sem Kertasníkir og Bjúgnakrækir á listrænan hátt við mismunandi aðstæður. Þeir hafa haldið jólagerninginn á mörgum af helstu listastofnunum Reykjavíkur, til að mynda í Kling og Bang og í Safni, en nú er röðin komin að Nýlistasafninu. Hjá mörgum listunnendum er gerningakvöld þeirra félaga orðið órjúfanlegur hluti jólahaldsins.

Hátíð ljóss og friðar er senn á enda og ekki seinna vænna að halda hana. Áhugafólk um listir er hvatt til að mæta og taka börnin sín með þar sem hér er á ferð barnvæn list. Húsið er opnað klukkan 21 og hefst gerningurinn nokkrum mínútum síðar. - vþ



**MYNDLISTAMENNIRNIR RAGNAR KJARTANSSON OG ÁSMUNDUR ÁSMUNDSSON.**



FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

**SAMNINGUR UNDIRRITAÐUR** Margrét Bóasdóttir og Hafþór Yngvason undirrita samning um tónleikaröð á Kjarvalsstöðum.

# Kammertónlist á Kjarvalsstöðum

**Hafþór Yngvason, safnstjóri Listasafns Reykjavíkur, og Margrét Bóasdóttir, formaður Félags íslenskra tónlistarmanna, undirrituðu í gær samning um nýja tónleikaröð kammertónleika á Kjarvalsstöðum.**

Tónleikaröðin er samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum og Félags íslenskra tónlistarmanna, fagfélags íslensks kammertónlistarfólks, sem nýtur styrks frá menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar til að vinna verkefnið.

„Við erum afar ánægð með að þessi samningur er orðinn að veruleika. Við byrjuðum að vinna að þessu markmiði í sumar þegar Hafþór vakti máls á þessu, en hann langaði til þess að endurvekja tónleikahald á Kjarvalsstöðum. Við tókum tækifærinu fagnandi, enda eru Kjarvalsstaðir falleg bygging og vel fallin til tónleikahalds,“ segir Margrét. Tónleikaröðin hefur göngu sína í lok febrúar og munu tónleikarnir fara fram á miðvikudagskvöldum. Fyrstu tónleikarnir í röðinni verða afar glæsilegir, en þar mun tónlist Sveinbjörns Sveinbjörnssonar vera í forgrunni. Að auki verður margt annað spennandi á dagskrá; haldnir verða fjórir til sex tónleikar á ári og þrátt fyrir að íslenskir flytjendur verði í meirihluta má gera ráð fyrir að árlega fari fram tónleikar þar sem fram koma tónlistarmenn frá hinum Norðurlöndunum. „FÍT er í samstarfi við einleikarafélög á hinum Norðurlöndunum og út frá því samstarfi höfum við í hyggju að starfrækja eins konar skiptiáætlun í tengslum við þessa tónleikaröð. Þannig fáum við ekki aðeins að njóta flutnings erlendra tónlistarmanna hér á landi heldur mun hópur frá FÍT fá tækifæri til að leika erlendis. Það má því líta á þessa tónleikaröð sem visst tækifæri til útrásar íslenskra tónlistarmanna.“

Samningurinn sem undirritaður var á föstudags er til eins árs, en Margrét segir mikinn áhuga á áframhaldandi samstarfi á milli FÍT og Listasafns Reykjavíkur. „Við stefnum ótrauð að því að þessi tónleikaröð nái að festa sig í sessi og verði að traustum lið í tónlistarlífi höfuðborgarbúa.“

vigdis@frettabladid.is


Salurinn

LAUGARDAG 12. JANÚAR 2008 KL. 17
TÍBRÁ: NÝÁRSTÓNLEIKAR
HULDA BJÖRK OG SALONSVEIT SIGURÐAR INGVA SNORRASONAR.
ÖRFÁ SÆTI LAUS
Miðaverð 2000/1600 kr.

MIÐASALAN ER OPIN VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 – 16 FRAM AÐ JÓLUM

SMELLTU Á NÝJU HEIMASÍÐUNA WWW.SALURINN.IS OG SKOÐAÐU FALLEGU GJAFAKORTIN

FRÁBÆR JÓLAGJÖF!

GLEÐILEG JÓL
ÞÖKKUM ÁNÆGJULEGAR SAMVERUSTUNDIR Á ÁRINU

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS






ÁTAK
MEÐ FJÓLU
hefst mánudaginn 14. janúar
LÍFSTÍLSNÁMSKEIÐ SEM STENDUR YFIR Í ÁTTA VIKUR ÞAR SEM MARKMIÐ ERU SETT OG ÞEIM NÁÐ.
Frekari upplýsingar:
MECCA SPA
www.meccaspa.is
og síma 511-2111

Dansnámskeið Þjóðdansafélags Reykjavíkur

Gömludansanámskeiðin hefjast 7. janúar.
Opið hús 9. janúar.

Upplýsingar í síma 587 1616
Þjóðdansafélag Reykjavíkur Álfabakka 14a

Auglýsingasími 512 50 50

## > TÍSKUFRÉTTIR VIKUNNAR

**BECKHAM BERAR ALLT:** Í fyrradag birtist hið umdeilda veggspjald af fótboltakappanum **David Beckham** á 310 fermetra risaskilti í Mílanó þar sem kappinn klæðist efnislitlum Armani-nærbuxum. Gárungar hafa verið að geta sér til um hverju Beckham tróð ofan í nærurnar en eiginkona hans Victoria segir að eiginmaðurinn sé bara svona vel vaxinn frá náttúrunnar hendi. Tískuvikan fyrir herrafatnað hefst svo í Mílanó hinn 21. janúar.

**ROKKUÐ BARNAFÖT?: Lily Allen** hefur fengið ótal tilboð um að hanna barnafatalínu eftir að hún tilkynnti óléttu sína. Söngkonan, sem er einungis 22 ára að aldri, segist þó engan veginn hafa áhuga á því að hanna ungbarnalínu þar sem hún sé aðallega að höfða til unglingsstúlkna.

**stíll**

utlit@frettabladid.is

## OKKUR LANGAR Í ...



... Kuldaskór frá Marc Jacobs eru það smartasta í slabbinu. Fást í KronKron, Vitastíg.



... Wolford klikkar ekki í klassíkinni. Kíktu í Sigurbogann þar sem hægt er að finna frábæra toppa, kjóla og auðvitað sokkabuxur.



... Dead bol með ljósmynd eftir Kaldal. Klikka ekki undir flottum svörtum jakkafötum. Fást í Nonnabúð, Laugavegi.



## DAÐRAÐ VIÐ TÍSKUNA

**Anna Margrét Björnsson**

# *Og svo kaupum við enn meira í janúar ...*

Kaupæði desembermánaðar er síður en svo afstaðið. Nú eyða landar okkar (og jú, vestrænir landar okkar líka) desemberlaununum í janúarútsölunum. Margir Íslendingar fara meira að segja til útlanda gagngert til þess að hreinsa út úr H&M, Bergdorff Goodman eða hvað þetta nú heitir allt saman. Skrítið samt, það er svo oft sem maður dettur í eitthvað kaupæði í útlöndum og uppgötvar svo að þetta er ekkert jafnflott né jafnódýrt og maður hélt fyrst, þegar maður var blindaður af úrvalinu og nýjum merkjum sem fást ekki heima fyrir.



Reyndar er þetta nokkuð sem oftast kemur fyrir á útsölum, að maður fer heim með eitthvað sem svo endar inni í skáp og er aldrei notað. Það er þó eitt gott við útsölu á vetrarfötum að þau eru yfirleitt gæðalegri og klassískari en sumarfatnaðurinn sem fer á útsölur á haustin. Núna í janúar ættu allar skynsamar konur að fjárfesta í góðri merkjavöru og klassískum fötum sem ættu að duga mun lengur en bara fram á vor. Allt sem heitir klassískir svartir jakkar og buxur eru sniðug kaup, og hvers vegna ekki að kaupa vetrarkápuna núna? Hún endist þér fram í maí og svo getur þú dregið hana aftur fram í september. Ekki kaupa föt sem voru tískubólur í vetur – þá geturðu bara notað þau í tvo mánuði og þau verða úrelt næsta haust. Skór og töskur eru svo auðvitað rakin fjárfesting og þá sér í lagi stígvél enda eru stígvél það skótau sem við íslenskar konur notum mest. Munið að skór í dýrari kantinum eru alltaf frábær fjárfesting og að skór frá flottu og gæðalegu merki geta gjörbreytt hræódýrum kjól frá TopShop eða úr „vintage“ verslun. Kvenlegar línur verða áfram ríkjandi í sumar og þá væntanlega fram á haust líka, þannig að dömulegir kjólar með belti í mittið og jafnvel víðu pilsi ættu ekki að klikka heldur. Persónulega er ég logandi hrædd við að kaupa föt í skærum litum. Preen-kjóllinn í eiturgrænu lítur kannski út fyrir að vera alveg geggjaður á slánni en þú verður örugglega komin með ógeð á honum næsta haust þegar einhver allt önnur litapaletta er í gangi. Eins myndi ég setja spurningarmerki við frumleg snið sem tröllriðu tískunni í vetur en verða kannski „búin“ næsta haust ( ekki nema þú sért að kaupa Comme des Garcons og Ann Demeulemeester þar sem sniðin eru alltaf frumleg). Ég spái því líka að smóking-jakkar haldi áfram að koma sterkt inn næsta vetur og það er pottþétt hægt að finna flotta svoleiðis í verslunum eins og Liborius og Dead á Laugaveginum og Whistles í Kringlunni. Sem sagt: Reyndu frekar að eyða pening í eina eða tvær gæðaflíkur heldur en að fara á verslunarfyllirí í ódýru búðunum. Gæði og klassísk hönnun ættu að endast í fataskápnum í áraraðir.



**KATE MOSS OG TOP SHOP** Heil ósköp af frægu fólki hönnuðu fatalínur á síðasta ári, meðal annars Madonna og Sienna Miller. Svo varð algert Kate Moss-æði þegar hún hannaði fatalínu fyrir verslunarkeðjuna Top Shop. Einnig fóru fatahönnuðir eins og Roberto Cavalli og Proenza Schuler að selja ódýran fatnað í H og M . Sem sagt: Hátíska fyrir venjulega fólkið.



**VÍÐIR KJÓLAR** Allar stúlkur og konur féllu fyrir stutta, víða og þægilega kjólnum sem tröllreið öllu síðastliðið sumar. Stelpulegt og sætt en þegar við lítum til baka er kannski ekki ofurklæðilegt að ganga í óléttukjólum þegar maður er ekki óléttur. Við spáum því að þessi tíska sé alveg fyrir bí.

# HVAÐ VAR Í TÍSKU 2007?

Síðasta ár færði okkur ýmsa skemmtilega tískustrauma, allt frá víðu sixtís-kjólunum og glæsilegum túrbönum upp í „new-rave“ bylguna og neonkjóla. Nú er spurning hvað lifir af og hvað verður: „Æ þetta er svo 2007, (geisp)“ Hér gefur að líta helstu tískustrauma ársins sem var að líða. - amb





**HÖFUÐFÖT** Þegar Prada sýndi túrban á tískupöllunum og Balenciaga kom með kúluhattinn sögðu allir að enginn myndi nokkurn tímann ganga með þetta. Hins vegar nutu slík höfuðföt ómældra vinsælda hjá tískudrósum um heim allan og má segja að höfuðföt séu komin til að vera.






**„BODYCON“** Body hvað? Jú „Bodycon“ var nýjasta lýsingarorðið í tískuheiminum en það er stytting á „Body conscious“ eða líkamsvitund. Slík snið voru einkar þröng og fylgdu ávölum línum kvenlíkamans á mjög kynþokkafullan hátt. Hönnunarteymið Preen gerði snilldarlega kjóla í þessum anda sem slógu rækilega í gegn.



**NEW RAVE OG HENRY HOLLAND** Þú varst ekki maður með mönnum í tískuheiminum síðasta ár ef hönnuðurinn Henry Holland var ekki búinn að skrifa eitthvað fyndið um þig á neonlitaðan stuttermabol. Neonlitir og „nineties“ tískan komu líka sterkt inn á árinu.



**NICOLAS GHÉSQUIERE VERÐUR STÓRSTJARNA** Þegar tískuhúsið Balenciaga fékk hinn unga Ghésquiere til liðs við sig varð hann uppgötvun ársins. Fyrst sló hann í gegn með geimverulegum glansandi leggings og þröngum kjólum í málmlitum og svo í haust kom hann með reiðbuxur og munstraða trefla frá Tíbet. Hollywood-stjörnurnar og tískuspekúlantarnir halda ekki vatni yfir honum.

# ego dekor




Borð 200x90
Verð áður: 58.000,-
-40%
Verð nú: 34.800,-

Stóll Zoe
Verð áður: 13.900,-
-40%
Verð nú: 8.340,-

Borð og 6 stólar saman
Verð áður: 141.400,-
-40%
Verð nú: 84.840,-






Clay leðursófasett
Fáanlegt í svörtu, hvítu og brúnu leðri.

3+1+1
Verð áður: 227.000,-
-40%
Verð nú: 136.200,-

3+2,5
Verð áður: 207.000,-
-40%
Verð nú: 124.200,-




New Zealand hornsófi
Fáanlegur í microfiber og tweed áklæði
Hægt að taka áklæði af og hreinsa
Stærð: 300x225

Verð áður: 188.000,-
-25%
Verð nú: 141.000,-

## ÚTSALAN ER HAFIN 20-70% AFSLÁTTUR




Borð 160x90,
Verð áður: 45.000,-
-40%
Verð nú: 27.000,-

Borð 180x90
Verð áður: 49.000,-
-40%
Verð nú: 29.400,-

Borð 200x90
Verð áður: 58.000,-
-40%
Verð nú: 34.800,-

Borðstofuskenkur,
Stærð: 200x50xH:95,
Verð áður: 129.000,-
-40%
Verð nú: 77.400,-

Borðstofuskenkur,
Stærð: 150x50xH:93,
Verð áður: 98.000,-
-40%
Verð nú: 58.800,-

70%
afsláttur



Lampar
-70%
Verð frá: 2.610,-
Stærð: H:125cm og H: 140cm




Rio leðursófasett
Fáanlegt í svörtu, hvítu og brúnu leðri.

3+1+1
Verð áður: 227.000,-
-30%
Verð nú: 158.900,-

3+2
Verð áður: 204.000,-
-30%
Verð nú: 142.800,-




**Opið: mán-fös 10:00-18:00 - lau 10:00-18:00 - sun 13:00-18:00 - Bæjarlind 12 - S: 544 4420 - www.egodekor.is**

> HEIÐURSMAÐUR

Tískuhönnuðurinn Valentino verður gerður að sérstökum heiðursborgara í París í lok mánaðarins. Hann hefur sýnt tískulínur sínar þar í borg frá árinu 1989, og verður heiðraður fyrir framlag sitt að síðustu sýningunni lokinni. Valentino hyggst þá draga sig í hlé, en hann varð 75 ára í fyrra.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Lindsay farin að drekka aftur

Lindsay Lohan féll í freistni á áramótunum, sem hún varði í góðum félagsskap á Ítalíu. Leikkonan var stödd á eyjunni Capri til að taka á móti verðlaunum, og komst þar í kynni við þrjá ítalska menn að sínu skapi. Hún gerði sér fyrst dælt við þjóninn Alessandro Di Nunzio, daginn eftir sást hún með miðaldra leikaranum Eduardo Costa, og lauk sólarhringnum svo á að fara upp á hótelherbergi með leikaranum Dario Faiella, sem varði nóttinni með leikkonunni.

Nú hafa hins vegar öllu óheppilegri myndir af leikkonunni skotið upp kollinum, þar sem hún sést meðal annars súpa á kampavínsflösku. Lohan fór í meðferð við áfengis- og eiturlyfjavanda sínum á síðasta ári, og dvaldi í tvo mánuði á meðferðarheimilinu Cirque Lodge í Utah. Hún hefur þótt hegða sér vel síðan hún sneri aftur til Los Angeles, og einbeitt sér að vinnu frekar en skemmtanalífinu. Orðrómur um endurtekna áfengisneyslu hennar hefur að vísu reglulega skotið upp kollinum, en aldrei hefur verið staðfest að söngkonan hafi fallið í freistni. Myndirnar frá Ítalíu sýna hins vegar og sanna að leikkonan er dottin af vagninum góða, sem svo oft er nefndur í þessu samhengi.

Lögmaður Lindsay sagði í viðtali við vefsíðuna Tmz.com að ekki væri öll von úti, þó að skjólstæðingi hans hefði fatast flugið. „Góðu fréttirnar eru þær að Lindsay stoppaði sjálfa sig af þetta kvöld, hringdi í stuðningsaðila sinn og sneri samstundis við blaðinu,“ sagði Blair Berk í samtali við síðuna. „Hér er enga töfralausn að fá. Það leiðinlega við þetta er að Lindsay þarf að deila sínu „einn dagur í einu-ferli“ með allri heimsbyggðinni,“ bætti hann við.



**FÉLL Í FREISTNI** Lindsay Lohan sást súpa á kampavíni um áramótin. Lögfræðingur hennar segir hana strax hafa snúið blaðinu við.

# Amy á Grammy

Amy Winehouse mun koma fram á Grammy-verðlaunahátíðinni sem fram fer í Los Angeles 10. febrúar næstkomandi. Hún aflýsti tónleikaferð sinni um Bandaríkin í september síðastliðnum, eftir að hún fór í áfengismeðferð. Hún áformar glæsilega endurkomu á verðlaunahátíðinni, en söngkonan er einmitt tilnefnd til sex Grammy-verðlauna.

„Amy er mjög spennt yfir því að hafa verið beðin um að syngja á Grammy-verðlaunahátíðinni,“ segir heimildarmaður Daily Mirror. „Hún ætlar að syngja einhvers konar soul- og motown-syrpu, og er meira að segja að íhuga möguleika á dúett með einhverjum bandarískum stjörnum, eins og Kanye West, sem hefur áður talað um að hann vilji vinna með henni,“ bætir hann við.

Amy gæti þó lent í einhverjum örðugleikum með að koma fram. „Eina mögulega vandamálið er að Amy mun þurfa vegabréfsáritun, þannig að hún vonar að nýleg handtaka hennar muni ekki valda vandræðum,“ segir heimildarmaðurinn. Uppákoman í Noregi á síðasta ári, þegar Winehouse var handtekin fyrir að hafa eiturlyf í fórum sínum, gæti líka orðið til vandræða.



**SPENNT YFIR GRAMMY-FRAMKOMU** Amy Winehouse ku vera afar spennt yfir því að syngja á Grammy-verðlaunahátíðinni, og vonast til að hún fái nauðsynlega vegabréfsáritun. NORDICPHOTOS/GETTY

# Átök um ástarsenu

Vandræðin við tökur á mynd Reese Witherspoon og Vince Vaughn, Four Christmases, halda áfram. Fyrir skömmu fréttist að leikurunum tveimur kæmi afar illa saman á tökustað, og hefðu mjög mismunandi hugmyndir um hvaða aðferðir myndu skila bestum árangri. Witherspoon þótti Vaughn ekkert undirbúinn, mæta illa og einbeita sér ekki nóg. Nú snúast átök þeirra hins vegar um kynlífsatriði.

„Reese er ekki sátt við kynlífssenuna í handritinu. Hún á að vera fyndin og galsafull, í anda „American Pie“, með fullt af árekstrum og hlátrasköllum, en Reese er svo mikil tepra að henni finnst þetta allt of mikið,“ segir heimildarmaður New York Post. Það hlýtur að teljast ólíklegt að Reese fari með sigur af hólmi í þessum átökum, þar sem Vince er einn framleiðenda myndarinnar.



**ÓSÁTT VIÐ KYNLÍFSATRIÐI** Reese Witherspoon er ekki sátt við fyndið kynlífsatriði í myndinni Four Christmases.



**FRAMLEIÐANDI** Vince Vaughn er líklegur til að vinna deiluna um ástarsenuna, þar sem hann er einn af framleiðendum myndarinnar.

# Britney á neyðarmóttöku

**Vandamál söngkonunnar Britney Spears náðu nýjum hæðum aðfaranótt föstudags. Hún og yngri sonur hennar, Jayden James, voru flutt á neyðarmóttöku Cedars-Sinai sjúkrahússins með sjúkrabíl, eftir að lögregla var kölluð að heimili hennar.**

Fregnir bárust af því að lögregla hefði komið að húsinu að kvöldi fimmtudags, eftir að Britney neitaði að láta börn sín af hendi. Lífverðir Kevins Federline, fyrrverandi eiginmanns hennar, komu á heimili söngkonunnar til að sækja drengina, þá Sean Preston og Jayden James. Federline hefur forræði yfir drengjunum, en Britney hefur takmarkaðan umgengnisrétt.

Samkvæmt heimasíðunni pagesix.com var söngkonan „móðursjúk, og vildi bara halda börnunum yfir nóttina“ þegar lögregla kom á staðinn. Aðrar heimildir herma að hún hafi læst sig inni á baðherbergi, og lögregla neyðst til að brjóta niður dyrnar. Auk lögreglubílanna bar sjúkrabíla einnig að heimili söngkonunnar. Lögfræðingar hjónana fyrrverandi komu báðir á heimili Spears, og skömmu síðar birtist Federline sjálfur. Rúmum þremur tímum eftir að lögregla kom á staðinn var söngkonan svo borin á börum í sjúkrabíl, sem ók rakleiðis á Cedars-Sinai sjúkrahúsið. Sonur hennar, Jayden James, var fluttur á sama sjúkrahús með öðrum bíl.

Ástæðan fyrir flutningi Spears á neyðarmóttökuna var sú að lögregla taldi hana vera „undir áhrifum óþekktra efna“. Pagesix greinir einnig frá því að líkamlegt ástand hennar hafi verið áhyggjuefni. Heimildarmaður þeirra segir að forræðisdeila hennar og Kevin Federline hafi valdið því að Spears hafi „lést gríðarlega mikið á síðustu vikum“. Spears er haldið undir eftirliti á spítalanum, þar sem grunur leikur á að hún gæti skaðað sjálfa sig eða aðra. Þar kemur einnig fram að Spears muni gangast undir geðrannsókn á sjúkrahúsinu, þó ekki liggi fyrir í hvaða formi hún verði.

Federline fylgdi syni sínum og barnsmóður á Cedars-Sinai sjúkrahúsið. Þangað komu einnig Jamie Spears, faðir söngkonunnar, og vinur hennar, Sam Lutfi. Í gær var reiknað með því að lögmaður Federline myndi flýta sér á fund dómara og fara fram á að Britney yrði svipt umgengnisrétti við börn sín, í ljósi atburða næturinnar.



**FLUTT Á SJÚKRAHÚS** Söngkonan var í annarlegu ástandi þegar lögregla kom á heimili hennar og var í kjölfarið flutt á neyðarmóttöku Cedars-Sinai sjúkrahússins, ásamt yngri syni sínum.




# Hugleikur vekur furðu þýskra

Stórblaðið þýska Der Spiegel birti nýverið mikla grein og viðtal við skopmyndateiknarann Hugleik Dagsson. Tilefnið er útgáfa bókar Hugleiks „Forðist okkur“ á þýsku en bókin hefur þegar vakið mikla athygli í Þýskalandi sakir frumlegra teikninga og húmors.

„Ég get ekki útskýrt vinsældir teikninga minna,“ segir Hugleikur meðal annars í samtali við hinn þýska blaðamann Henryk M. Broder en greinin er undir fyrirsögninni Strichmännchen mit Goldhändchen eða Strikmaður (sem er eins konar Óli prik en einnig sá sem teiknar strik) með gullhendur. „Eftir því sem það er einfaldara, því óhugnanlegra verður það: Teiknimyndahöfundurinn Hugleikur Dagsson þarf ekki nema örfá strik til að draga upp myndir sínar. En hann dregur þessi strik af þvílíku miskunnarleysi að margir vilja banna verk hans. En aðrir vilja rífa þau út úr höndunum á honum,“ skrifar Broder og leiðist ekki umfjöllunarefni sitt.

„Ég veit ekki hvernig foreldrum mínum datt það í hug,“ segir Hugleikur Dagsson spurður um merkingu nafns síns.

Broder bendir á að Hugleikur þýði „leikur að hugsunum“ og sé vinsælt hestanafn á Íslandi. „Greinilega höfðu foreldrar Hugleiks tilhneigingu til þess að vera ekki eins og fólk er flest. Sem er ekki svo óvenjulegt á Íslandi. Faðir hans, lærður sagnfræðingur og guðfræðingur, skrifaði frásagnir, móðirin þýddi leikrit. Hugleikur, sem er fæddur árið 1977 á Akureyri, gekk framan af í ósköp venjulegan skóla, en fór síðan í Listaháskólann í Reykjavík. Samt ætlaði hann sér alls ekki að verða listamaður, ekki einu sinni listkennari. „Ég prófaði allt mögulegt, alltaf í leit að sjálfum mér,“ segir Hugleikur Broder. - jbg



**TEIKNING EFTIR HUGLEIK**



**HUGLEIKUR DAGSSON** Sagður draga strik sín af þvílíku miskunnarleysi að sumir vilji banna teikningar hans.

# SÖNGNÁMSKEIÐ

## VORÖNNIN ER AÐ HEFJAST

**Fullorðins- og unglinganámskeiðin hefjast um miðjan janúar**


María Björk
Skólastjóri/Söngkona


Regína Ósk
Yfirkennari/Söngkona


Sessý
Söngkona/Kennari

**Söngskólinn er alltaf í leit að hæfileikaríku fólki**


Guðbjörg
Söngkona/Kennari


Jónsi
Söngvari/Kennari


Ágústa Ósk
Söngkona/Kennari


Emilía Björg
Söngkona/Kennari


Soffía Karlsdóttir
Söngkona/Kennari


Agnar Jón Egilsson
Leikstjóri/Leiklist
hjá Leynileikhúsinu.
nánarar á leynileikhusid.is

Á vorönn verður boðið upp á:
**5 ára og eldri:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið
**Unglingar:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið
**Fullorðnir:** Byrjenda- og framhaldsnámskeið.

Aldursskiptir hópar. Haldnir verða tónleikar á námskeiðinu og nemendur fá upptöku með söng sínum á geisladiski í lok námskeiðs.

**Markmið söngkennslunnar er að þjálfa nemendur í túlkun, raddbeitingu, sjálfsstyrkingu og framkomu.**
Skólinn leitast við að veita nemendum sínum tækifæri til að koma fram opinberlega, svo sem við hljóðritanir, framkomur í sjónvarpi og á öðrum vettvangi. Skólinn leitast við að hafa sérþjálfað starfslið sem eru atvinnumenn hver á sínu sviði.

## Forskóli!

**Við bjóðum upp á forskóla fyrir 3-5 ára krakka**

**ERUM ENNÞÁ MEÐ BESTA VERÐIÐ! 13 ÁRA REYNSLA**



**GESTUR Á NÁMSKEIÐI PÁLL ÓSKAR**



Söngvaborg kemur í heimsókn til yngstu krakkana.

**Söngskóli** MARÍU BJARKAR

Skráning og upplýsingar:
Sími: 588 1111 & 897 7922
poppskolinn@poppskolinn.is

Fákafeni 11 • www.poppskolinn.is • Sími 588 1111


JANÚAR
TILBOÐ
NÝ OG SPENNANDI TILBOÐ ÚT ALLAN JANÚAR
ACER FARTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
VERÐ FRÁ 46.900 KR
ÁPRENTANLEGIR OG Í HULSTRI
10DVD
ÁPRENTANLEGIR
10.stk áprentanlegir 16xDVD+R hágæða diskar frá Verbatim
890
500GB
HARÐDISKUR
Western Digital SATA2 diskur með 16MB buffer
7.990
Packard Bell
ME35
• Intel Core 2 Duo T2330
• 3GB DDR2 667MHz minni
• 160GB 5400RPM diskur
• 15.4" Diamond View skjár
• 256MB ATI X1250 skjást.
• Vista Home Premium
79.900
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu. Birt með fyrirvara um breytingar og villur
TÖLVUTEK
OPNUNARTÍMAR
OPIÐ Í DAG
LAUGARDAG
FRÁ 10-17
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

## > Alexander meiddur á ökkla

Alexander Petersson mun ekki spila með landsliðinu á mótinu í Danmörku þar sem hann meiddist á ökkla á æfingu og er kominn heim til Íslands þar sem hann fer í frekari skoðun og meðferð. „Hann er svo bólginn eftir þessar tvær æfingar og var farinn að haltra aftur þannig að við ákváðum að gefa honum fjögurra til fimm daga frí samkvæmt læknisráði. Ég hugsa samt að hann komi inn í þetta fljótlega og að þetta verði allt í lagi,“ sagði Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari í gær. Bjarni Fritzson fór út í morgun og tekur sæti Alexanders í hópnum.



sport

sport@frettabl

**KRISTJÁN EINAR KRISTJÁNSSON:** UNGUR OG EFNILEGUR ÖKUÞÓR Á UPPLEIÐ Í NÝJA-SJÁLANDI

# *Það er svona 45 til 50 stiga hiti í bílnum*

Einhver efnilegasti ökuþór landsins er hinn átján ára gamli Kristján Einar Kristjánsson. Hann er Íslandsmeistari í gokart-akstri en hefur nú tekið stórt stökk út í heim. Kristján Einar er þessa dagana staddur í Nýja-Sjálandi þar sem hann keppir í Toyota Racing Series, sem er lokaþáttur í lokaundirbúningi Kristjáns fyrir evrópska keppnistímabilið, en ekki er ljóst á hvaða mótaröð hann tekur þátt í. „Það er mikið æft og síðan er ég að lyfta þess á milli. Þetta er mikið ævintýri sem ég er kominn út,“ sagði Kristján Einar við Fréttablaðið frá Nýja-Sjálandi.

Upphaflega stóð til að hann tæki þátt í Formúlu BMW, sem er byrjendaformúla, en Kristján stóð sig það vel í prófunum að ákveðið var að láta hann taka þátt á sterkari mótaröð.

„Ég er ekki alveg búinn að átta mig á því hvað ég er kominn út í. Þetta hefur allt gerst ótrúlega hratt,“ sagði Kristján en umgjörðin í kringum hann er fyrsta flokks. Hann er á mála hjá flottu liði, er kominn með stóra styrktaraðila og nú er það undir honum komið að sýna hvað í honum býr. „Nú er loksins komið að mér. Það er mjög gott að komast hingað og fá nauðsynlega æfingu og reynslu í keppni á braut með öðrum þátttakendum. Ég hef litla sem enga keppnisreynslu og því er það dýrmætt að fá þessi mót hér úti. Þetta er erfitt enda er svona 45 til 50 stigi hiti í bílnum,“ sagði Kristján en hann hefur þótt sýna afburðahæfileika í prófunum og eru miklar vonir bundnar við hann.




12 DAGAR Í EM Í HANDBOLTA



**AÐ GERA ÞAÐ GOTT** Kristján Andrésson stendur sig vel í Svíþjóð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRÉS KRISTJÁNSSON

Spá Kristjáns Andréssonar:

## Skemmtilegt EM fyrir Ísland

**HANDBOLTI** Kristján Andrésson, þjálfari GUIF í sænsku deildinni, er bjartsýnn á gengi Íslands á Evrópumótinu i Noregi.

„Þetta er hörkuriðill þar sem liðið er með bæði Svíum og Frökkum. Ég ætla að reyna að komast til Þrándheims og skoða strákana og ég held að þetta komi til með að ganga mjög vel. Það eru margir ungir strákar í liðinu sem eru búnir að fá mikla reynslu síðustu ár eins og Snorri, Einar og Robbi. Síðan eru Óli og Guðjón Valur báðir ótrúlega góðir. Ísland þarf að fá vörnina og markvörsluna í gang og þá held ég að þetta verði mjög skemmtilegt Em fyrir Ísland,” segir Kristján sem segir að Svíarnir séu ekki búnir að gleyma tapinu á móti Íslandi í undankeppni HM sumarið 2006.

„Svíar bera mikla virðingu fyrir íslenska liðinu. Tapið var stórt sár í hjartað á Svíunum og þeir leggja því mikla áherslu á að vinna Ísland,” segir Kristján. - óój

Guðjón Valur Sigurðsson:

## Verðmiðinn 45 milljónir króna

**HANDBOLTI** Thorsten Storm, framkvæmdastjóri Rhein-Neckar Löwen, segist bjartsýnn á að fá íslenska landsliðsmanninn Guðjón Val Sigurðsson í herbúðir félagsins næsta sumar en Guðjón er samningsbundinn félaginu frá og með sumrinu 2009.

Löwen hefur lagt inn tilboð í Guðjón sem hefur ekki borið árangur enda vill Gummersbach fá 500 þúsund evrur fyrir hornamanninn, eða 45 milljónir íslenskra króna. Slíka upphæð vill Löwen ekki borga fyrir eina leiktíð. - hbg



# Klúðruðum þessu sjálfir

**Íslenska landsliðið tapaði með fjórum mörkum fyrir silfurliði síðasta heimsmeistaramóts í fyrsta leiknum á æfingamótinu í Danmörku sem landsliðsþjálfaranum fannst vera fúl úrslit miðað við ágæta frammistöðu liðsins.**

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið tapaði 31-35 fyrir Pólverjum í Lauritz Knudsen æfingamótinu í handboltahöllinni í Roskilde í Danmörku í gær. Pólverjar voru tveimur mörkum yfir í hálfleik, 15-13, en íslenska liðið var komið yfir þegar um sjö mínútur voru eftir en gerði of mörg mistök á lokakaflanum og kastaði frá sér sigrinum.

Alfreð Gíslason var ekki sáttur með of marga tapaða bolta en sá engu síður margt jákvætt í leik liðsins. „Þetta varð fjögurra marka tap að lokum sem voru fúl úrslit því við spiluðum þennan leik að mörgu leyti vel. Það má segja að við höfum klúðrað þessum leik sjálfir því við vorum með átján tapaða bolta í leiknum,“ sagði Alfreð en skotnýting íslenska liðsins var hins vegar ágæt þar sem 62 prósent skot skiluðu sér í markið.

„Við vorum með tólf tapaða bolta í fyrri hálfleik en miðað við það hvernig bæði liðin spiluðu þá áttum við að leiða leikinn með sex mörkum,“ segir Alfreð.

„Það hefur loðað við okkur og gerir enn að þegar við erum komnir yfir og erum að spila vel þá fara menn að taka of mikla áhættu. Við gefum mótherjanum því alltaf tækifæri á að koma inn í leikinn aftur,“ segir Alfreð. Liðið átti góðan kafla um miðjan seinni hálfleik en það var ekki nóg.

„Við lentum fjórum mörkum undir í seinni hálfleik en fórum þá að spila eins og menn aftur og vorum komnir einu marki yfir þegar sjö mínútur voru eftir. Þá kom sería af töpuðum boltum aftur,“ segir Alfreð sem var sérstaklega ósáttur við hvernig gekk að spila manni fleiri en íslenska liðið tapaði 0-5 þann tíma sem Pólverjar voru manni færri. Íslenska liðið var hins vegar að vinna þann tíma sem liðið var með mann í skammarkróknum.

„Það var margt gott í þessu. Þetta var miklu betra en í leik á sama tíma í fyrra og það var ekki eins og við höfum fengið mikla hjálp frá dómurum í seinni hálfleik sérstaklega. Þá var mikið af vafasömum dómum Pólverjum í hag,“ sagði Alfreð en íslenska liðið tapaði þá með tólf mörkum fyrir Noregi í fyrsta leik sínum á þessu sama móti.

Alfreð skoðaði sérstaklega þá leikmenn sem hafa verið að spila lítið.



**KÖFLÓTTUR** Logi Geirsson lék sinn fyrsta leik í nokkurn tíma og var með 5 mörk úr 10 skotum og 2 tapaða bolta. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Logi (Geirsson) átti allt í lagi leik en hann var samt svolítið köflóttur. Einar (Hólmgeirsson) átti erfitt með að finna fjölina sína og við verðum að fá hann betur inn í þetta. Sigfús (Sigurðsson) spilaði síðustu 20 mínúturnar í vörninni og var allt í lagi,“ sagði Alfreð.

„Vörnin var mjög góð fyrstu 20 mínúturnar og Roland varði líka mjög vel framan af leik. Markvarslan dalaði mikið í seinni hluta fyrri hálfleiks og í seinni hálfleik vörðu markverðirnir bara fimm skot sem er alltof lítið,“ sagði Alfreð.

„Þetta er sterkt mót og þessi undirbúingsmót gerast ekki sterkari,“ sagði Alfreð að lokum en hann býst við mjög öflugu norsku liði sem mætir Íslandi í hádeginu í dag.

ooj@frettabladid.is

NBA-deildin er búin að velja þá sem sköruðu fram úr í desembermánuði:

# Howard og Paul spiluðu best

**KÖRFUBOLTI** NBA-deildin hefur eins og venjan er gert upp síðasta mánuð með því að velja bestu leikmenn og þjálfara úr Austur- og Vesturdeildinni.

Dwight Howard, miðherji Orlando Magic, og Chris Paul, leikstjórnandi New Orleans Hornets, hafa verið valdir bestu leikmenn NBA-deildarinnar í desember, Howard í Austurdeildinni en Paul í Vesturdeildinni.

Nate McMillan, þjálfari Portland Trail Blazers og Flip Saunders, þjálfari Detroit Pistons, voru einnig valdir bestu þjálfarar mánaðarins og bestu nýliðarnir voru þeir Kevin Durant hjá Seattle SuperSonics og Yi Jianlian hjá Milwaukee Bucks.

Þetta er annar mánuðurinn í röð sem Dwight Howard er valinn bestur en hann var með 21,7 stig og 16,1 frákast að meðaltali í 15 leikjum Orlando en átta þeirra unnust.



**CHRIS PAUL** Stjórnaði sóknarleik New Orleans Hornets í desember og skoraði tvisvar yfir 40 stig. NORDICPHOTOS/GETTY

Chris Paul hefur leikið frábærlega með New Orleans en í desember var hann með 24,5 stig, 10,4 stoðsendingar og 3,0 stolna bolta að meðaltali í leik. Hornets-liðið vann 9 af þessum 14 leikjum, þar á meðal tvo leiki gegn Memphis þar sem þessi snaggaralegi bakvörður var með 41,5 stig, 9 stoðsendingar pog 4,5 stolna bolta að meðaltali.

Nate McMillan hefur náð frábærum og mjög svo óvæntum árangri með yngsta lið deildarinnar en Portland vann 13 af 15 leikjum sínum í desember en Detroit vann 15 af 17 leikjum sínum undir stjórn Flip Saunders.

Kevin Durant var með 19,7 stig að meðaltali í mánuðinum, en hann var valinn annar í nýliðavalinu í sumar. Kínverski framherjinn Yi Jianlian, sem var valinn sjötti, skoraði 12,1 stig og tók 6,6 fráköst að meðaltali í desember. - óój

## ÚRSLITIN Í GÆR

*LK-Bikarinn í Danmörku*

Ísland-Pólland 31-35 (13-15)

**Mörk Íslands (skot):** Guðjón Valur Sigurðsson 9 (9), Ólafur Stefánsson 7/1 (11/2), Logi Geirsson 5 (10), Róbert Gunnarsson 4 (4), Vignir Svavars son 3 (4), Arnór Atlason1 (2), Einar Hólmgeirsson 1 (4), Ásgeir Örn Hallgrímsson 1 (2), Snorri Steinn Guðjónsson 0 (4/1).

**Varin skot:** Roland Valur Eradze 9 (spilaði í 40 mín.), Birkir Ívar Guðmundsson 4)

**Mörk Póllands:** Karol Bielecki 6, Bartosz Jurecki 6, Tomasz Tluczylski 6/3, Krzysztof Lijewski 3, Michal Jurecki 3, Marcin Lijewski 3, Mariusz Jurkiewicz 3, Mateusz Jachlewski 2, Damian Wleklak 2, Patryk Kuchczylski 1, Bartlomiej Jaszka 1, Mariusz Jurasik 1.

Arsene Wenger, Arsenal:

## Beckham ekki á leið í Arsenal

**FÓTBOLTI** Stórstjarnan David Beckham mætti á æfingu með Arsenal í gær í viðleitni við að koma sér í betra líkamlegt ástand fyrir endurkomuna til LA Galaxy þegar MSL-deildin hefst að nýju í febrúar. „Við erum að hjálpa honum að komast í toppform og það er ekkert nema sjálfsagt mál að leyfa honum að æfa með liðinu,“ sagði Wenger og kvaðst ekki vera að reyna að fá hinn 32 ára gamla Beckham til þess að ganga til liðs við Lundúnaliðið. - óþ



**BIKARMEISTARAR** Chelsea hefur titilvörn sína gegn QPR í dag. NORDIC PHOTOS/GETTY

3. umferð FA-bikarsins:

## Úrvalsdeildarlið í eldlínunni

**FÓTBOLTI** Leikið verður í 3. umferð FA-bikarsins á Englandi á morgun og þá verða nokkur úrvalsdeildarlið í eldlínunni.

Bikarmeistarar Chelsea hefja titilvörnina með Lúndúnaslag gegn Queen's Park Rangers á Stamford Bridge og Hermann Hreiðarsson ferðast á sinn gamla heimavöll þegar Ipswich tekur á móti Portsmouth á Portman Road.

Ívar Ingimarsson og félagar í Reading verða án Brynjars Björns Gunnarssonar, sem tekur út leikbann, þegar þeir mæta í heimsókn til Tottenham aðeins viku eftir rosalega tíu marka rimmu liðanna á White Hart Lane. Englandsmeistarar Manchester United ferðast svo til Birmingham og leika gegn Aston Villa á Villa Park en þetta er í fjórða skipti á síðustu sjö árum sem liðin mætast í keppninni.

West Ham og Manchester City mætast í enn einni viðureign úrvalsdeildarliða í FA-bikarnum, sem og reyndar Sunderland og Wigan. - óþ



**MEÐ Í BÆÐI SKIPTIN** Páll Kristinsson tók þátt í að enda lengstu sigurgöngur frá upphafi tímabils. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Sigurganga Keflavíkur á enda:

## Friðrik endurtók leikinn

**KÖRFUBOLTI** Friðrik Ragnarsson, núverandi þjálfari Grindavíkur, hefur nú heiðurinn af því að stöðva tvær lengstu sigurgöngurnar frá upphafi tímabils undir núverandi fyrirkomulagi í úrvalsdeild karla í körfubolta.

Friðrik stýrði sínum mönnum í Grindavík til 98-76 sigurs á Keflavík á fimmtudagskvöldið en topplið Iceland Express-deildar karla hafði þá unnið tíu fyrstu leiki sína á árinu. Fyrir fjórum árum stjórnaði Friðrik einmitt Njarðvík til 104-95 sigurs á liði Grindavíkur sem hafði þá unnið fyrstu ellefu leiki sína á árinu.

Í báðum tilfellum höfðu lið Friðriks tapað á heimavelli í leiknum á undan, Grindavík lá með 15 stigum fyrir Njarðvík milli jóla og nýárs og fyrir fjórum árum tapaði Njarðvík síðasta leik ársins á heimavelli á móti Tindastól.

Einn leikmaður var með Friðriki í bæði skiptin en það var Páll Kristinsson, sem var með 11 stig og 11 fráköst á 23 mínútum í fyrrakvöld og 29 stig og 8 fráköst í leiknum fyrir fjórum árum. - óój

Skylmingamaðurinn Ragnar Ingi Sigurðsson ætlar sér að komast til Peking:

# Treystir á að fá fleiri styrki

**SKYLMINGAR** Skylmingamaðurinn Ragnar Ingi Sigurðsson keppir á fyrsta móti sínu á árinu um helgina en eftir frábært ár 2007 er þessi 31 árs Hafnfirðingur staðráðinn í að komast fyrstur íslenskra skylmingamanna inn á Ólympíuleikana sem fara fram í Peking í Kína í haust. Hann var á dögunum valinn íþróttamaður FH og hefur vakið mikla athygli fyrir frábæra frammistöðu með sverðið.

„Það væri bara glæsilegt að komast til Peking en það gæti verið erfitt. Það eru öll mót að telja ennþá í dag þannig að það er enginn búinn að tryggja sér keppnisrétt,“ segir Ragnar Ingi sem var í sérflokki hér heima á árinu 2007 auk þess að fara mikinn á alþjóðlegum vettvangi þar sem hann tryggði sér fjórða Norðurlandameistaratitilinn á fimm árum og sigraði í Norður-Evrópumótaröðinni.

Ísland er ekki með sterkt landslið í skylmingum og það hefur áhrif á hvaða leið Ragnar verður að fara til þess að komast inn á leikana. „Það koma flestir inn í liðakeppnina og heimslistann þar. Þeir sem komast í gegn með liðunum sínum keppa síðan einnig í einstaklingskeppninni.

### Á fleygiferð um heiminn

Langbestu liðin eru frá Evrópu og við eigum ekki möguleika á því að komast inn á venjulegan hátt þar sem að við erum ekki með gott lið. Það er því eini möguleikinn að fara í gegnum þetta úrtökumót,“ segir Ragnar sem verður á fleygiferð um heiminn næstu mánuði til þess að elta drauminn sinn um að komast til Kína í ágúst.

„Maður reynir að fara á þessi mót þar sem er þægilegra að ferðast. Það er búið að dreifa þessum mótum um heiminn og þessi mót eru mörg í Suður-Ameríku, Afríku og Asíu. Það fer svolítið hvaða pening maður fær á hvaða mót maður kemst. Ég fæ að vita það í byrjun ársins hvort ég fái eitthvað úr afrekssjóði,“ segir Ragnar.

„Ég er nýbúinn að fá styrk frá Hafnarfjarðarbæ og get því byrjað að skipuleggja fyrsta mánuðinn. Það þarf meira til því þetta eru mikil ferðalög. Maður setur stefnuna á að komast á Ólympíuleikana og svo verður bara að sjá hvað gerist,“ segir Ragnar Ingi sem vonast til að góður árangur sinn laði að fleiri krakka að skylmingum. Hann hefur séð mikinn mun frá því að hann fór að æfa á sínum tíma.

### Úrtökumótið verður í apríl

„Það er mikill uppgangur í skylmingunum og í dag er miklu meiri samkeppni en þegar maður var að byrja sjálfur. Krakkarnir eru í mikilli samkeppni og vinna til skiptis sem heldur þeim vakandi. En hugur Ragnars í dag er við Ólympíudrauminn.

„Nú er fram undan hjá mér undirbúningur fyrir úrtökumót fyrir Ólympíuleikana sem verður í apríl í Istanbúl. Þar eru tvö laus sæti fyrir þær Evrópuþjóðir sem hafa ekki tryggt sér keppnisrétt á leikunum. Þetta verður mjög erfitt og því skiptir það miklu máli að ná að undirbúa sig sem best fyrir þetta og komast á sem flest mót þangað til,“ segir Ragnar og verður spennandi að sjá hvort honum takist að brjóta blað í sögu íslenskra skylminga og komast alla leið á Ólympíuleikana í Peking. - óój



**ÍÞRÓTTAMAÐUR FH** Ragnar Ingi Sigurðsson hefur verið í sérflokki hér á landi undanfarin ár og var á dögunum kosinn íþróttamaður FH á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**KEISARINN** Franz Beckenbauer vill ekki útiloka að Mourinho verði næsti stjóri Bayern München. NORDIC PHOTOS/GETTY

Franz Beckenbauer:

## Mourinho gæti enn lært þýsku

**FÓTBOLTI** Franz Beckenbauer, forseti Bayern München, telur að José Mourinho gæti verið rétti maðurinn til þess að taka við starfi knattspyrnustjóra hjá þýska liðinu þegar núverandi stjóri þess, Ottmar Hitzfeld, yfirgefur liðið í júní næstkomandi, þrátt fyrir að „Keisarinn“ hafi látið hafa eftir sér að næsti knattspyrnustjóri München þurfi að vera þýskumælandi.

„Liðið þarf stórt nafn. Einhvern reyndan stjóra með góða hæfni og liðsskipulag sem getur jafnframt tjáð sig á þýskri tungu. José Mourinho er maður sem gæti uppfyllt þessar kröfur, því hann gæti hæglega verið í þýskunámi fram á sumar,“ skrifaði Beckenbauer í grein sinni í þýska dagblaðinu Bild. Hann bætti samt við: „Eini maðurinn sem ég get klárlega útilokað er ég sjálfur,“ skrifaði Beckenbauer. - óþ



## > Nicolas Cage

Leikarinn Nicolas Cage gekk í hjónaband í þriðja sinn árið 2004, aðeins tveimur mánuðum eftir að gengið var frá skilnaði hans og Lisu Marie Presley. Konan sem hann gekk að eiga heitir Alice Kim. Hún var þá tvítug, og vann sem þjónn á sushi-veitingastað. Nicolas Cage leikur í bíómyndinni The Weather Man sem er sýnd kl. 20.00 á Stöð 2 í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ DR. GUNNI REYNIR AÐ KOMA AUGA Á TÍÐARANDANN Í KASSANUM

# Löggur og læknar öll kvöld

Einu sinni voru feitir latir karlar sem bjuggu með gullfallegum konum í bandarískum úthverfum það sem manni var helst boðið upp á í kassanum á kvöldin. Um svipað leyti tröllriðu ömurlegir „raunveruleika"-þættir öllu. Þar var gullfallegt fólk bundið ofan í kommóðu fullri af kattahlandi og látið éta ósoðna rottuheila og fleira í þeim dúr.

Nú er ég ekki viss hvað er mest í tísku, hver tíðarandinn í kassanum er. Mér sýnist þó skálduð atburðarrás hjá rannsóknarlögreglumönnum eða fólki í heilbrigðisstéttum einna algengasta viðfang þáttanna. Kvöld eftir kvöld koma upp mál sem þessir hópar leysa. Á flest af þessu má glápa, þó ekki séu gæðin svakalega mikil. Bestur er morðinginn Dexter sem bráðlega fer aftur að drepa illþýði á Skjá einum, verstur Horatio Caine í glæpadeildinni í Míamí, sem er svo lélegur að það er nánast hlægilegt.



**HOUSE LEYSIR VANDANN**
Einu sinni í viku.

Í heilbrigðisgeiranum er House það eina sem ég nenni að sjá. Þættirnir eru reyndar ferlega keimlíkir, einhver verður veikari og veikari þar til Dr. House leysir málin, og það skiptir mig engu þótt ég missi af þætti. Gaman er að sjá Hugh Laurie svona fúlan og viðskotaillan, en hann hafði áður helst leikið álkulega menn í grínþáttum. Lufsan horfir hins vegar á flesta þessa þætti og segir að Grey's anatomy standi þeirra fremstur auk House.

Sem sagt, Löggur og læknar öll kvöld, og spurning hvort ekki sé grundvöllur til að fylgst sé með fleiri starfsstéttum? Hvað til dæmis með ævintýrum á innrömmunarstofu? Jones í Jones Framing fær nýjar myndir til innrömmunar í hverjum þætti og í framhaldi spinnast rosaleg ævintýri því auðvitað er ríkt leynilöggueðlið í Jones og hann á í eldheitu ástarsambandi. Og vitanlega á hann skemmtilegan hund sem hangir öllum stundum á stofunni.

## EKKI MISSA AF



▶ **21.00 Victoria's Secret Fashion Show** SKJÁR EINN



▶ **17.05 Aston Villa - Man. Utd.** SÝN



▶ **20.30 Laugardagslögin** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.45 A Dirty Shame** STÖÐ 2



▶ **21.30 Special Unit 2** SIRKUS

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar** 08.01 Gurra grís 08.06 Lítil prinsessa 08.16 Halli og risaeðlufatan 08.28 Bangsímon, Tumi og ég 08.53 Bitte nú! 09.15 Lína 09.25 Skúli skelfir 09.37 Matta fóstra og ímynduðu vinirnir hennar

**10.30 Kastljós**

**11.00 Bergkristall** e.

**12.30 Rave** e.

**13.00 Spielberg um Spielberg** e.

**14.30 Börn í vændishúsum** e.

**16.00 Íslandsmótið í körfubolta** Beint.

**17.40 Táknmálsfréttir**

**17.50 Útsvar** e.

**18.54 Lottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.40 Áramótaskaup Sjónvarpsins** Atburðir og persónur ársins 2007 í spéspegli. Hvað bar hæst á liðnu ári, um hvað var bloggað, hverjir gerðu upp á bak og hverjir ekki? Ástir, átök, spenna og dularfullir atburðir í fyrsta fjölþjóðlega Áramótaskaupinu. Helstu leikarar: Charlotte Böving, Dimitra Drakopoulou, Jón Gnarr og Þorsteinn Guðmundsson. Leikstjóri er Ragnar Bragason. e.

▶ **20.30 Laugardagslögin** Í þættinum verður litið um öxl og rifjað upp það markverðasta það sem af er vetri.

**21.35 Radíó** (Radio) Bandarísk bíómynd frá 2003.

**23.30 Morðið á Richard Nixon** Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.

**01.05 Frú Dalloway** e.

**02.40 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 First Daughter**

**08.00 Beauty Shop**

**10.00 The Perfect Man**

**12.00 Fjöslkyldubíó-Shark Tale**

**14.00 First Daughter**

**16.00 Beauty Shop**

**18.00 The Perfect Man**

**20.00 Fjöslkyldubíó-Shark Tale**

**22.00 Before Sunset** Rómantísk kvikmynd með Ethan Hawke og Julie Delpy í aðalhlutverkum. Myndin er framhald Before Sunrise sem sló í gegn fyrir nokkrum árum.

**00.00 Munich**

**02.40 Final Destination 3**

**04.00 Before Sunset**

## STÖÐ 2

**07.00 Hlaupin** 07.10 Barney 07.35 Magic Schoolbus 08.00 Algjör Sveppi 08.45 Dora the Explorer 09.10 Firehouse Tales 09.35 Kalli kanína og félagar 09.55 Ben 10.20 Willoughby Drive

**10.30 Scooby Doo 2. Monsters Unleashed**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.25 The Bold and the Beautiful**

**13.30 Sálin og Stuðmenn í Köben**

**14.30 Sálin og Stuðmenn í Köben**

**16.35 Örlagadagurinn** (30:30)

**17.10 Grey´s Anatomy** (9:22)

**18.00 Sjáðu**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**19.10 Phenomenon** (1:5) Glænýr, spennandi og skemmtilegur þáttur þar sem leitað er að næsta stórundrinu, þeim sem býr yfir tilkomumestu yfirnáttúrulegu hæfileikunum eða sjónvherfingum. Það eru engir aðrir en kunnustu sjónhverfingamenn heims Uri Geller og Chris Angel sem standa fyrir leitinni og bera þá ábyrgð að vega og meta hæfileika keppenda.

**20.00 The Weather Man** Nicholas Cage fer á kostum í þessari gamansömu kvikmynd um metnaðarfullan veðurfræðing sem fórnað hefur fjölskyldu sinni og einkalífi fyrir frama frægð. Einn góðan veðurdag áttar hann á þessum villum vega sinna og leitar leiða til að vinna aftur það sem hann hefur glatað. Aðalhlutverk. Michael Caine, Nicolas Cage, Hope Davis. Leikstjóri. Gore Verbinski. 2005. Bönnuð börnum.

▶ **21.45 A Dirty Shame** Kolsvört og snargeggjuð gamanmynd eftir drottningu subbugrínsins, John Waters, með Johnny Knoxville úr Jackass í aðalhlutverki. Aðalhlutverk. Tracey Ullman, Selma Blair, Johnny Knoxville. Leikstjóri. John Waters. 2004. Stranglega bönnuð börnum.

**23.15 Never Die Alone** Atvinnulaus blaðamaður verður óvart vitni að aftöku Davids, eiturlyfjakonungs hverfisins. David lifir ekki nema í stutta stund en nær samt að hafa varanleg áhrif á líf blaðamannsins sem reynir að bjarga lífi hans. Aðalhlutverk. DMX, Michael Ealy, Drew Sidora. 2004. Stranglega bönnuð börnum.

**00.40 Dark Water**

**02.25 Dumb and Dumberer. When Harry Met Lloyd**

**03.50 Laurel Canyon**

**05.30 Fréttir**

**06.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.30 Inside the PGA Tour 2007**

**08.25 Champions Tour 2008**

**08.50 Skills Challenge**

**10.50 NFL - Upphitun**

**11.20 NBA körfuboltinn**

**13.20 Spænski boltinn - Upphitun**

**13.50 Inside Sport**

**14.20 FA Cup - Preview Show 2008**

**14.50 Ipswich - Portsmouth FA Cup 2007** Bein útsending frá leik Ipwich og Portsmouth í enska bikarnum.

▶ **17.05 Aston Villa - Man. Utd. FA Cup 2007** Bein útsending frá leik Aston Villa og Man. Utd í ensku bikarkeppninni.

**19.10 Mallorca - Barcelona Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Mallorca og Barcelona í spænska boltanum.

**20.50 Espanyol - Villarreal Spænski boltinn** Bein útsending frá leik Espanyol og Villarreal í spænska boltanum.

**22.50 Box.** Miguel Cotto - Shane Mosley

## SÝN 2

**12.55 English Premier League 2007/08**

**13.50 Masters Football** (Midland Masters) Gömlu brýnin leika listir sínar, stjörnur á borð við Matt Le Tissier, Glen Hoddle, Ian Wright, Paul Gascoigne, Lee Sharpe, Jan Mölby og Peter Beardsley. UK Masters cup er orðin gríðarlega vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

**16.10 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum. Leikmenn heimsóttir, gömlu stjörnurnar leitaðar uppi og svipmyndir af æðinu fyrir enska boltanum um heim allan.

**16.40 PL Classic Matches**

**17.10 PL Classic Matches**

**17.40 1001 Goals**

**18.40 Man. Utd. - Birmingham**

**20.20 Arsenal - West Ham**

**22.00 Masters Football**

## SKJÁREINN

**11.30 Vörutorg**

**12.30 Dr. Phil** (e)

**14.45 Less Than Perfect** (e)

**15.15 According to Jim** (e)

**15.40 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)

**16.40 The Bachelor** (e)

**17.25 The Drew Carey Show** (e)

**18.00 Giada´s Everyday Italian** (e)

**18.30 7th Heaven** Bandarísk unglingasería sem hefur notið mikilla vinsælda í Bandaríkjunum undanfarinn áratug. Hún hóf göngu sína vestan hafs haustið 1996 og er enn að.

**19.30 I Trust You To Kill Me** (e)

▶ **21.00 Victoria´s Secret Fashion Show 2007** Flottustu fyrirsætur heims flagga sínu fegursta á árlegri tískusýningu undirfatarisans Vicoria's Secret. Þetta er glæsileg sýning og ávallt beðið með mikilli eftirvæntingu í tískugeiranum. Kryddípurnar í stúlknasveitinni Spice Girls taka lagið í fyrsta sinn í sjónvarpi síðan þær komu saman á ný. Einnig syngur söngvarinn Seal dúett með eiginkonu sinni, ofurfyrirsætunni Heidi Klum.

**22.00 House** (e)

**23.00 Jason X** Hrollvekjandi spennumynd frá árinu 2001. Þetta er tíunda myndin í "Friday the 13th" hrollvekjuröðinni og hún gerist í framtíðinni þegar jörðin er ekki lengur íbúðarhæf. Mannfólkið er flutt á aðrar plánetur en í einni rannsóknarferðinni til jarðar finnast tveir frosnir mannslíkamar. Hópurinn ákveður að taka þá með sér til baka og afþýða þá. Það hefðu þau betur látið ógert.

**00.30 Law & Order** (e)

**01.30 Californication** (e)

**02.05 C.S.I. Miami** (e)

**02.50 C.S.I. Miami** (e)

**03.35 Vörutorg**

**04.35 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4**. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 19.10
### Phenomenon

Glænýr, spennandi og skemmtilegur þáttur þar sem leitað er að næsta stórundrinu, þeim sem býr yfir tilkomumestu yfirnáttúrulegu hæfileikunum eða sjónvherfingum. Það eru engir aðrir en kunnustu sjónhverfingamenn heims, Uri Geller og Chris Angel, sem standa fyrir leitinni og bera þá ábyrgð að vega og meta hæfileika keppenda. Eftir stendur Stóra undrið, sá keppandi sem hrífur þá Geller og Angel mest með hæfileikum sínum.




### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ
### Mallorca - Barcelona
### Sýn kl. 19.10

Mikið er um að vera í spænsku deildinni í dag. Stærsti leikurinn fer þó fram á sólríku eyjunni Mallorku þar sem heimamenn taka á móti Barcelona. Ronaldinho er ekki í leikmannahópnum hjá Barcelona en fastlega er gert ráð fyrir því að Eiður Smári verði í byrjunarliðinu.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.50** Bæn
**07.05** Óskastundin
**08.00** Morgunfréttir
**08.05** Útúr nóttinni... og inní daginn
**09.03** Út um græna grundu
**10.15** Kvika
**11.00** Vikulokin
**12.00** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Krossgötur
**14.00** Til allra átta
**14.40** Í húsinu heima
**15.20** Brot af íslenskri menningarsögu: Það þarf tvo í tangó
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.08** Veðurfregnir
**16.10** Orð skulu standa
**17.00** Flakk
**18.00** Kvöldfréttir
**18.24** Auglýsingar
**18.26** Hundur í útvarpssal
**18.52** Dánarfregnir og augýsingar
**19.00** Heimur óperunnar
**20.00** Sagnaslóð
**20.40** Hvað er að heyra?
**21.30** Úr gullkistunni
**22.15** Krakkar mínir, komið þið sæl!
**23.10** Villtir strengir og vangadans
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**15.00 Hollyoaks** (91.260)
**17.30 X-Files** (e)
**18.15 Skífulistinn**
**19.10 Mangó** (6.6)
**19.35 George Lopez Show, The** (5.18) (e)
**20.00 Logi í beinni** Nýr spjallþáttur í umsjá Loga Bergmanns Eiðssonar. 2007.
**20.35 Lovespring International** (1.13) Nýr léttgeggjaður gamanþáttur sem gerist hjá stefnumótaþjónustu.
**21.05 Big Day** (1.13) Ný gamanþáttaröð sem fjallar á stórskemmtilegn hátt um hinar mörgu spaugilegur hliðar á undirbúningnum fyrir stóra brúðkaupsdaginn.
▶**21.30 Special Unit 2** (1.19) Gamansamir bandarískir spennuþættir þar sem við fylgjumst með sérdeild sem rannsakar allra óvenjulegustu málin sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, mál sem oftar en ekki eru af yfirnáttúrulegum toga.
**22.15 Wildfire** (3.13) Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðarhestinum Wildfire.
**23.00 Mangó** (6.6) Sigurvegararnir í sjónvarpsþættinum Leitinni, þau Sara, Eiríkur og Hallur eru loksins mætt til leiks með sinn eigin sjónvarpsþátt. Mangó er skemmtiþáttur í anda 70 mínútna og Strákanna, þar sem allt getur gerst, svo lengi sem það er hressilegt og fyndið.
**23.25 Skífulistinn**
**00.15 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## BBC PRIME

**10.30** EastEnders **11.00** Ever Decreasing Circles **11.30** The Weakest Link **12.15** The Weakest Link **13.00** What not to Wear **14.00** Popcorn **15.00** Land of the Tiger **16.00** Wild Indonesia **17.00** EastEnders **17.30** EastEnders **18.00** My Hero **18.30** My Hero **19.00** My Dad's the Prime Minister **19.30** Mad About Alice **20.00** Vital Signs **20.45** Vital Signs **21.30** Little Britain **22.00** Grumpy Old Men **22.30** The Mighty Boosh **23.00** EastEnders **23.30** EastEnders **0.00** Vital Signs **0.45** Vital Signs **1.30** Little Britain **2.00** Grumpy Old Men **2.30** The Mighty Boosh **3.00** Wild Indonesia

## DR 1

**6.50** Disney Sjov **10.00** Året der gik i kongehuset **11.00** TV Avisen **11.10** Hjerteflimmers Nytårsbal **12.10** Boogie Update **12.35** Family Guy **13.00** Året der gik **14.00** Året der gik **15.00** aHA Nytår **16.10** Før søndagen **16.20** Held og Lotto **16.30** Kaj og Andrea som babyer - nok engang! **17.00** Mr. Bean **17.30** TV Avisen med vejret **17.55** SportNyt 18.00 aHA Nytår **19.00** Sport 2007 **21.00** Inspector Morse **22.40** Anklaget **23.20** Jamen, man skyder da divaer?

## NRK 1

**9.00** NRKs sportslørdag **9.50** V-cup alpint **10.30** Tour de Ski **11.25** V-cup skiskyting **12.45** Tour de Ski **14.00** V-cup skiskyting **15.15** Hoppuka **16.30** NM volleyball **17.00** Jubalong **17.30** Gaven **18.00** Lørdagsrevyen **18.45** Lotto-trekning **18.55** Idrettsgalla 2008 **20.35** Med hjartet på rette staden **21.20** Ørkenslottet **22.15** Kveldsnytt **22.30** Keno **22.35** Being Julia **0.15** Korte grøss **0.35** Dansefot jukeboks med chat

## SVT 1

**12.00** Andra Avenyn **12.30** Pistvakt **14.00** Skidskytte: Världscupen **15.35** Vinterstudion **16.00** Sportens årskrönika **17.00** BoliBompa **17.05** Disneydags **18.00** Livet enligt Rosa **18.30** Rapport **18.45** Sportnytt **19.00** Stjärnorna på slottet **20.00** Trettondagsfeber **21.00** Kommissarie Lynley **22.30** Rapport **22.35** Out of Practice **23.00** Bullitt **0.50** Sändningar från SVT24


VORNÁMSKEIÐIN HEFJAST Í FEBRÚAR

# Nám í tónvinnslu og lagasmíðum

- í samstarfi við Digidesign framleiðanda Pro-Tools



**Tónvinnsluskólinn „Sponsored Digidesign School"**
Nýlega gerðu Tónvinnsluskólinn og Digidesign með sér samstarfssamning um þjálfun nemenda í Pro-Tools og kallast nú Tónvinnsluskólinn „Digidesign Sponsored School".
Þetta veitir okkur rétt til að kenna til alþjóðlega viðurkennds prófs Pro-Tools 101 og Pro-Tools 110. 101 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools til eigin hagsmuna við lagasmíðar og upptökur meðan að 110 gráðan gerir mönnum kleift að nota Pro-Tools í hljóðversumhverfi atvinnumannsins.

**Veitir rétt til framhaldsnáms**
Eftir að hafa tekið þessi próf geta nemendur farið beint í 201 og 210 gráðurnar erlendis sem gerir menn að viðurkenndum „Pro-Tools Operator" sem gefur möguleika á störfum hér og erlendis í hljóðverum og kvikmyndaverum.

**Hvernig klárar maður lag frá A til Ö**
Að öðru leiti er námskeiðið óbreytt, farið er í ferlið frá því að hugmynd að lagi kviknar þar til lag er tilbúið til útgáfu, hvernig gengið er frá hljómablöðum (lead sheets) og samskiptum í hljóðveri.
Kennt er á midi, hljóðforritið **Melodine**, farið í almennar upptökur, míkrófóntækni og staðsetningar, eftirvinnslu, hljóðblöndun og lokahljóðjöfnun. Námið tekur 4 mánuði eða 160 klst.

**Námskeiðin hefjast í febrúar.**

**Skráningar í síma 534 9090 eða á heimasíðunni www.tonvinnsluskoli.is**

digidesign PRO TOOLS

TÓNVINNSLUSKÓLI ÞORVALDAR BJARNA
Sponsored Digidesign School

## PERSÓNAN



*Jón Viðar Jónsson*

**Aldur:** 52 ára.
**Starf:** Leiklistargagnrýnandi og forstöðumaður Leikminjasafns Íslands.
**Hjúskaparstaða:** Einhleypur.
**Foreldrar:** Jón Aðalsteinn Jónsson og Vilborg Guðjónsdóttir.
**Búseta:** Boðagranda 7.
**Stjörnumerki:** Krabbi.

Jón Viðar Jónsson leikhúsgagnrýnandi er úti í kuldanum hjá Leikfélagi Reykjavíkur.

# Pabbi Bjarkar ósáttur við vodkafréttir

„Þetta hefur alltaf verið svona, þessi afbrýðisemi hefur alltaf verið fyrir hendi," segir Guðmundur Gunnarsson, pabbi Bjarkar Guðmundsdóttur, en frétt ástralskra fefmiðla um meinta vodkadrykkju hennar á föstudögum hefur farið eins og eldur í sinu um netið og ratað inn á margar af helstu fréttaveitum heims. Þar á meðal er Morgunblaðsvefurinn en í vikunni mátti sjá fjörlegar og stundum ákaflega rætnar umræður meðal hinna svokölluðu moggabloggara um Björk í kjölfar þessarar fréttar.



**VOLTA-FERÐALAG** Björk er nú í Ástralíu þar sem vodkafréttin fór af stað.

Guðmundur fór mikinn á bloggsíðu sinni á föstudaginn þar sem hann taldi af og frá að Björk þambaði heilan lítra af vodka, hvorki blandaðan né óblandaðan. Þaðan af síður þegar hún væri á tveggja ára tónleikaferðalagi um heiminn sem krefðist breyttra lífshátta í bæði mataræði og drykkjuvenjum. En Guðmundur harmaði það ekki síður að aldraðir foreldrar hans væru dregnir inn í einhverjar órökstuddar og fráleitar drykkjufréttir. „Þeir tóku þetta mjög nærri sér og menn skyldu muna að aðgát skal höfð í nærveru sálar," segir Guðmundur.

Hingað til hefur einkalíf þjóðþekktra Íslendinga fengið aðra meðferð hjá valinkunnum fjölmiðlum en þær erlendu. Aðspurður hvort Björk njóti ekki sömu friðhelgi og íslensk starfssystkin sín segir Guðmundur: „Þetta hefur ekkert breyst á undanförnum árum, þetta hefur einfaldlega alltaf verið svona." - fgg



**ÓSÁTTUR** Guðmundur telur það af og frá að Björk hafi nokkurn tímann drukkið heilan lítra af vodka, hvorki óblandaðan né blandaðan.



**LÁRÉTT**
**2.** glansa **6.** í röð **8.** mælieining **9.** hald **11.** tveir eins **12.** teygjudýr **14.** ljúka **16.** nafnorð **17.** sunna **18.** tunna **20.** gylta **21.** glufa.

**LÓÐRÉTT**
**1.** selur **3.** 950 **4.** planta **5.** fiskur **7.** skemmtun **10.** frostskemmd **13.** hólf **15.** vingjarnleiki **16.** lík **19.** tvíhljóði.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gljá, **6.** rs, **8.** mól, **9.** tak, **11.** il, **12.** amaba, **14.** klára, **16.** no, **17.** sól, **18.** áma, **20.** sú, **21.** rauf.
**LÓÐRÉTT: 1.** urta, **3.** lm, **4.** jólarós, **5.** áll, **7.** samkoma, **10.** kal, **13.** bás, **15.** álúð, **16.** nár, **19.** au.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Hannes Þ. Sigurðsson.
2. 830 þúsund.
3. Maltöli.

VIKTOR MÁR BJARNASON: TALAR INN Á GOLDEN COMPASS

# Íslenskur leikari í kvikmynd með stórstjörnum

Viktor Már Bjarnason er sennilega einn örfárra íslenskra leikara sem geta státað af því að vera í sömu mynd og Bond-leikarinn Daniel Craig og Nicole Kidman, en það er stórmyndin The Golden Compass sem nú er verið að sýna hér á landi. En þótt leikaranum sjálfum hafi brugðið ekki fyrir sjálfum heyrist rödd hans nokkuð hátt og snjallt þar sem hann spyr hvort það sé ekki hægt að fá kaffi hérna í einu atriðanna.

„Leikstjóri í skólanum mínum úti í Bretlandi benti mér á að hringja í umboðsmann fyrir erlendar raddir sem rekur heimasíðuna foreignlegion.co.uk en hún hefur að geyma alls konar erlend tungumál á hljóðskrám," segir Viktor en hann var í höfuðstað Norðurlands þegar Fréttablaðið náði tali af honum þar sem hann er að æfa leikritið Fló á skinni með Leikfélagi Akureyrar. „Þar geta leikstjórar náð sambandi við leikara eða raddir þegar þarf að talsetja með erlendum hreim og eftir því sem ég best veit er ég eini Íslendingurinn sem völ er á, enn sem komið er," útskýrir Viktor.

Og síðan var mætt í prufur í London í apríl á síðasta ári ásamt þó nokkrum öðrum Norðurlandabúum; Svíum, Dönum og Norðmönnum. Þátttakendurnir fengu síðan að horfa á atriði úr stórmyndinni sem ekki voru fullfrágengin og síðan látnir segja nokkrar setningar. Að sjálfsögðu var þeim gert að skrifa undir trúnaðarsamkomulag um að það sem sæist á þessum tíma úr myndinni læki ekki út fyrir hússins dyr. Atriðið þar sem rödd Viktors heyrist á sér stað í Noregi og leikarinn var sannfærður um að hafa heyrt í sér og að aðrir kvikmyndahúsagestir gætu vel greint hina ylhýru tungu í kvikmyndinni.

Viktori bauðst síðan tækifæri nokkuð seinna að koma aftur til London og segja aðrar vel valdar íslenskar setningar. „En mér fannst það ekki þess virði, fjárhagslega. Þegar ég síðan sá myndina dauðsá ég eftir þeirri ákvörðun því þær línur voru nokkuð margar en þá höfðu augljóslega verið fengnir einhverjir Englendingar til að stauta sig framúr þeim." freyrgigja@frettabladid.is



**RÖDDIN** Viktor Már heyrist spyrja hvort það sé ekki hægt að fá kaffi hérna í kvikmyndinni The Golden Compass.



**STÓRMYND** Daniel Craig og Nicole Kidman eru í aðalhlutverkum í stórmyndinni.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

*Á meðan íslenskir pókerspilarar bíða milli vonar og óvonar eftir niðurstöðu úr svokölluðu Gizmo-máli geta þeir yljað sér við útsendingar íslenskra sjónvarpsstöðva frá alþjóðlegum stórmótum í þessari ört vaxandi „íþróttagrein". Skjár einn hyggst nefnilega blanda sér í baráttuna um hylli áhugamanna um pókermennsku og frumsýna á föstudaginn umfjöllun um World Poker Tour. Sýn og* ***Gísli Ásgeirsson*** *hafa hingað til setið ein að umfjöllun um spilið en nú er ljóst að fleiri hafa góð spil á hendi.*



Póker virðist því vera kominn í sömu stöðu og hnefaleikar fyrir nokkrum árum þegar beinar útsendingar frá erlendum bardögum voru tíðar en Íslendingar máttu ekki kýla hvern annan í hringnum. Skjáreimur hefur nefnilega bætt við sig stöðinni **Poker Channel** þar sem helstu trixin eru kennd. Hins vegar er tekið skýrt fram hjá sjónvarpsfélaginu að: „að sjálfsögðu hvetjum við fólk til að leggja ekki peninga undir pókerspilið því það er jú ólöglegt á Íslandi."



Fjölmiðlar greindu frá því í fyrra að tökulið á vegum nýjustu Star Trek-myndarinnar væri væntanlegt hingað til lands á þessu ári. Framleiðslufyrirtækin Saga Film og Pegasus hafa barist um hylli kvikmyndatökuliðsins, sem hefur hins vegar lítið látið frá sér heyra og bíða því Íslendingarnar upp á von og óvon hvort þeir fái verkefnið. Það fyrirtæki sem hreppir hnossið gæti hins vegar komist í álnir enda eru stórstjörnur á borð við **Eric Bana**, Winonu Ryder og Simon Pegg á meðal leikenda. - fgg




PENZIM

Penzim fyrir húðina, liðina og vöðvana



Dr. Jón Bragi Bjarnason, prófessor í lífefnafræði, hefur unnið að rannsóknum og þróun Pensímtækninnar um áratuga skeið og er hún nú einkaleyfisvarin um allan heim.

ÍSLENSK NÁTTÚRUVARA UNNIN ÚR SJÁVARRÍKINU UMHVERFIS ÍSLAND



Penzim fæst í apótekum og heilsubúðum um land allt.

penzim.is

Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


# Unnur Birna dómari í hundakeppni

Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, fyrrverandi alheimsfegurðardrottning, er einn dómara í hæfileikakeppni hunda sem fram fer í dag. Keppnin, sem kölluð er Hunda-idol, er haldin á vegum B&L bílaumboðsins, og fylgir titillinn Hyundai-hundurinn fyrsta sætinu. Unnur Birna hefur verið þekkt fyrir mikinn áhuga á hestamennsku, en hún segir hundana ekki síður mikilvæga.

„Kannski eru það bara dýr yfirleitt. Við eigum þrjá hunda heima og kött, svo þetta er hálfgerður dýragarður," útskýrir Unnur Birna. „Það hefur verið hundur á mínu heimili frá því að ég fæddist, og ég held að ég gæti ekki verið án þess, ef ég hugsa til framtíðar," segir hún.

Á heimilinu eru tíkurnar Ynja og Dimma og labradorinn Skuggi. Dimma er þrílitur Cavalier King, en Ynja er hins vegar síberískur sleðahundur. „Hún er bara eins árs, og er ekki alveg fullvaxin. Við fengum hana sem hvolp, og þá var hún voðalega sæt og saklaus. Henni er farið að kippa í kynið núna, hún er orðin stór og stæðileg," segir Unnur Birna og hlær við, enda sleðahundarnir ekki þekktir fyrir að vera penir.

Hundakeppnin er sú fyrsta sem Unnur Birna dæmir í, þó að hún hafi nokkra reynslu af dómarastörfum í bæði fegurðar- og söngvakeppnum. „Ég held nú samt að sú reynsla nýtist ekki beint í þetta, en það verður gaman að prófa," segir hún og hlær. Hún ætlar ekki heldur að skrá sína hunda til keppni. „Ég ætla ekkert að draga þá með mér í þetta, enda væri það ekki sanngjarnt," segir Unnur Birna. - sun



**HESTAR OG HUNDAR** Unnur Birna hefur löngum verið þekkt fyrir hestamennskuna, en hún á einnig þrjá hunda.


Farðu á slóðina www.gobeyond.com og Land Rover netsjónvarpið tekur þig alla leið.
LAND ROVER RANGE ROVER
Farðu alla leið
HLS 247
Range Rover Buckingham SE
TDV8 – Ein umtalaðasta díselvél síðari ára (Twin Turbo, 272 hö. og 640 Nm), aðgerðastýri, 20" álfelgur, bakkmyndavél, rafmagnssæti með minni, 11 hátalara HI-FI hljómkerfi, hæðarstillanleg loftpúðafjöðrun, hituð framrúða, hiti í sætum, Terrain Response drifkerfi, Bluetooth símkerfi, Xenon ljós, RR dráttarbeisli og margt fleira.
Verð 10.700.000 kr.
Aukalega á þessum bíl: Supercharger grill og felgur
www.landrover.is
B&L
Með bílinn handa þér
LAND-ROVER
B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200
GO BEYOND

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



Sími: 552-1900 Vesturgata 6-8
Veitingahúsið Kínamúrinn
Veisluþjónusta - Hlaðborð - Pinnaveisla - Sushi - Tilboð
Stór glæsilegur útsölumarkaður af Jólagjafavörum
11:30-18:30 þri.-sun.
Allar nánari upplýsingar á Greatwall.is




**BAKÞANKAR**
Gerðar Kristnýjar

## *Einu sinni var...*

Frönsku þættirnir Einu sinni var... voru skemmtilegir. Þar birtust Fróði og félagar og sögðu frá því sem drifið hafði á daga jarðarinnar og íbúa hennar frá árdögum. Ekki var látið staðar numið í nútímanum því síðustu þættirnir veittu innsýn í framtíðina. Þá voru þetta tómar getgátur en nú er greinilegt að í þeim mátti finna sannleikskorn því að undanförnu hefur mér virst sem við værum einmitt stödd í þessum síðustu þáttum Einu sinni var ...

**EKKI** er það þó hlýleg rödd Guðna Kolbeinssonar sem segir frá heldur ábúðarfullir fréttamenn sem skýra frá sömu menguninni og þarna birtist. Frakkar virðast ekki nenna að Disney-væða heiminn því sömu náttúruverndarsjónarmiðin birtast í bókunum um Barbapapa. Í menntaskóla reið sú tíska yfir að hárið skyldi standa á endum og til þess þurfti þar til gerðan úða. Ekki beitti ég honum án þess að hugsa um ósonlagið og fannst eins og örlög þess væru í höndunum á mér, 16 ára unglingnum.

**Í** Háskólanum gerðum við vinkona mín síðan útvarpsinnslag þess efnis að leigubílstjórar hefðu vélina alltaf í gangi á meðan þeir biðu farþega. Ekki get ég séð að umfjöllun okkar hafi breytt miklu þegar mér verður nú gengið framhjá leigubílaröðum. Í millitíðinni hef ég líka gert mér grein fyrir því að svona eiturspúandi raðir eru ekki bara hér á Íslandi, heldur úti um allan heim. Við stöllur hefðum þurft að fara víðar með upptökutækið en um Vesturbæinn til að breyta hugarfari ökumanna.

**EKKERT** okkar var saklaust og síst af öllu ég sem hafði ekki bara úðað hömlulaust á mér hárið, heldur líka oft ekið um á bíl og jafnvel leyft mér þann munað að rúnta heilu kvöldin. Það er ekki fyrr en nú á síðustu misserum sem ábyrgðin á gróðurhúsaáhrifunum hefur verið losuð mjúklega úr krepptum lúkum Litla mannsins. Ráðamenn heimsins hafa kippt höfðinu úr sandinum – sumir þó með lunta. Ráðstefnur hafa verið haldnar um hlýnun jarðar og þeir, sem fyrstir gerðu sér grein fyrir því að komið var í óefni, verið verðlaunaðir.

**NÚ** hlýtur loksins eitthvað að fara að gerast, enda eins gott fyrir þessa valdamiklu menn vilji þeir fá nöfn sín í sögubækurnar fyrir eitthvað annað en að hafa skellt skollaeyrum við hættu sem ætti að falla undir glæpi gegn mannkyninu. Ég man nefnilega eftir því úr barnatímunum að risaeðlurnar fórust í náttúruhamförum og enn hef ég engan hitt sem séð hefur eftir þeim.



**GÓÐAN DAG!**
Í dag er laugardagurinn 5. janúar, 5. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11:15 | 13:33 | 15:51 |
| Akureyri | 11:27 | 13:17 | 15:09 |

Heimild: Almanak Háskólans


